






Ársskýrsla 2017




Lykiltölur

EBITDA 3.535 m. kr.	Eiginfjárlutfall 49,9%	Handbært fé 2.800 m.kr
Veltuhraði birgða 7,62	EBITDA/framlegð 31,2%	Arðsemi eigin fjár 16,1%





N1 ÁRSSKÝRSLA 2017



Rekstur	2017	2016	2015	2014	2013
Vörusala	34.608.441	33.767.896	49.018.433	56.960.198	58.122.174
Framlegð	11.340.145	11.201.358	10.168.519	9.604.720	9.127.391
EBITDA	3.535.365	3.624.845	3.011.848	2.668.349	1.783.336
EBIT	2.528.476	4.175.249	2.295.309	1.921.153	1.067.297
Heildar afkoma ársins	1.989.828	7.177.407	1.815.020	1.616.735	637.906

Efnahagur	2017	2016	2015	2014	2013
Fastafjármunir	19.131.703	17.854.234	11.175.996	11.201.768	11.806.009
Veltufjármunir	8.524.714	7.768.027	7.608.835	11.588.542	14.992.372
Eignir samtals	27.656.418	25.622.261	18.784.831	22.790.310	26.798.381
Eigið fé	13.811.779	12.571.949	7.731.070	11.258.949	15.151.842
Langtímaskuldir	9.484.715	8.150.379	6.814.600	6.712.763	6.867.128
Skammtímaskuldir	4.359.923	4.899.933	4.239.161	4.818.598	4.779.411
Skuldir samtals	13.844.638	13.050.312	11.053.761	11.531.361	11.646.539
Nettó vaxtaberandi skuldir	5.238.052	4.775.301	3.971.750	2.025.309	990.089

N1 ÁRSSKÝRSLA 2017

Sjóðstreymi	2017	2016	2015	2014	2013
Handbært fé frá rekstri	2.375.790	3.478.115	4.250.391	3.958.547	4.553.689
Fjárfestingarhreyfingar	-2.268.133	-991.741	-471.955	937.865	490.887
Fjármögnunarhreyfingar	392.601	-2.697.916	-5.968.636	-6.327.368	-1.521.657
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	500.258	-211.542	-2.190.200	-1.430.956	3.522.919
Gengismunur af handbæru fé	33.390	5.605	33.472	40.642	-11.010
Handbært fé í lok tímabils	2.800.082	2.266.434	2.472.372	4.629.100	6.019.414

Aðrar lykiltölur	2017	2016	2015	2014	2013
Eldsneyti - seldir lítrar án flugeldsneytis	225.000	234.497	255.838	233.361	224.010
Eldsneyti - seldir lítrar bensín	57.848	60.827	57.793	55.877	55.596
Eldsneyti - velta	23.285.448	22.773.136	38.701.718	46.792.675	46.755.706
Aðrar vörur - velta	11.322.993	10.994.760	10.316.715	10.167.523	11.366.468
Framlegð í %	32,8%	33,2%	20,7%	16,9%	15,7%
Laun og annar	40,2%	37,8%	38,2%	39,9%	41,5%
starfsmannakostnaður/framlegð					
Kostnaður/framlegð	72,7%	70,9%	74,2%	77,4%	84,5%
EBITDA vöxtur *	-2,5%	20,4%	12,9%	49,6%	-32,7%
EBITDA framlegð	31,2%	32,4%	29,6%	27,8%	19,5%
Veltuhraði birgða	7,6	8,0	12,0	12,1	9,4
Eldsneyti	9,8	11,3	17,2	16,3	12,0
Aðrar vörur	4,7	4,4	4,4	4,3	4,1
Biðtími birgða í dögum (DIO)	48	46	30	30	39
Biðtími krafna í dögum (DSO)	29,8	29	25	25	26
Eiginfjárhlutfall	49,9%	49,1%	41,2%	49,4%	56,5%
Arðsemi eigin fjár	16,1%	39,2%	19,9%	11,9%	4,5%

N1 ÁRSSKÝRSLA 2017

Aðrar lykiltölur	2017	2016	2015	2014	2013
Arðsemi bundins fjármagns (ROCE) *	12,7%	29,8%	15,4%	10,0%	5,1%
Veltufjárlutfall	2,0	1,6	1,8	2,4	3,1
Lausafjárlutfall	1,3	1,0	1,2	1,8	2,2
Nettó vaxtaberandi skuldir**/EBITDA *	1,4	1,1	1,1	0,6	1,7
Innra virði hlutafjár	55,2	50,3	22,1	16,1	15,2
Hagnaður á hlut	8,3	9,7	3,4	1,7	0,7
Fjárfestingar	-2.525.409	-1.200.724	-536.497	-444.545	-1.474.536
Starfsmannafjöldi að meðaltali í heilsársstörf	545	532	521	560	600
Stöðugildi í árslok umreiknuð í heilsársstörf	507	502	490	454	489

Ávarp

**Margrét Guðmundsdóttir stjórnarformaður
og Eggert Þór Kristófersson forstjóri N1 hf.**

Árið 2017 var gott ár í rekstri félagsins ekki síst vegna þess að framhald varð á aukningu ferðamanna til landsins þrátt fyrir minni vöxt en á síðustu árum. Mikil þróun hefur verið í innlendri verslun á síðustu misserum og tók félagið þátt í henni með kaupum á Festi hf. sem rekur meðal annars Krónuna og Elko, en nú er beðið eftir samþykki Samkeppniseftirlitsins. Eins og undanfarin ár var lögð áhersla á áframhaldandi hagræðingu á öllum sviðum en ljóst er að innlendar kostnaðarhækkunarir eru orðnar miklar og þrýstingur á frekari kostnaðarhækkunarir vofir yfir. Kaupin á Festi eru stórt skref í þeirri vegferð að tryggja hagræðingu í rekstri.

Samfélagið

N1 hefur lagt ríka áherslu á samfélagslega ábyrgð og hefur sú afstaða félagsins endurspeglast í öllum rekstri þess og stuðningi við samfélagið sem við störfum í. Það var því mikill heiður og ánægja að N1 skyldi fá viðurkenningu Creditinfo, fyrst félaga á Íslandi, fyrir samfélagslega ábyrgð. Þetta er sérstaklega ánægjulegt fyrir þær sakir að starfsemi N1 er víðtæk og nær til alls landsins og stór hluti bæði landsmanna og ferðamanna eru daglega í tengslum við félagið.

Á árinu undirritaði N1 samstarfssamning við Orku náttúrunnar um uppsetningu og þjónustu rafhleðslustöðva sem settar voru upp við þjónustustöðvar félagsins. Markmiðið með samningnum er að gera viðskiptavinum N1 kleift að ferðast hringinn í kringum landið á rafmagnsbílum og njóta í leiðinni veitinga á Nestisstöðvum N1. Var samstarfið við ON á árinu afar farsælt en um mitt árið gátu viðskiptavinir N1 hlaðið rafmagnsbíla sína á þjónustustöðvum milli Reykjavíkur og Akureyrar og áfram til Egilsstaða.

Enn á ný er N1 leiðandi á umhverfissvænum lausnum fyrir bifreiðaeigendur, enda fyrst olíufélaga til að hefja sölu á metani og innlendum biodísil og í áraraðir höfum við blandað bætiefnum í bæði dísil og bensín.

Áfram hefur verið haldið að votta þjónustustöðvar N1 samkvæmt umhverfisstaðlinum ISO 14001 og umhverfisstefnu N1. Lokið hefur verið við að votta nítján stöðvar og er stefna félagsins að allar þjónustustöðvar N1 fái ISO vottun. Sjónum hefur einnig verið beint að

viðskiptavinum sem koma inn á stöðvarnar og áhersla lögð á að bæta gæði veitinga með hollustu í huga. Samstarf við íslenska bændur um markaðssetningu á lambakjöti og aukin áhersla á vegan valmöguleika eru liðir í þeirri þróun. Einnig er aðfangakeðja félagsins í sífelldri endurskoðun með tilliti til samfélagslegrar ábyrgðar og nær endurskoðunin til allra deilda.

Rekstur N1 gerir kröfu um að allt starfsfólk hafi sterka vitund um umhverfis- og öryggismál. Til að viðhalda þekkingu starfsmanna á þessu sviði hefur N1 haldið öryggismánuð í febrúar undanfarin sex ár. Þá eru uppfærðar neyðar- og viðbragðsáætlanir, einkum tengdar umhverfi og öryggi, ásamt rekstri og öryggi starfsfólks. Í öðrum stöðlum sem fyrirtækið uppfyllir, svo sem frá Michelin og ExxonMobil, er einnig lögð rík áhersla á umhverfismál og meðhöndlun úrgangs.

N1 er vel undirbúið undir ný lög um jafnlaunaúttektir. Félagið fékk jafnlaunavottun VR fyrst olíufélaga þann 19. júní 2015 á 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna og hefur viðhaldið þeirri vottun allar götur síðan. Jafnlaunaúttektin greinir upplýsingar um raunverulegan launamun kynja og er það mikið ánægjuefni að geta sýnt fram á að N1 greiðir sömu laun fyrir sambærileg störf óháð kyni eða þjóðerni.

Ánægja starfsfólks er okkur mikilvæg og árlega er gerð ítarleg ánægjukönnun meðal starfsmanna. Á þessu ári var niðurstaða hennar jákvæð miðað við árið á undan. Þriðja árið í röð vorum við kosin fyrirmyndarfyrirtæki af Creditinfo, sem er viðurkenning fyrir góðan og stöðugan rekstur.

Veigamikill þáttur í samfélagslegri ábyrgð N1 er að styrkja íþróttar- og æskulýðsstarf um allt land. N1 mótið hefur verið haldið á Akureyri í yfir 30 ár, en þar keppa strákar á aldrinum 11 til 12 ára í knattspyrnu og er þetta mót orðið stærst sinnar tegundar á Íslandi. N1 er einn af bakhjörum Knattspyrnusambands Íslands (KSÍ) og nýlega var endurnýjaður samstarfssamningur til þriggja ára. Meginefni samningsins er að halda áfram uppbyggingarstarfi íslenskrar knattspyrnu m.a. með því að standa á bak við Hæfileikamótun KSÍ þar sem við aðstoðum við að finna landsliðsmenn og landsliðskonur komandi kynslóða.

Nýja vörumerkið, Dælan, sem býður aðeins eitt lágt verð og engan afslátt, var kynnt á vormánuðum 2016 og hefur fest sig í sessi hjá þeim hópi viðskiptavina sem leggur mesta áherslu á lágt verð og enga þjónustu. Dælustöðvarnar eru þrjár talsins, í Mjódd, við Smáralind og í Fellsmúla.

Á árinu var ráðist í endurbætur á fjölmörgum þjónustustöðvum félagsins og fengu m.a. stöðvar N1 við Leiruna á Akureyri, Blönduósi og Bíldshöfða andlitslyftingu og eru nú hluti af Nestiskeðju N1. Að auki var ráðist í endurbyggingu söluskálans á Þórshöfn sem brann í janúar. Íbúar Þórshafnar voru afar ánægðir með þessa ákvörðun enda gegnir söluskálinn mörgum hlutverkum og er miðpunktur í daglegu félagslífi bæjarins.

Hluthafar

Aðalfundur N1 hf. var haldinn 21. mars. Á fundinum var samþykkt að greiða 750 m.kr. arð til hluthafa. Í stjórn voru kjörin þau Helgi Magnússon, Kristín Guðmundsdóttir, Margrét Guðmundsdóttir, Jón Sigurðsson og Þórarinn Viðar Þórarinsson. Á fyrsta stjórnarfundinum eftir aðalfund var Margrét Guðmundsdóttir endurkjörin formaður stjórnar og Helgi Magnússon varaformaður. Á árinu störfuðu þrjár undirnefndir stjórnar, endurskoðunarnefnd, starfskjaranefnd og fjárfestingarráð. Endurskoðunarnefnd var skipuð Maríu Sólbergdóttur endurskoðanda sem var formaður, en auk hennar sátu stjórnarmennirnir Kristín Guðmundsdóttir og Þórarinn V. Þórarinsson í nefndinni. Starfskjaranefnd var skipuð tveimur stjórnarmönnum, þeim Margréti Guðmundsdóttur, sem var formaður og Helga Magnússyni. Í Fjárfestingarráði sátu Jón Sigurðsson formaður og Eggert Þór Kristófersson.

Þann 16. febrúar 2017 var birt afkomuspá fyrir árið 2017 á þá leið að EBITDA ársins yrði á bilinu 3.400 - 3.500 m.kr. Sú spá var uppfærð í 3.500 - 3.600 m.kr. við kynningu á fyrsta árshlutauppgjöri sem birt var 26. apríl. Stór erlend verslun var opnuð í maí sem hafði mikil áhrif á smásölumarkaðinn á Íslandi og á sama tíma varð talsverð lækkun á olíuverði og styrking á íslensku krónunni gagnvart Bandaríkjadollar sem hafði neikvæð áhrif á afkomu N1 þannig að annar ársfjórðungur var undir væntingum okkar og markaðsaðila. En þrátt fyrir talsverða ágjöf varð niðurstaðan sú að EBITDA í ársreikningi félagsins varð 3.535 m.kr. og 3.605 m.kr. að teknu tilliti til kostnaðar við kaupin á Festi. Árið 2017 einkenndist á margan hátt af áframhaldandi hagræðingu í rekstri og var afkoma ársins rétt undir því sem hún var árið 2016 sem skilaði besta árangri félagsins frá stofnun.

Í lok árs 2017 er eiginfjárlutfall 49,9% en markmið félagsins er að hafa það 30 – 35% og mun það markmið nást með kaupunum á Festi.

Frá skráningu á markað árið 2013 hefur félagið greitt hluthöfum samtals 13.940 m.kr. í aðgreiðslur og lækkun hlutafjár. Markaðsvirði félagsins nam 28,5 milljörðum króna í árslok 2017 og var ávöxtun hluthafa 2017 neikvæð um 9%. Árleg ávöxtun frá skráningu hefur verið 31,7% að teknu tilliti til arðgreiðslu og lækkunar hlutafjár.

Kaup N1 á Festi

Þann 3. október 2017 var skrifað undir samning vegna kaupa N1 hf. á öllu hlutafé í Festi hf. Kaupsamningurinn byggir á viljayfirlýsingu sem N1 hf. og SF V slhf. skrifuðu undir þann 9. júní sl. um helstu skilmála viðskiptanna og niðurstöðu áreiðanleikakönnunar á Festi hf.

Festi sérhæfir sig í rekstri verslunarfyrirtækja og rekur 27 verslanir undir merkjum Krónunnar, ELKO, Nóatúns, Kjarvals og Kr, en félagið á einnig og rekur Bakkann vöruhótel. Festi á 18 fasteignir sem eru annaðhvort í leigu til verslana félagsins eða til þriðja aðila og er heildarstærð fasteignanna um 71.500 fermetrar. Heildarvelta Festi var rúmir 39 milljarðar króna á rekstrarárinu sem lauk 28. febrúar 2017.

Viðskiptin eru meðal annars háð skilyrðum um samþykki Samkeppniseftirlitsins. Þann 31. október 2017 skilaði félagið inn samrunaskrá til Samkeppniseftirlitsins sem hefur nú samkeppnisleg áhrif samrunans til rannsóknar. Niðurstöður Samkeppniseftirlitsins eru væntanlegar 18. apríl 2018. Gangi viðskiptin eftir er gert ráð fyrir að þeim ljúki í lok 2. ársfjórðungs 2018. Gangi viðskiptin eftir er gert ráð fyrir að þeim ljúki í lok 2. ársfjórðungs 2018.

Undirnefndir stjórnar

Starfskjaranefnd

Stjórn N1 hf. hefur skipað starfskjaranefnd. Hlutverk nefndarinnar er að vera leiðbeinandi fyrir stjórn um starfskjör stjórnarmanna og stjórnenda félagsins og ráðgefandi um starfskjarastefnu, sem tekin skal til endurskoðunar ár hvert og lögð fyrir aðalfund félagsins. Skal nefndin jafnframt fylgjast með að starfskjör æðstu stjórnenda séu innan ramma starfskjarastefnu félagsins og gefa stjórn skýrslu þar um árlega í tengslum við aðalfund. Stjórn félagsins skal kjósa þrjá menn til setu í starfskjaranefnd. Skal meirihluti nefndarmanna vera óháður félaginu og daglegum stjórnendum þess.

Í starfskjaranefnd má hvorki forstjóri félagsins né annar starfsmaður eiga sæti. Óháðir stjórnarmenn mega eiga sæti í starfskjaranefnd. Haft skal að leiðarljósi að nefndarmenn hafi reynslu og þekkingu á viðmiðum og venjum við ákvörðun starfskjara stjórnenda. Starfskjör nefndarmanna skulu ákveðin á aðalfundi. Í starfsreglum stjórnar skal kveðið á um störf nefndarinnar.

Í starfskjaranefnd sitja Margrét Guðmundsdóttir stjórnarformaður og Helgi Magnússon.

Endurskoðunarnefnd

Stjórn N1 hf. hefur skipað endurskoðunarnefnd fyrir félagið í samræmi við ákvæði laga um ársreikninga.

Í henni skulu sitja eigi færri en þrír nefndarmenn og skal meirihluti þeirra vera óháður N1 hf. Nefndin skal skipuð til eins árs í senn á fyrsta stjórnarfundinum eftir aðalfund. Meirihluti nefndarmanna skal vera stjórnarmenn N1 hf. og stjórn félagsins skal tilnefna formann. Nefndarmenn skulu hafa þekkingu og reynslu í samræmi við störf nefndarinnar og skal að minnsta kosti einn nefndarmanna hafa staðgóða þekkingu og reynslu á sviði reikningsskila eða endurskoðunar.

Starfskjör nefndarmanna skulu ákveðin á aðalfundi. Nefndinni er ætlað að hafa eftirlit með endurskoðun ársreikninga og mat á störfum endurskoðenda til að tryggja frekara öryggi og vönduð vinnubrögð

við endurskoðunina. Samkvæmt reglum um störf nefndarinnar skulu tveir stjórnarmenn valdir í nefndina auk eins utanaðkomandi sérfræðings. Nefndin skal halda a.m.k. fjóra fundi á ári og aukafundi þegar formaður telur þörf á því.

Í nefndinni sitja þau Kristín Guðmundsdóttir stjórnarmaður, Þórarinn V. Þórarinnsson stjórnarmaður og María Sólbergdóttir endurskoðandi sem er formaður endurskoðunarnefndar.

Hlutverk endurskoðunarnefndar er eftirfarandi:

Að hafa eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila.

Að hafa eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits N1, áhættustýringu og öðrum eftirlitsaðgerðum.

Að hafa eftirlit með endurskoðun ársreiknings N1.

Að setja fram tillögu til stjórnar um val á endurskoðendum eða endurskoðunarfyrirtæki.

Að meta óhæði endurskoðenda eða endurskoðunarfyrirtækis og hafa eftirlit með öðrum störfum endurskoðenda eða endurskoðunarfyrirtækis.

Framkvæmdastjórn

Framkvæmdastjórn N1 er skipuð lykilstarfsmönnum félagsins þar sem hver framkvæmdastjóri ber ábyrgð á tilteknu sviði gagnvart forstjóra. Tekið skal fram að meðlimir framkvæmdastjórnar N1 eru ekki með kaupréttarsamninga við félagið. Engin hagsmunatengsl eru á milli meðlima framkvæmdastjórnar og helstu viðskiptaaðila eða samkeppnisaðila félagsins sem og stórra hluthafa í félaginu. Á árinu 2017 voru haldnir 19 stjórnarfundir, 8 fundir í endurskoðunarnefnd og 3 fundir í starfskjaranefnd. Meirihluti stjórnar, endurskoðunarnefndar og starfskjaranefndar hefur mætt á alla fundi. Endurskoðunarnefnd boðar endurskoðendur félagsins á fundi reglulega auk þess sem þeir mæta á stjórnarfundum séu endurskoðuð eða könnuð uppgjör til umfjöllunar.

Framkvæmdastjórn

Framkvæmdastjórn N1 er skipuð lykilstarfsmönnum félagsins þar sem hver framkvæmdastjóri ber ábyrgð á tilteknu sviði gagnvart forstjóra.



Eggert Þór Kristófersson
Forstjóri

Eggert er fæddur árið 1970. Á árunum 1995-1997 starfaði hann hjá VÍB hf. sem ráðgjafi í einstaklingsþjónustu. Eggert var forstöðumaður sölu og þjónustu hjá Lánasýslu ríkisins 1997-1999 og starfaði hjá Íslandsbanka-FBA og Íslandsbanka hf. 2000-2004 þar sem hann bar ábyrgð á skuldabréfastöðu bankans í eigin viðskiptum. Á árunum 2005-2007 var Eggert framkvæmdastjóri rekstrarfélags verðbréfasjóða Íslandsbanka og síðar Glitnis banka hf. Árið 2008 starfaði Eggert sem framkvæmdastjóri eignastýringar Glitnis banka á Íslandi og í Finnlandi en ári síðar gekk hann til liðs við fjárfestingafélagið Sjávarsýn ehf. þar sem hann gegndi starfi framkvæmdastjóra. Eggert tók við starfi framkvæmdastjóra fjármálasviðs N1 í júní árið 2011 og tók við starfi forstjóra N1 í febrúar 2015. Eggert er stjórnarformaður Malik Supply A/S og Nordic Marine Oil. Hann er með Cand. oecon. gráðu frá endurskoðunarsviði viðskiptafræðideildar Háskóla Íslands og er jafnframt löggiltur verðbréfamiðlari.



Guðný Rósa Þorvarðardóttir
Framkvæmdastjóri einstaklingssviðs

Guðný Rósa er fædd árið 1963. Hún starfaði sem markaðs- og innkaupastjóri hjá Skeljungu frá árinu 1995 þar til í apríl 2005 þegar hún varð markaðsstjóri Parlogis hf. Í september 2005 tók Guðný Rósa síðan við sem framkvæmdastjóri Parlogis þar sem hún starfaði í 10 ár eða þar til hún varð framkvæmdastjóri einstaklingssviðs N1 í apríl 2015. Guðný Rósa hefur setið í stjórn Félags atvinnurekenda, Lífeyrissjóðs verzlunarmanna og GS1 á Íslandi. Hún er með Cand. Oecon. gráðu í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands.



Hinrik Örn Bjarnason
Framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs

Hinrik er fæddur árið 1972. Hann starfaði sem sölustjóri hjá SÍF hf. og dótturfélögum 1998-2003, m.a. í tvö ár í Englandi. Í upphafi árs 2003 tók Hinrik við starfi forstöðumanns útflutningssviðs Samskipa og gegndi því til 2007. Árin 2007-2008 starfaði hann hjá Landsbankanum sem yfirmaður erlends sjávarútvegsteymis bankans sem sá m.a. um fjármögnun á alþjóðlegum sjávarútvegsfyrirtækjum. Frá 2009 og þar til í janúar 2013 starfaði Hinrik í Hamborg sem framkvæmdastjóri Eimskips í Þýskalandi. Hinrik hóf störf sem framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs hjá N1 um miðjan janúar árið 2013. Hinrik er í stjórn G2 Brenna Holdings Ltd. Hann er með Cand.oecon. gráðu í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands.

**Kolbeinn Finnsson****Framkvæmdastjóri rekstrarsviðs**

Kolbeinn er fæddur árið 1964 og er með B.Sc. gráðu í hagfræði frá Háskóla Íslands. Hann á að baki langan starfsferil hjá N1 og forvera félagsins, Olíufélaginu hf. Kolbeinn starfaði á fjármálasviði Olíufélagsins hf. 1987-1991 og var deildarstjóri hagdeildar 1991-2001. Árin 2001-2007 var Kolbeinn starfsmannastjóri og yfirmaður upplýsingatæknimála ásamt því að sitja í framkvæmdastjórn félagsins. Árið 2007 tók Kolbeinn svo við starfi framkvæmdastjóra starfsmannasviðs N1, en nafni sviðsins var breytt á árinu 2015 í rekstrarsvið.

**Pétur Hafsteinsson****Framkvæmdastjóri fjármálasviðs**

Pétur er fæddur árið 1979. Hann starfaði á endurskoðunarsviði KPMG 2004-2007. Árið 2007 hóf Pétur störf hjá N1 sem sérfræðingur í hagdeild en árið 2011 tók hann við sem yfirmaður deildarinnar. Í apríl 2015 tók Pétur svo við starfi framkvæmdastjóra fjármálasviðs. Hann er með Cand. oecon. gráðu frá endurskoðunarsviði viðskiptafræðideildar Háskóla Íslands og M.Acc. gráðu frá sama skóla í reikningshaldi og endurskoðun.

Innra eftirlit og áhættustýring

Félagið kappkostar að halda uppi fullnægjandi innra eftirliti á hinum ýmsu sviðum. Það felst í eftirliti með starfsemi félagsins í því skyni að koma í veg fyrir og greina hugsanleg mistök, yfirsjón eða sviksemi. Reikningshald og hagdeild félagsins sinnir innra eftirliti á útistöðvum N1 með reglulegu eftirliti. Valdís starfsmenn sinna eftirliti með öllu sem viðkemur rekstri útsölustöðva N1. Virk gæða- og umhverfisstjórnunarkerfi N1 eru reglulega tekin út af ytri úttektaraðilum, t.d. SGS, Vottun hf. og

Exxon Mobil. Stjórn N1 hefur falið endurskoðunarnefnd það hlutverk að hafa eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits félagsins, áhættustýringar og annarra eftirlitsaðgerða. Markmið áhættustýringar er að greina, hafa eftirlit með og lágmarka þá áhættu sem félagið býr við. Unnið er eftir áhættustýringarstefnu sem samþykkt er af stjórn.

Reglugerðir er varða starfsemi N1

Starfsemi N1 lýtur ýmsum opinberum reglugerðum og er að mestu leyti háð starfsleyfi. Starfsleyfi eru gefin út af hálfu heilbrigðiseftirlits viðkomandi sveitarfélags vegna tiltekins útsölastaðar eða athafnasvæðis í samræmi við lög og reglugerðir sem um starfsemina gilda. Starfsleyfi hanga uppi á viðkomandi útsölastað sýnileg viðskiptavinum. Hér má sjá þær reglugerðir sem eiga sérstaklega við þá tegund rekstrar sem N1 stundar en þær varða eldsneyti, eiturefni og hættuleg efni, spilliefni, innflutning og vöruhús.

Lög nr. 40/2013 um endurnýjanlegt eldsneyti
 Lög nr. 61/2013 efnalög
 Lög nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda
 Lög nr. 87/2004 um olúgjald og kílómetragjald o.fl með síðari breytingum, síðast 125/2015
 Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir
 Reglugerð 884/2017: Um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi
 Reglugerð 263/2017 og 1019/2017: Um breytingu á reglugerð nr. 960/2016 um gæði eldsneytis
 Reglugerð 960/2016: Um gæði eldsneytis
 Reglugerð 471/2016: Um kerfi til endurheimtar bensínufu
 Reglugerð 46/2016: Um brennisteinsinnihald í tilteknu fljótandi eldsneyti
 Reglugerð 888/2015: Um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni („REACH“)
 Reglugerð 415/2014: Um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna
 Reglugerð 870/2013: Um söfnun gagna um innflutning, geymslu og sölu á eldsneyti
 Reglugerð 1020/2011: Um rafhlöður og rafgeyma
 Reglugerð 1022/2010: Auglýsing um flutningsjöfnunargjald á olíuvörum 1175/2014
 Reglugerð 809/1999: Um olíuúrgang
 Reglugerð 806/1999: Um spilliefni

Það er öllum aðgengilegt að koma ábendingum til fyrirtækisins í gegnum heimasíðu N1, www.n1.is. Utanaðkomandi kvartanir eru skráðar í sérstakan gagnagrunn sem haldið er utan um og leyst úr hjá ábyrgðaraðila. Á hverju ári eru úttektir á starfsleyfissskyldri

starfsemi N1 hjá heilbrigðiseftirliti viðkomandi sveitarfélags, úr þeim er unnið í samráði við viðkomandi heilbrigðiseftirlit.

Umhverfissóhapp varð í Grófarlæk í Fossvogsdal sem rakið var til starfsemi N1 að Stórahjalla í Kópavogi. Uppruni mengunarinnar var yfirfallsrör úr þró sem tengt var regnvatnslögn þar sem smurolía lak á milli. Yfirfallsrörið var óþekkt og ekki á teikningum en fannst við myndun lagna neðanjarðar. Það var grafið upp og lokað fyrir, skipt var um olíusorageymi og viðvörunarbúnaður yfirfarinn og efldur. Allar aðgerðir voru unnar í samvinnu við og með samþykki Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis. Í framhaldi fóru sérfræðingar N1 í gegnum allar teikningar og lagnir við olíusorageyma og mengunarvarnbúnað smurstöðva N1, yfirfóru og betrubættu leiðbeiningar fyrir hverja starfsstöð út frá eldri vinnulýsingu og efldu fræðslu.

N1 hefur eins og önnur fyrirtæki sem vinna með persónuupplýsingar hafið undirbúning fyrir hið nýja regluverk er varðar persónuverndarlöggjöf Evrópusambandsins. Í maí 2018 ætlar N1 að vera komið vel á veg í innleiðingu til að standast kröfur reglugerðarinnar varðandi vinnslu persónuupplýsinga og tryggja að unnið sé samkvæmt persónuverndarstefnu félagsins. Innleiðing reglugerðarinnar er eitt af umbótaverkefnum félagsins. Til að uppfylla kröfur um aukin réttindi einstaklingsins hafa vinnslur sem með einhverjum hætti varða persónuupplýsingar verið kortlagðar. Þá hefur verið komið upp ferli til að tryggja aðgengi einstaklingsins að upplýsingunum sem og innleitt verklag sem snýr að tilkynningarskyldu til Persónuverndar ef upp koma öryggisilvik. En GDPR skapar ekki bara áskoranir heldur líka fjölmörg tækifæri. Nú þegar hefur fyrirtækið gripið til ákveðinna aðgerða sem snerta meðferð persónuupplýsinga starfsfólks og viðskiptavina og notfært sér undirbúningsvinnuna til að gera innri kerfi og ferla enn skilvirkari. Umbótaverkefni í tengslum við að auka gæði gagna skapa tækifæri til að gera markaðsstarfið meira viðeigandi og einstaklingsmiðaðra. Einnig geta viðskiptavinir okkar treyst því að vinnsla með persónuupplýsingar sé gagnsæ og samkvæmt umboði hins skráða. Við erum þess vegna fullviss um að með því að standast kröfur reglugerðarinnar muni upplifun einstaklinga vera aukið virði í viðskiptum við N1.

Úrskurðir og dómar tengdir N1

1. Úrlausnir dómstóla og yfirvalda á árinu 2017

Eftirtaldir úrskurðir og dómar sem varða N1 féllu á árinu 2017:

Ákvarðanir Neytendastofu:

- a. Ákvörðun nr. 1/2017 frá 16. janúar 2017. Komist var að þeirri niðurstöðu að tiltekinn texti sem notaður var í markaðssetningu Dælnnar væri ekki í samræmi við lög nr. 57/2005. Var lagt fyrir N1 að hætta notkun textans.
- b. Ákvörðun nr. 31/2017 frá 29. september 2017. Lögð var sekt á N1 að fjárhæð krónur 500 þúsund þar sem tiltekinn texti sem áður hafði verið talið að óheimilt væri að birta var enn notaður í auglýsingum N1. Var um að ræða efni sem láðst hafði að eyða.

Ákvarðanir Persónuverndar:

- a. Ákvörðun nr. 2016/1187 frá 22. ágúst 2017. Úrskurðað var að birting myndar af kvartanda og bifreið kvartanda hefði ekki samrýmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Viðurkenndi N1 að um mistök hefði verið að ræða.

2. Fyrri ákvarðanir Neytendastofu

Ákvarðanir Neytendastofu þar sem N1 hefur verið talið brjóta gegn lögum nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu:

- a. Ákvörðun nr. 2/2013
- b. Ákvörðun nr. 42/2012
- c. Ákvörðun nr. 22/2012
- d. Ákvörðun nr. 29/2009

3. Annað

Í júní 2013 tilkynnti Samkeppniseftirlitið að það hefði ákveðið að hefja markaðsrannsókn á íslenska eldsneytismarkaðnum. Um er að ræða nýtt form rannsókna, sem felur í sér athugun á því hvort grípa þurfi til aðgerða gegn aðstæðum eða háttsemi sem koma í veg fyrir, takmarka eða hafa skaðleg áhrif á samkeppni almenningi til tjóns. Rannsókn Samkeppniseftirlitsins beinist því ekki sérstaklega að félaginu sjálfu heldur eldsneytismarkaðnum í heild. Frummatsskýrsla Samkeppniseftirlitsins kom út í nóvember 2015. Hafa markaðsaðilar skilað sjónarmiðum sínum og var í kjölfarið haldin ráðstefna um fram komin sjónarmið.

Í kjölfarið gaf Samkeppniseftirlitið út nokkur álit sem beindust að opinberum aðilum ásamt því sem markaðsaðilum var gefinn kostur á að tjá sig um hugsanlega niðurstöðu markaðsrannsóknarinnar. Hefur Samkeppniseftirlitið upplýst að markaðsrannsóknin muni tefjast þar sem stofnunin hefur nú til rannsóknar tvo samruna sem varða olíumarkaðinn. Gert verði hlé á markaðsrannsókninni á meðan þeir eru til rannsóknar. Hefur Samkeppniseftirlitið bent á að þessir samrunar kunni að hafa áhrif á niðurstöðu markaðsrannsóknarinnar.

Hlutverk

Hlutverk N1 er að veita kraftmikla þjónustu sem byggir á framúrskarandi dreifikerfi fyrir fjölbreytta orkugjafa og markvisst vöruúrval.

Framtíðarsýn N1 er að halda sókninni áfram með uppbyggingu og fjárfestingu, með öflugum dreifineti, fjölbreyttum orkugjöfum og smásölu. Gildin sem við höfum að leiðarljósi í okkar starfi eru: Virðing, einfaldleiki og kraftur.

Gildin

Virðing Við sýnum samstarfsmönnum, viðskiptavinum og samfélaginu öllu virðingu.	Einfaldleiki Við erum skýr og einbeitt í öllu okkar starfi.	Kraftur Við erum jákvæð, ákveðin og í forystu á okkar sviði.
---	---	--

Sagan

Saga N1 hefur í eina öld verið samtvinnuð viðburðaríkri samgöngu- og atvinnusögu Íslendinga á sjó og landi. Í þessari sögu er að finna skýringuna á því hversu víðfemt þjónustukerfi N1 í raun er. Það er næstum sama hvert ekið er á Íslandi eða hvar er lagst að bryggju: þjónusta N1 er ávallt innan seilingar.

1913: Hið íslenska steinolíufélag var stofnað í upphafi bílaaldar á Íslandi
 1946: Olíufélagið stofnað 14. júní
 1946: Sigurður Jónasson, ráðinn fyrsti forstjóri Olíufélagsins
 1947: Olíufélagið kaupir olíustöðina í Hvalfirði af hernaðaryfirvöldum
 1947: Olíufélagið byrjar sölu á flugeldsneyti á Keflavíkflugvelli
 1949: Olíufélagið byggir fyrsta afgreiðslukerfi í jörð á Keflavíkflugvelli, það fyrsta sinnar tegundar í Evrópu
 1952: Haukur Hvannberg ráðinn forstjóri Olíufélagsins
 1953: Starfsmannafélag Olíufélagsins stofnað
 1953: Olíuinnflutningur hefst frá Sovétríkjunum
 1957: Olíufélagið byggir nýja bensínstöð við Ægisíðu, fyrstu sjálfsafgreiðslustöðina á Íslandi
 1957: Olíufélagið festir kaup á lóð við Gelgjutanga
 1959: Vilhjálmur Jónsson ráðinn forstjóri Olíufélagsins
 1960: Olíufélagið flytur aðalskrifstofur sínar á Klapparstíg 25–27
 1975: Olíufélagið tekur í notkun nýja skrifstofubyggingu að Suðurlandsbraut 18
 1991: Geir Magnússon ráðinn forstjóri
 1995: Olíufélagið stendur að stofnun Olíudreifingar
 1995: Fyrsta Safnkortið kynnt
 1998: Glæsileg þjónustustöð opnuð á Ártúnshöfða og Nýtt Nesti kynnt til sögunnar
 2001: Olíufélagið hf. breytist í Ker hf. og verður eignarhaldsfyrirtæki. Olíufélagið ehf. er stofnað
 2002: Hjörleifur Jakobsson ráðinn forstjóri 1. janúar
 2004: Olíufélagið stofnar EGO
 2006: Olíufélagið selt og Hermann Guðmundsson ráðinn forstjóri
 2007: N1 stofnað við sameiningu Olíufélagsins, Bílanausts og nokkurra hjólbarðaverkstæða


2010: Fyrsta ISO 14001 vottaða þjónustustöð og hjólbarðaverkstæði N1 á Bíldshöfða 2
 2011: N1 undirritar Jafnréttissáttmála UN WOMEN
 2011: Hjólbarðaverkstæði N1 vottuð Michelin Quality Dealer
 2012: Eggert Benedikt Guðmundsson ráðinn forstjóri N1
 2013: N1 selur bílavarahlutaverslanir til nýs félags sem hefur starfsemi undir nafni Bílanausts
 2013: N1 gerist aðili að FESTU miðstöð um samfélagsábyrgð
 2013: N1 skráð á hlutabréfamarkað í Kauphöll Íslands
 2014: Ársskýrsla N1 ekki prentuð út heldur eingöngu aðgengileg á rafrænu formi
 2015: Eggert Þór Kristófersson ráðinn forstjóri
 2015: N1 fær Jafnaunavottun VR fyrst olíufélaga á Íslandi
 2015: N1 undirritar yfirlýsingu um loftslagsmál
 2016: N1 gefur út sína fyrstu GRI G4 skýrslu
 2016: N1 setur sér það markmið að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og minnka úrgang í starfseminni
 2016: DÆLAN opnar á þremur stöðum
 2016: N1 kaupir smur- og hjólbarðaverkstæði að Réttarhvammi á Akureyri
 2016: Framúrskarandi fyrirtæki 2015, viðurkenning frá Creditinfo
 2017: Sex nýjar hlöður fyrir rafbíla opnaðar í samvinnu við ON á þjónustusvæðum N1 víðsvegar um landið
 2017: Fasteignin að Klettagörðum 13 keypt af FAST-2 ehf.
 2017: Átöppun olíu og efnavöru hjá N1 hætt og úthýst
 2017: Undirritaður kaupsamningur vegna kaupa N1 hf. á öllu hlutafé í Festi hf.
 2017: Undirritaður samningur við Kolvið um kolefnisjöfnun á öllu flugi á vegum N1 og notkun eigin bíla
 2017: Smur- og hjólbarðaverkstæði N1 að Réttarhvammi á Akureyri fékk Michelin vottun
 2017: Framúrskarandi fyrirtæki 2016, viðurkenning frá Creditinfo

Starfsemi N1

N1 er eitt stærsta verslunar- og þjónustufyrirtæki hérlandis og þjónar fólki og fyrirtækjum á hátt á annað hundrað þjónustustöðvum hringinn í kringum landið. Að auki rekur N1 fjölmörg verkstæði sem sinna hjólbarða- og smurþjónustu og smærri viðgerðum.

Aðfangakeðja N1 sýnir marga snertifleti starfseminnar. Samræmdar innri aðgerðir N1 gera það að verkum að við höfum tækifæri til að láta gott af okkur leiða með stýrðum og samfélagslega ábyrgum aðgerðum. Með öflugum dreifikerfi um allt land, markvissu vöruvali og persónulegri þjónustu fyllum við samfélagið orku til að takast á við krefjandi verkefni.

Aðfangakeðja N1



N1 rekur 29 þjónustustöðvar með veitingar og smávörur fyrir fólk á ferðinni um land allt. Nesti er vörumerkið sem er notað fyrir þjónustustöðvarnar og stendur það fyrir ferskleika og gæði bæði í vöruvali og þjónustu. Á Nesti er hægt að nálgast hollari skyndibita, gæða veitingar og kaffimeðlæti og er stöðugt unnið að umbótum til að gera þjónustustöðvarnar meira aðlaðandi fyrir fólk á ferðinni. Mikil áhersla er lögð á að þjónusta ferðamenn á landsbyggðinni þannig að þeir geti m.a. nálgast upplýsingar um færð á vegum og fái vöruúrval við hæfi. Starfsmenn N1 hafa orðið varir við aukna eftirspurn eftir hollari og léttari veitingum samfara auknum ferðamannastraumi og er mikill metnaður lagður í að þróa veitingarnar þannig að þær höfði til ólíkra hópa. Á þéttbýlisstöðum er einnig hægt að leigja kerrur af ýmsum stærðum og gerðum á þjónustustöðvum

félagsins. N1 rekur 8 sjálfsafgreiðslustöðvar á höfuðborgarsvæðinu og 3 sjálfsafgreiðslustöðvar eru nú starfræktar undir merkinu DÆLAN þar sem áhersla er lögð á lágt verð óháð afslætti. N1 býður upp á rafhleðslur fyrir rafbíla í samvinnu við ON á 5 þjónustustöðvum sínum, í Borgarnesi, við Staðarskála, á Blönduósi, Egilsstöðum og á Hvalsvellu. Einnig hefur N1 í samstarfi við ON sett upp hleðslustöðvar hjá tveimur umboðsaðilum sínum við Vík og á Kirkjubæjarklaustri auk metangass á Bíldshöfða 2. Metangasið hlaut norræna umhverfismerkið Svaninn ári 2016, það er flutt beint með leiðslu frá Álfnsni að þjónustustöð N1 í þjökkun tilbúið á bifreiðar viðskiptavina okkar.

Að auki býður N1 hjólréiðafólki upp á vöruúrval, aðstöðu og verkfæri til að huga að reiðhjólum sínum og sinna smáviðgerðum á þjónustustöðvum N1 við Fossvog, Skógarsel, í Borgartúni og í Mosfellsbæ. Einnig býður N1 upp á sjálfsafgreiðslu á landsbyggðinni í samstarfi við 54 umboðsmenn sem eru með sjálfstæðan rekstur tengdan ferðaþjónustu eða veitingarekstri.

N1 rekur 11 smur- og dekkjaverkstæði og þjónustar þar bæði fyrirtæki og einstaklinga. Hjólbarðaverkstæðin eru öll vottuð Michelin Quality Dealers. Slíka vottun hljóta eingöngu hjólbarðaverkstæði sem uppfylla ströngustu gæðakröfur Michelin, stærsta hjólbarðaframleiðanda í heimi. Verkstæði N1 hljóta þar eina hæstu einkunn sem möguleg er. N1 býður jafnt fyrirtækjum sem einstaklingum upp á geymslu á hjólbörðum á dekkjaverkstæðum N1. Þannig geta viðskiptavinir N1 fengið dekkinn sín hrein og yfirfarin við næstu dekkjaskipti. Á verkstæðum N1 er lögð áhersla á góða þjónustu og hágæða vörur frá framleiðendum eins og ExxonMobil, Michelin, Q8, Cooper, Kumo auk Banner rafgeyma.

N1 starfrækir eitt fullkomnasta vöruhús á landinu við Klettagarða 13 í Reykjavík. Vöruhúsið er tæplega 10.000 fermetrar að stærð og búið fullkomnum búnaði til geymslu og tínslu. Vöruhúsið uppfyllir allar helstu gæða- og öryggiskröfur til geymslu á smurolíum, hjólbörðum og ýmiskonar rekstrarvörum. Vöruhúsið gegnir mikilvægu hlutverki í hröðu og öruggu afhendingarferli til viðskiptavina N1.

Við Klettagarða 13 er jafnframt ein af glæsilegu fyrirtækjaverslunum N1. Fyrirtækið rekur samtals 6 verslanir um land allt sem þjónustar jafnt fyrirtæki sem einstaklinga. Vöruúrvalið er hnitmiðað og þar geta viðskiptavinir N1 keypt m.a. smurefni, efnavörur, rekstrarvörur og vinnufatnað.

Fyrirtækjaþjónusta N1 sér innlendum og erlendum viðskiptavinum fyrir eldsneyti, smurefni, rekstrarvöru og vinnufatnaði ásamt því að sinna ýmissi annarri þjónustu. Selt er beint til fyrirtækja og í sérstökum verslunum. N1 kortið veitir fyrirtækjum aukinn ávinning í formi samningsbundinna kjara og góðrar yfirsýnar með rafrænum uppgjörum.

N1 þjónar íslenskum sjávarútvegi með þéttni neti afgreiðslustaða um allt land. Viðskiptavinir hafa aðgang að fullkomnum olíurannsóknarkerfum sem veita upplýsingar um ástand smurefna, vélbúnaðar og hvort sérstakra úrbóta sé þörf. Gerð eru smurkort fyrir öll skip og báta. N1 hefur alla tíð lagt metnað sinn í að þjónusta vel smábátaeigendur um allt land og geta smábátasjómenn nú tekið eldsneyti á 48 höfnum

viðsvegar um landið. Slíkt þjónustunet er einsdæmi á Íslandi og eykur öryggi smábátasjómannna. N1 selur þotuelsneyti og flugvélabensín á Keflavíkur- og Reykjavíkurflugvelli og auk þess flugrekstrarvörur, t.d. smurolíur fyrir þotuhreyfla og vökvakerfisolíur. Miklar gæðakröfur eru gerðar við sölu, geymslu og dreifingu á flugvélaeldsneyti og er kerfi N1 vottað árlega af viðurkenndum aðilum.

N1 selur einnig verktökum, matvælafyrirtækjum og bændum ýmiss konar vörur. Viðskiptastjórar N1 eru í reglulegum samskiptum við viðskiptavini félagsins og tryggja persónulega þjónustu. Því til viðbótar geta viðskiptavinir N1 nálgast vöruúrval N1 í gegnum heimasíðu félagsins. Þjónustuver N1 er alltaf til taks fyrir kortaþjónustu, sölu og móttöku pantana og upplýsingagjöf.

N1 vinnur markvisst að því að efla og bæta þjónustu- og vöruframboð og vera vakandi yfir tækifærum og nýjungum. Félagið leggur mikla áherslu á þjálfun og símenntun starfsfólks. Nútímatækni við vörustjórnun er nýtt til hins ýtrasta til að einfalda hlutina og auka hagkvæmni og öryggi.

Stefnumótun N1

Áfram er unnið samkvæmt stefnumótun félagsins sem samþykkt var haustið 2016. Þeim lykilverkefnum sem voru skilgreind í framhaldi af kynningu á stefnunni er nú lokið. Verkefnin voru unnin á tímabilinu frá október 2016 til ágúst 2017 og hafa niðurstöður þeirra verið kynntar fyrir starfsmönnum. Fyrir veturinn 2017 – 2018 er búið að velja ný lykilverkefni og nýjar lykiláherslur til að framfylgja stefnunni.

Verkefnin eru:

- Val á nýju afgreiðslu- og vildarkerfi
- Innleiðing kraftmikillar þjónustu
- Innleiðing RPA (Robotic process automation)

Lykiláhersla hjá öllum starfsmönnum er kraftmikil þjónusta. Lögð hefur verið rík áhersla á að allir starfsmenn finni leiðir til að stuðla að kraftmikilli þjónustu í öllu sínu starfi gagnvart viðskiptavinum, bæði innri og ytri. Áfram verður unnið að innleiðingu stefunnar með því að nota hugmyndafræði LEAN þ.e. nota töflustýringu þar sem verkefnum er forgangsraðað og þau aðgerðarbundin með ábyrgðaraðilum. Þannig er hægt að samræma vinnulag við innleiðingu sem og við úrbóta- og lykilverkefni hjá félaginu. Búið er að innleiða þessa hugmyndafræði á skrifstofu félagsins og undirbúningur er hafin varðandi innleiðingu á þjónustustöðvunum.

N1 sýnir ábyrgð í verki

GRI G4 Core

Samfélagsleg ábyrgð verður sífellt veigameiri þáttur í rekstri N1 og nær hún til allrar starfseminnar. Ýmis svið falla undir hugtakið eins og til dæmis umhverfi, siðareglur, sanngjarnir starfshættir, samfélagsleg virkni, þróun og tengsl við samfélagið. Lögð er áhersla á að vinna samkvæmt alþjóðlega vottuðum stöðlum og viðurkenndum aðferðum. Við gerð þessarar ársskýrslu N1 er einnig greint frá viðmiðum GRI G4 „Core“. Er það meðal annars til að N1 geti gert sér grein fyrir raunverulegri stöðu samfélagslegrar ábyrgðar hjá fyrirtækinu á gagnsæjan og samanburðarhæfan hátt, en þetta er annað árið í röð sem N1 gefur út GRI G4 „Core“ skýrslu. Skýrsla þessi er unnin af starfsmönnum og sérfræðingum á viðkomandi sviðum hjá N1. Hún nær yfir alla starfsemi N1 og byggir á fjárhagsárinu 2017. CO2 tölur eru fengnar með útreikningum á heimasíðu Kolviðar, fjöldi ferða var gefinn upp hjá viðkomandi flugfélagi, eldsneytislítrar fengnir úr viðskiptamannabókhalderkerfi N1 og upplýsingar um sorplosun fengnar frá viðkomandi losunaraðila. Yfirlit efnistaka og vísun í skýrslu þessa er að finna í efnisyfirliti yfir GRI.

Markmið N1 í loftslagsmálum

Þann 16. nóvember 2015 undirritaði N1 yfirlýsingu um loftslagsmál ásamt forsvarsmönnum 103 fyrirtækja og stofnana í Höfða og skuldbatt sig til að draga markvisst úr losun gróðurhúsalofttegunda og minnka úrgang í starfseminni. Loftslagsmarkmið N1 eru:

Draga úr losun gróðurhúsalofttegunda

- Kolefnisjafna allt flug og notkun eigin bíla
- Efla þekkingu starfsmanna á vistakstri

Minnka myndun úrgangs

- Draga úr óflokkuðum úrgangi um 2% á ári til ársins 2020
- Að 90% sorps frá N1 verði flokkað árið 2030

Upplýsingar um árangur og aðgerðir verða gefnar út samkvæmt GRI viðmiðum í ársskýrslu N1 frá og með fjárhagsárinu 2016.

Með skipulögðum og viðurkenndum aðgerðum kostar N1 kapps um að lágmarka umhverfisáhrættu frá starfsemi sinni. Nítján starfsstöðvar N1 hafa þegar hlotið vottun samkvæmt alþjóðlega umhverfisstjórnunarstaðlinum ISO 14001 frá Vottun hf. Stefna N1 er að allar þjónustustöðvar N1 fái ISO 14001 vottun á næstu misserum.

N1 hefur verið virkur þátttakandi í FESTU, miðstöð um samfélagsábyrgð síðan í desember 2013. Auk þess er fyrirtækið aðili að Innkaupaneti Umhverfisstofnunar, Viðskiptaráði Íslands, Samtökum verslunar og þjónustu, Samtökum atvinnulífsins, Dokkunni og Stjórnvísí.

N1 skrifaði undir Jafnréttissáttmála UN WOMEN árið 2011 en í honum felst að stuðla að aukinni þátttöku og tækifærum kvenna til að draga úr fátækt og stuðla að jöfnun kynja. N1 er ekki með sérstaka þjálfun í mannréttindamálum en lögð er áhersla á að vekja starfsfólk til umhugsunar um málefni þeim tengd.

Kolefnisjöfnun

Markmið N1 er að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og kolefnisjafna allt flug og notkun eigin bíla.

Árið 2017 var 101 bíll í rekstri N1 og var mæld losun CO2 vegna þeirra 340 tonn, sem er hækkun um 27,3 tonn milli ára. Frá árinu 2010 hefur verið unnið í að efla vitund starfsmanna um vistakstur. Vöruhús N1 hefur stillt upp akstursleiðum og samnýtir ferðir vörubíla eins og hægt er. N1 hefur markvisst unnið að því að innlendir birgjar afhendi vörur sínar í vöruhús félagsins sem síðan dreifir á útstöðvar N1. Með því móti sparast ökuferðir bæði N1 og birgja og álag við afhendingarferli á útstöðvum minnkar. Í höfuðstöðvum N1 er rekinn bílabanki, þar sem starfsmenn geta fengið bíla lánaða til að sinna vinnutengdum erindum. Mælt er til að starfsmenn samnýti bifreiðar. Árið 2010 var boðið upp á vistakstursnámskeið fyrir sölumenn og bílstjóra vöruhúss.

Flugferðir starfsmanna voru samtals 422 innanlands og 124 til útlanda, heildarlosun CO2 vegna þeirra var 54,8 tonn.

Losun CO2 (tonn)

	2015	2016	2017		Tré
Flug	37	89,5	54,8	Kolefnisjafnað	515
Bílar	343	312,7	340	Kolefnisjafnað	3.193
Samtals	380	402	395		3.708

N1 kolefnisjafnar, í gegnum Kolvið, beina losun frá starfseminni sem samsvarar 3.708 trám. Er það vegna CO2 losunar af notkun eigin bíla og flugferða starfsmanna í samræmi við undirritaðan samning frá 20. desember 2017.

Minnka myndun úrgangs

Markmið N1 er að minnka myndun úrgangs og draga úr óflokkuðum úrgangi um 2% á ári til ársins 2020. N1 leggur mikið upp úr því að flokka sorp eins og hægt er með tilliti til aðstöðu förgunaraðila í hverju sveitarfélagi. Á árinu 2017 var 70% sorps frá félaginu flokkað en það er 1% aukning frá árinu áður. Aukning á losuðu sorpi var tæplega 17% milli árána 2016 og 2017. Úrgangsflokkar eru sömu milli ára. Óbein losun gróðurhúsalofttegunda frá óflokkuðu urðuðu sorpi vegna ársins 2017 er u.þ.b. 280 tonn af CO2.

	2015	2016	2017
Endurvinnanlegt	69%	69%	70%
Urðað	31%	31%	30%

Endurrunnið	2015	2016	2017
Græn tunna	52.020	50.298	65.752
Lífrænn úrgangur	37.170	65.960	71.890
Spilliefni	14.766	35.922	20.521
Hjólbarðar	336.630	505.240	684.484
Bylgjupappír	98.290	110.163	119.851
Önnur flokkun	182.416	187.598	164.473
Samtals endurrunnið	721.292	955.181	1.126.971

Urðað	2015	2016	2017
Almennt sorp	313.622	425.587	474.869
Grófur óflokkanlegur	15.430	1.640	9.100
Samtals urðað	329.052	427.227	483.969

N1 tekur á móti rafhlöðum og rafgeymum á öllum starfsstöðvum sínum og er þeim fargað sem spilliefnum. Þúsund lítra bambar eru endurnýttir eins og hægt er. Gerð var tilraun á stórri þjónustustöð með að láta viðskiptavinum flokka sitt sorp en því miður þurfti frá að hverfa þar sem of mikil vinna fór í að endurflokka. Það er áskorun að reyna að fá viðskiptavinum félagsins í lið með okkur að flokka sorp en hiklaust verður haldið áfram að reyna að finna lausnir til að gefa þeim færi á því.

Undanfarin ár hefur N1 markvisst unnið að því að draga úr notkun pappírs og einnota íláta innan félagsins. Einn af stærstu rekstrarvörubirgjum N1, Tork, framleiðir um 90% af sínum vörum undir vottuðum vistvænum merkjum. Salernispappír, handþurrkur og sápur sem eru í notkun hjá N1 eru frá Tork. Á öllum starfsstöðvum N1 er lagt upp með að starfsmenn noti margnota drykkjarmál og eru þau útveguð starfsmönnum að kostnaðarlausu. MainManager er notaður m.a. til að halda utan um umkvörtunarefni frá viðskiptavinum, ábendingar úr starfseminni sem og vinnuslys. Innri úttektir eru einnig framkvæmdar í spjaldtölvu í gegnum sama kerfi. Verkefnastjórnunarkerfið Confluence einfaldar boðleiðir og upplýsingagjöf innan félagsins til muna auk þess sem útprentun minnkar.

Fjórdá árið í röð er ársskýrsla N1 eingöngu gefin út á heimasíðu félagsins. Samfélagsmiðuðum innríf er haldið úti til að auka aðgengi starfsmanna að upplýsingum hvort sem er heima við eða í vinnu og þar með sparast mikil útprentun á útstöðvum N1. Allir viðburðir á vegum N1, starfsmannafélagsins og N1 skólans eru auglýstir á innrífnum. Notaðir eru skjáir á flestum starfsstöðvum til að koma upplýsingum til viðskiptavina og starfsmanna. Rafrænt kerfi var próað til að halda utan um rekstrarhandbók, starfsleyfi og starfsemi N1 auk þess sem tilkynningar og ábendingar eru einnig rafrænar í gegnum heimasíðu og innríf.

Viðskiptavinir N1 voru hvattir til að koma í rafræn viðskipti og útsendingum pappírreikninga til einstaklinga hefur verið hætt, nema sérstaklega sé óskað eftir þeim. Einnig hefur N1 markvisst beint viðskiptum sínum um rafrænar reikningsleiðir þar sem því verður komið við. Unnið er að því með markvissum aðgerðum að auka rafræn viðskipti með það að markmiði að útrýma pappírsviðskiptum eins og hægt er.

Rafrænar reikningar	2015	2016	2017
Sendir	4.898	24.807	44.735
Mótteknir	13.641	17.583	23.810

Innleiðing „prentstöðva“ á starfsstöðvum N1 hófst í lok 2015. Prentstöðvar eru aðgangsstýrðar, stilltar til að prenta báðum megin á pappír og einungis í svörtu. Þannig þarf starfsmaður sjálfur að taka meðvitaða ákvörðun um að prenta í lit og öðru megin á síðu. Samhliða innleiðingu prentstöðva dróst notkun á ljósritunarpappír saman um 11% milli árána 2016 og 2017. Það samsvarar 300.000 blöðum eða að hver starfsmaður N1 hafi minnkað útprentun um 449 blöð á árinu. Ljósritunarpappír N1 er vistvænn.

	2015	2016	2017
Ljósritunarpappír (blöð)	3.000.000	2.700.000	2.400.000

Árið 2015 byrjaði N1 að skipta út plastpokum fyrir maíspoka fyrir viðskiptavinum þjónustustöðva og eru nú eingöngu maísburðarpokar til sölu á þeim en skráplastpokar standa viðskiptavinum enn til boða endurgjaldslaut. Burðarpokar úr plasti eru eingöngu notaðir í verslunum N1 undir umfangsmeiri vörur þar sem maíspokar nýtast ekki. Innkaup N1 á plastburðarpokum hafa dregist saman um 6% og innkaup á maíspokum aukist um 26% milli árána 2016 og 2017.

Innkaup burðarpoka fyrir viðskiptavinum	2015	2016	2017
Burðarpokar plast	75.000	46.500	43.500
Burðarpokar maís	108.000	109.000	137.000
Skrjáfpokar	800.000	640.000	648.000

Frá árinu 2013 hefur N1 tekið þátt í Grænum apríl með því að efla umhverfisvitund innan fyrirtækisins og hafa ýmis átök verið gerð í flokkunar- og fræðslumálum í því samhengi. Fræðsla um flokkun hefur verið veitt í samvinnu við Íslenska Gámafélagið en við höfum boðið starfsmönnum okkar í heimsóknir þangað til að fræðast um hvað verður um sorpið sem við flokkum hjá okkur. Markmiðið er að efla skilning starfsmanna á tilgangi flokkunar.

Starfsfólk á skrifstofu hefur verið fengið til að fara á stöðvar í hálfan dag til að hreinsa upp rusl eftir veturinn og dytta að utandyra, auk þess sem umhverfistengt fræðsluefni er á skjáhvílum til að efla umhverfisvitund starfsmanna.

Orka

N1 hefur gripið til ýmissa aðgerða til að draga úr notkun á vatni og rafmagni, meðal annars með reglubundinni orkuvöktun, tímastillingum og sólúr birtuskynjurum til að stýra útljósum. Orkuvöktun er skráð með skipulögðum hætti til að koma betur í veg fyrir orkusóun og til að hægt sé að grípa til aðgerða verði vart við frávík. Hefur vöktun orkunotkunar haldist í hendur við ISO14001 vottanir þjónustustöðva en unnið verður að því að koma orkuvöktun á í allri starfsemi félagsins um land allt á næstu fimm árum. Í skipulögðu orkuvöktuninni er farið á stöðvar tvisvar á ári og kerfin, s.s. snjóbræðslu-, aðal-, ofna-, gólfhita- og loftræstikerfi auk dyrablása stillt í samræmi við komandi árstíð. Verið er að skipta úr sér gengnum LED ljósgjöfum. Slökkt er á loftræstikerfum að næturlagi. Einnig eru flestir kælar á þjónustustöðvum okkar með rúllugardínunum, sem eru dregnar niður á nóttunni til að sóa ekki óþarfa orku á lokunartímum. Aukningu í rafmagnsnotkun milli ára má meðal annars rekja til kaupa N1 á hjólbarðaverkstæðinu Réttarhvammi á Akureyri í lok árs 2015, en með kaupunum jókst rafmagnsnotkun um 120.000 kWh á síðastliðnu ári.

Orkunotkun	2015	2016	2017
Rafmagn (kWh)	10.453.862	9.018.599	9.453.357
Heitt vatn (m3)	201.623	230.109	174.583
Kalt vatn (m3)	170.003	187.189	158.730

Til að setja þessar tölur í skiljanlegt samhengi þá er rafmagnsnotkunin sambærileg við meðalnotkun 1.891 íslensks heimilis en meðalnotkun heimila er 5 megavattstundir á ári. Heitavatnsnotkunin jafnast á við notkun 305 heimila (meðalnotkun heimila er um 573 m3) og kaldavatnsnotkunin samsvarar því að fylla Sundhöll Reykjavíkur 238 sinnum. Það er álika mikið kalt vatn og þarf til að laga 794 milljónir rjúkandi kaffibolla á næstu Nestisstöð. Óbein losun vegna raforkunotkunar árið 2017 var u.þ.b. 111 tonn af CO2.

N1 sækir vatn sitt í veitur hvers staðar fyrir sig nema í Staðarskála þar sem félagið er með eigin borholu. Í Vestmannaeyjum fylgir félagið í fótspor eyjarskeggja og sækir vatn til meginlandsins. N1 keppist við að endurnýta vatn þar sem því verður við komið. Affall húsa og tækja, svo sem kælitækja, er notað í snjóbræðslukerfi og á Eskifirði er affallsvatn frá sundlauginni nýtt til snjóbræðslu sjálfsafgreiðslustöðvar N1. N1 notar heitt vatn til kyndingar þar sem það er til staðar en annars rafmagnskyndingu. Í Staðarskála er ekki heitt vatn en þar er félagið með eigin borholu, þar er því mikil rafmagnsnotkun. Ráðgert er að á árunum 2018-2020 verði komið heitt vatn í þennan hluta Hrútafjarðar og verður þá skipt yfir í kyndingu með heitu vatni.

Gagnaöflun breyttist milli ára og fáum við frá og með þessu ári yfirlit yfir notkun frá Veitum, ON, Norðurorku, Orkusölunni, Orkubúi Vestfjarða, HS veitum og HS orku. Það er mjög jákvæð þróun og effir áreiðanleika gagna. Áfram verður aflað gagna í gegnum reikninga frá smærri veitum.

Þjónustumælingar

Þjónustumælingar „Happy or Not“ meðal viðskiptavina N1 eru gerðar með það að markmiði að stjórnendur stöðva geti nánast samdægurs brugðist við endurgjöf frá viðskiptavinum. Á árinu 2017 voru mælingar á 8 stöðvum N1 víðsvegar um landið. Viðskiptavinir eru spurðir „Fékkstu góða þjónustu í dag?“ og þeir bregðast við með því að ýta á einn af fjórum brosköllum þ.e. hnappa sem sýna mismunandi upplifun á þjónustunni.



Styrkir

Í stuðningi sínum við samfélagið leggur N1 áherslu á að styrkja og styðja við barna- og unglingastarf íþróttafélaga víða um land. N1 styður við tæplega 30 íþróttafélög auk fjölmargra golfklúbba. Grasrótastuðningur skiptir okkur miklu máli og það gefur okkur mikinn innblástur að fjármunum okkar sé varið í að byggja upp stjórnur framtíðarinnar.

Styrktarverkefnið okkar ár hvert eru mörg en þar má helst nefna N1 mótið á Akureyri. Mótið var haldið í þrítugasta og fyrsta sinn í fyrra og er það eitt stærsta árlega knattspyrnumót landsins með hátt á annað þúsund þátttakendum á aldrinum 10 til 12 ára auk þjálfara, liðsstjóra og foreldra. Mótið setur því mikinn svip á höfuðstað Norðurlands í fjóra daga í byrjun júlí ár hvert. Auk keppenda af öllu landinu komu nokkur erlend lið á mótið. Mótinu voru gerð góð skil í samstarfi við Sporttv.is

auk þess sem það var myndað úr lofti.

Sem einn af bakhjörum KSÍ erum við líka styrktaraðili Hæfileikamótunar KSÍ og N1. Í fyrra voru um 600 ungmenni víðsvegar af landinu sem tóku þátt í Hæfileikamótun KSÍ og N1. Þetta var í fjórða skipti sem Hæfileikamótunin var haldin. Fótþóttalið um allt land fengu heimsóknir frá þjálfurum KSÍ sem stóðu fyrir fræðslu og mátu jafnframt getu leikmanna á aldrinum 13 til 14 ára í þeirri von að finna framtíðarleikmenn landsliðsins. Í kjölfarið bauðst drengjum og stúlkum að taka þátt í Hæfileikamótun í Kórnum og landsliðsþjálfurum gafst tækifæri til að fylgjast með þeim spila.

Stuðningur okkar við BUGL (Barna- og unglingageðdeild Landspítalans) er okkur mikilvægur. Stuðningurinn

felur í sér rekstur tveggja bíla sem notaðir eru til að fara með skjólstæðinga BUGL í ýmsar ferðir en einnig til að vettvangsteymi geti sótt fjölskyldur heim og unnið með börnum í þeirra nærumhverfi.

Undanfarin ár hefur N1 veitt barna- og unglingastarfi Golfklúbbs Garðabæjar (GKG) styrk. Stuðningurinn hefur haft það í för með sér að hægt hefur verið að auka enn frekar þjónustu við börn og unglinga.

N1 tekur ríkulegan þátt í bæjarhátíðum og viðburðum víðsvegar um landið þar sem við erum með starfsemi. Má þar nefna Írska daga, Aldrei fór ég suður, Húnavökuhátíðina, Sumar á Selfossi, Mærudaga o.fl.

Líkt og áður tókum við þátt í að styrkja WOW Cyclothon með því að lengja opnunartíma þeirra N1 stöðva sem eru á hjólaleiðinni og taka vel á móti keppendum.

Í desember lögðum við Rauða kross bílnum Frú Ragnheiði lið og gáfum 100 hlýjar flíkur. Markmiðið með Frú Ragnheiði er að ná til jaðarsettra hópa í þjóðfélaginu og liðsinna þeim. Frú Ragnheiði er ekið um götur höfuðborgarsvæðisins og bágstöddum veitt aðstoð í formi fatnaðar og almennrar heilbrigðisaðstoðar.

Í lok árs veittum við fjölda styrkja í formi gjafa í ýmskonar fjáraflanir s.s. til Hring sjár endurhæfingarskóla, Hjartaheilla, til gjörgæsludeildar Sjúkrahúss Akureyrar, dagdeildar Eirar auk skóla, leikskóla, björgunarsveita o.fl. aðila.

Viðskiptavinir

Viðskiptavinir N1 eru fólk og fyrirtæki sem nýta sér öflugt dreifikerfi til að nálgast fjölbreytta orkugjafa og hnitmiðað vöruúrval.

Í daglegum önum rennir fólk á ferðinni við á þjónustustöðvum okkar til að fá kraftmikla þjónustu og orkugjafa fyrir sig og bílinn. Að auki bjóðum við smurþjónustu fyrir bílinn, viðgerðir, hjólbarða og hjólbarðapjónustu á snyrtilegum og vel búnum verkstæðum.

N1 kortið tryggir að viðskiptavinir okkar njóta ávinnings af þessum fjölbreyttu viðskiptum. Kortið er eitt öflugasta tryggðarkerfi landsins og æ fleiri nýta sér það til að fá betri kjör og safna punktum. N1 punktarnir safnast upp og nýtast sem inneign auk þess sem korthöfum bjóðast spennandi tilboð í hverjum mánuði bæði af afþreyingu og ýmiss konar vörum.

Þjónusta N1 er mikilvægur hlekkur í atvinnulífinu, bæði til sjávar og sveita og vaxandi fjöldi ólíkra fyrirtækja treystir á okkur í daglegum rekstri allt frá iðnaðarmönnum og bændum til verktaka og flugfélaga – að ógleymdum útgerðarfyrirtækjum um allt land.

Sífelld fleiri ferðamenn koma við á N1 um allt land og hefur úrvalið af vörum sem hentar þeim hópi verið aukið samhliða því. Einnig er lögð áhersla á að ferðafólk geti fengið greinargóðar upplýsingar um veður, færð og önnur öryggisatriði á N1 auk þess sem við komum til móts við mismunandi þarfir erlendra gesta. Þessar áherslur hafa gert þjónustustöðvar N1 að eftirsóttum viðkomustöðum ferðamanna um allt land.

Birgjar

Ísland er nærsamfélag og vegna smæðar flokkast það sem eitt markaðssvæði. Með stýrðum innri aðgerðum getur N1 lagt sitt af mörkum til að auka áhuga, eftirspurn og framboð á umhverfisvænni vörum og það er ein af þeim leiðum sem N1 fer til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum í aðfangakeðju sinni. N1 kappkostar að kaupa aðeins vistvænar rekstrarvörur, auka lausasölu þar sem það er hægt og minnka og helst útrýma notkun plastpoka. N1 er aðili að Innkaupaneti Umhverfisstofnunar en markmið þess er að stunda vistvæn innkaup, auka eftirspurn og framboð á umhverfismerktum vörum og þjónustu og auka áhuga fyrirtækja á umhverfismálum og umhverfismerkjum.

N1 hefur átt margra ára farsælt samstarf við flesta sína helstu birgja. Margir þeirra eru leiðandi framleiðendur með hágæðavörur á sínum markaði í heiminum, svo sem ExxonMobil, Michelin, Q8, Cooper, Tork, Dimex, UVEX, Jalas, Fristad og Banner.

Hluti af innkaupastefnu N1 er að fara ekki í samstarf við nýja birgja nema þeir uppfylli Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna þar sem sérstaklega er tekið á barnaþrælkun, nauðungarvinnu, vinnuáðstöðu og lengd vinnutíma. Allir birgjar utan ESB hafa verið metnir af N1 og hafa staðfest að þeir vinni samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Ekki var stofnað til viðskiptasambands við nýja birgja utan ESB á liðnu ári. Í samræmi við efnalög nr. 61/2013 flytur N1 eingöngu inn efnavörur og olíur frá birgjum með REACH vottanir. Öryggisblöð í samræmi við CLP reglugerð nr. 415/2014, fyrir allar varnaðarmerktar vörur í sölu hjá fyrirtækinu eru aðgengilegar á heimasíðu N1.

Birgjar sem selja N1 eldsneyti og eldsneytistengdar vörur eru erlendir að undanskildu metan og lífdísil sem er innlend framleiðsla. Innkaup frá innlendum birgjum er óbreytt milli ára 2016 og 2017.

	2015	2016	2017
Innlendir birgjar	57%	63%	63%
Erlendir birgjar	43%	37%	37%

N1 flytur inn efnavöru til eigin framleiðslu og lausasölu til viðskiptavina, helstu vörur eru rúðuvökvi, olíuhreinsir, tjöruhreinsir og dekkjahreinsir.

Ánægjulegt er að sjá að annað árið í röð er aukning í sölu þessarar vöru í lausu milli ára 2016 og 2017, sjá töflu. Þá var 61% af vörunni selt í lausu beint til viðskiptavina en 39% af framleiðslunni er pakkað í 1 l, 2,5 l, 5 l, 20 l og 200 l neytendapakningar. Engar af þessum umbúðum bera skilagjald. N1 hefur stóraukið sölu í lausu undanfarin ár og þá sérstaklega sölu á rúðuvökva en fyrir 10 árum var öll þessi vara seld í neytendapakningum. Hefur því náðst gífurlegur árangur í að minnka notkun umbúða og eykst hlutfall sölu í lausu á hverju ári.

Efnavörur í eigin framleiðslu	2015	2016	2017
Lausasala	53%	57%	61%
Sett í neytendapakningar	47%	43%	39%

Rekstrarvörubirgjar sem sjá N1 fyrir vörum til eigin nota og fyrir viðskiptavini hafa allir verið metnir af fyrirtækinu með tilliti til umhverfisáhrifa. Hreinlætisvörubirgir N1 er Essity (Tork) sem er með viðamikla umhverfisstefnu. Um 90% af öllum hreinlætisvörum sem N1 kaupir af Essity eru vottaðar og bera Svansmerkið, Evrópublómið eða Bláa engilinn. Einnig er mikið af þeim framleiðslueiningum Essity sem N1 kaupir með FSC vottun um sjálfbæra skógrækt.

Fatabirgjar N1 hafa verið vandlega skoðaðir með tilliti til umhverfisstefnu sinnar og ábyrgðar gagnvart þeirri starfsemi sem tengist framleiðslu, neyslu og förgun vara.

ExxonMobil selur N1 hágæða syntetískar olíur sem hafa lengri líftíma og þar af leiðandi minni umhverfisáhrif. Birgjar sem þjónusta ISO 14001 vottaðar starfsstöðvar N1 hafa undirgengist birgjamat í samræmi við kröfur N1 og staðalsins.

Hreingerningarfyrirtæki sem N1 verslar við eru Svansvottuð eða með sambærilegar vottanir þar sem því er við komið.

Birgjar N1 gera margir hverjir gagnkvæmar kröfur til N1 um að standast ákveðin skilyrði til að fá leyfi til að selja vörur þeirra, svo sem að þjálfun starfsfólks uppfylli kerfisbundna staðla þeirra. Dæmi um það er ExxonMobil sem gerir þá kröfu til N1 að meðhöndlun vöru fyrirtækisins frá móttöku til afhendingar sé samkvæmt

skilgreindu ferli og einnig að N1 uppfylli kröfur til umhverfis-, öryggis-, starfsmanna- og frábrigðamála en það ferli er tekið út árlega. Michelin bauð N1 að fara í gegnum gæðakerfi sitt fyrir nokkrum árum síðan. N1 fagnaði því tækifæri og innleiddi Michelin-staðal á hjólbardaverkstæði félagsins vottaðan af SCA í Danmörku. Michelin gerir strangar kröfur til þjálfunar, þjónustu, tækja og aðbúnaðar, öryggis-, umhverfis- og starfsmannamála.

Mannauður 2017

Mannauður

Starfsmannastefna N1 endurspeglar þá staðreynd að einn mikilvægasti auður félagsins er fólgin í starfsfólkinu, þekkingu þess og færni. Stefna N1 er að laða að og halda í hæft og traust starfsfólk. Það er gert með því að skapa starfsfólkinu gott og hvetjandi starfsumhverfi efla það og styrkja með markvissri starfsþjálfun og þróun. Það er mikilvægt að starfsfólkið þekki hlutverk, stefnu og gildi félagsins, með því náum við betri árangri. Starfsmannastefna N1 er aðgengileg öllum starfsmönnum á Torginu, innríf N1. Lykilferlar mannauðsmála voru teiknaðir upp og kynntir fyrir stjórnendum fyrirtækisins. Ferlarnir eru aðgengilegir öllum starfsmönnum í verkefnastjórnunarkerfi félagsins.

Jafnlaunavottun

N1 hlaut Jafnlaunavottun VR á kvenréttindadeginum, 19. júní 2015. Jafnlaunavottun VR er unnin eftir jafnlaunastaðli Staðlaráðs Íslands, ÍST85:2012. N1 er fyrsta íslenska olúfélagið sem hlýtur slíka vottun. Það skiptir miklu máli að allir sitji við sama borð þegar kemur að launaákvörðunum og mun jafnlaunakerfi tryggja að starfsfólki sem vinnur sömu eða jafnverðmæt störf sé ekki mismunað í launum. Niðurstöður úr jafnlaunaúttekt árið 2017 leiddu í ljós að kynbundinn launamunur er 4%. N1 er að rýna hækkun á milli ára, komið hefur í ljós mismunur í samsetningu launa sem verið er að leiðrétta.



Jafnréttisstefna

N1 hefur markað sér jafnréttisstefnu og er markmið hennar að stuðla að jafnri stöðu kvenna og karla og jöfnum tækifærum einstaklinga óháð kyni. Hver starfsmaður er metinn að verðleikum óháð kyni. Þannig er tryggt að mannauður fyrirtækisins nýtist sem best. Jafnframt er hvers kyns mismunur t.d. vegna kynþáttar, trúar- eða stjórnmálaskoðana, kynhneigðar, þjóðernis eða annars slíks óheimil.

N1 hefur einnig markað stefnu og viðbragðsáætlun gegn einelti, áreitni og ofbeldi, en slík hegðun er undir engum kringumstæðum umborin á vinnustaðnum. Áhersla er lögð á að starfsmenn sýni samstarfsfólki sínu ávallt kurteisi og virðingu í samskiptum. Einelti er brot á starfsskyldum og óásættanleg hegðun á vinnustað. Stefnan er aðgengileg öllum starfsmönnum á innríf fyrirtækisins.

Kjaramál og réttindi

Starfsmenn N1 eru með aðild að ýmsum stéttarfélögum og greiðir N1 öllum almennum starfsmönnum laun samkvæmt kjarasamningum þeirra. Á meðal stéttarfélaganna eru Efling, VR, SGS, FIT, Matvís og Byggið. Æðstu stjórnendur félagsins eru undanþegnir þessu. N1 fylgir lögum og reglum í landinu varðandi vinnuvernd, mannréttindi og barnaþrælkun og er stefna félagsins að ráða ekki starfsfólk undir 18 ára sé hjá því komist. N1 greiðir öll opinber gjöld og engin svört atvinnustarfsemi er í boði hjá félaginu.

Lögbundnar greiðslur N1 í lífeyrissjóði eru að lágmarki 10% af öllum launum starfsmanns og greiðir starfsmaður 4%, N1 greiðir 2% á móti 2% framlagi starfsmanns í séreignarsjóð. Framkvæmdastjórnar hafa kaupaukaákvæði í starfssamningi og starfsmenn þjónustustöðva sem eru í Eflingu hafa bónuskerfi í samræmi við kjarasamninga.

Uppsagnarfrestur er samkvæmt kjarasamningi stéttarfélags viðkomandi starfsmanns. Hann er misjafn eftir tegund ráðningar, starfs- og lífaldri. Uppsagnarfrestur er gagnkvæmur og allar uppsagnir skulu vera skriflegar. Meðalfjöldi starfsmanna sem fengu greidd laun á árinu var 707.

Starfsfólk

Áhersla er lögð á að jafna kynjahlutfall starfsmanna með því að fjölga konum í stjórnendastöðum og hvetja þær sérstaklega til að sækja um störf hjá félaginu sem gjarnan eru talin karllæg, t.d. störf í bílaþjónustu. Fjöldi starfsmanna í desember 2017 var 658, 256 konur og 402 karlar. Kynjahlutfall er óbreytt, 39% konur og 61% karlar.

Kynjahlutfall starfsmanna




Starfsfólk í stjórnendastöðum 2016 og 2017

Fjöldi starfsmanna í stjórnendastöðum	2016		2017	
	Konur	Karlar	Konur	Karlar
Framkvæmdastjórn	1	4	1	4
Deildarstjórnar	5	9	5	9
Stöðvastjórnar	5	11	8	10
Verslunarstjórnar	1	5	3	3
Bílaþjónusta	0	11	0	11
Samtals	12	40	17	37

Breytingar urðu á stjórnendahópnum á árinu, fimm nýir kvenstjórnendur komu í hópinn sem er afar ánægjulegt. Mesta fjölgunin er í hópi stöðva- og verslunarstjóra. Konur í stjórnendastöðum árið 2017 voru 17, eða 31%, og karlar voru 37, eða 69%.

N1 leitast við að ráða yfirmenn starfsstöðva á landsbyggðinni úr heimabyggð ef mögulegt er. Af 54 stjórnendum koma 53 úr heimabyggð eða 98% sem er sama hlutfall og á fyrra ári.

Starfsmannavelta hjá fyrirtækinu endurspeglar fjölbreytta starfsemi og aukið árstímabundið álag á þjónustustöðvum, í bílaþjónustu, verslunum og vöruhúsi. Heildarstarfsmannavelta fyrirtækisins er óbreytt á milli ára eða 30%. Starfsmannavelta er mest á útstöðvum, í bílaþjónustu, vöruhúsi og á þjónustustöðvum. Starfsmannavelta er minnst á skrifstofu. Árið 2017 voru stöðugildi hjá N1 að meðaltali um 545 á mánuði, árið 2016 voru þau 532.



Hlutfall starfsmanna eftir starfi og kyni í desember 2016 og 2017

	Fjöldi í starfi		2016				2017			
	2016	2017	Konur	%	Karlar	%	Konur	%	Karlar	%
Þjónustustöðvar	404	417	210	52	194	48	212	51	205	49
Skrifstofa	100	87	36	36	64	64	33	38	54	62
Bílaþjónusta	99	101	0	0	99	100	2	2	99	98
Verslanir	20	19	6	30	14	70	6	32	13	68
Vöruhús	37	34	3	8	34	92	3	9	31	91
Samtals	660	658	255		405		256		402	

Fjöldi starfsfólks í desember	Samtals	Konur	Karlar
2015	658	272	386
2016	660	255	405
2017	658	256	402

Fjöldi launaseðla í desember	Samtals	Stöðugildi
2015	679	491
2016	688	501,28
2017	686	507

Fæðingarorlof 2016

Allir starfsmenn N1 sem unnið hafa hjá félaginu í 6 mánuði eða lengur eiga rétt á fæðingarorlofsgreiðslum úr fæðingarsjóði. Árið 2017 var fjöldi starfsmanna í fæðingarorlofi 20, 12 konur (meðalfjöldi fæðingarorlofsdaga 45) og 8 karlar (meðalfjöldi fæðingarorlofsdaga 28). Fimm konur snéru ekki til baka að orlofi loknu.

Helgun starfsfólks - starfsánægja

Framkvæmd var vinnustaðagreining í lok nóvember til að kanna stöðu innra starfs og hvernig starfsmenn upplifa vinnustaðinn, starfsumhverfið, álag, upplýsingamiðlun og aðra þætti sem snúa að innri ferlum fyrirtækisins. Vinnustaðagreiningin tekur mið af starfsánægju, starfsanda, markmiðum, streitu, vinnuaðstöðu, trausti til stjórnenda og yfirmanna, þekkingu á gildum og hvatningu. Gott starfsumhverfi leiðir til jákvæðs starfsanda þar sem frumkvæði og samheldni starfsfólks stuðlar að aukinni starfsánægju. Jafnframt telur N1 mikilvægt að vinnuaðstaða og tækjabúnaður sé eins og best verður á kosið. Hollusta starfsfólks er mæld með fjórum spurningum: heildaránægja, myndi mæla með N1 sem góðum vinnustað, stolt og mikilvægi starfs. Mælist hollustan nú 4,18. Niðurstöður sýna að starfsánægja minnkaði lítillega á milli ára og mælist nú 4,15 í stað 4,20 árið 2016. Niðurstöður vinnustaðagreiningar eru notaðar til að grípa til aðgerða sé úrbóta þörf í starfsumhverfinu.

Mælingar á innri þjónustu

N1 leggur áherslu á að veita starfsmönnum sínum kraftmikla þjónustu. Til að kanna upplifun starfsmanna á innri þjónustu fyrirtækisins var framkvæmd þjónustukönnun í fyrsta skipti hjá fyrirtækinu, á fjármála- og rekstrarsviði. Niðurstöður könnunarinnar eru notaðar til að bæta þjónustuna þar sem þess gerist þörf. Til stendur að kanna þjónustu fleiri sviða á næsta ári.



Starfsmannasamtöl og frammistöðumat


Starfsfólk er boðað í starfsmanna- og frammistöðusamtöl en miðað er við að samtöl séu tekin einu sinni til tvisvar sinnum á ári. Áður voru samtölin tvisvar til fjórum sinnum á ári en því fyrirkomulagi var breytt á árinu að ósk stjórnenda. Samtölin byggja á fyrirfram skilgreindum markmiðum og á ákveðnu þema þar sem horft er til starfsánægju, styrkleika, starfsþróunar og þjálfunar, tækifæri til vaxtar, hagkvæmni og árangurs. Stjórnendur og starfsmenn meta frammistöðuna eftir þessum þáttum og finna leiðir til úrbóta sé þess þörf. Sett eru markmið og í næsta samtali eru þau rifjuð upp, sem eykur líkur á eftirfylgni.

Heilsa

N1 er í samstarfi við Heilsuvernd sem sinnir skráningu á veikindum og slysum starfsfólks N1. Starfsfólk getur einnig leitað til Heilsuverndar og fengið ráðleggingar vegna veikinda sinna eða fjölskyldumeðlima, líkamsbeitingar eða annars konar heilsutengdra mála. Heilsuvernd heldur utan um veikindaskráningar og sendir N1 mánaðarlega skýrslur vegna þeirra.

Meðalfjöldi veikindadaga árið 2017 var 8,5 en 8,6 dagar árið 2016. Fjarverudagar vegna veikinda barna voru 318 talsins árið 2017 en voru 269 árið 2016.

N1 hvetur starfsfólk til heilsueffingar með ýmsum hætti m.a. með því að veita fastráðnum starfsmönnum líkamsræktarstyrk að upphæð 20.000 kr. árlega.



Öryggis- og heilsumánuður

Í febrúar ár hvert er öryggis- og heilsumánuður hjá N1. Þá er efst á baugi að efla öryggis- og heilsuvitund starfsmanna. Áhersla er lögð á öryggi í starfsumhverfinu og athygli vakin á heilbrigði og hreyfingu. Námskeið og fræðslufyrirlestrar tengdir skyndihjálpi, eldvörnum, efnu og efnavörum, gæða-, umhverfis- og öryggismálum, ráni og rýrnun ásamt fyrirlestrum um heilsu og mataræði eru í brennidepli þennan mánuð. Starfsmenn eru hvattir til að taka þátt í Lífshlaupinu í febrúar, að hreyfa sig og taka þátt í skemmtilegum leik með vinnufélögum. Í febrúar árið 2017 sóttu 330 starfsmenn 23 námskeið tengd öryggi, heilsu og persónulegri færni á vegum N1 skólans.

N1 skólinn

Stefna N1 í fræðslumálum er að stuðla að nauðsynlegri starfsþjálfun og fræðslu starfsmanna. Félagið leggur mikla áherslu á fræðslu og starfsþróun við uppbyggingu öflugrar liðsheildar. Fræðsluþörf starfsmanna er metin árlega í starfsmanna- og frammistöðuviðtölum og vinnustaðagreiningu auk þess sem stjórnendur meta fræðsluþörf starfsmanna sinna. Fræðslan er síðan kortlögð með tilliti til heildarmarkmiða N1. Vel þjálfaður starfsmaður er betur í stakk búinn til að takast á við vinnu sína, laðar að sér viðskiptavinum, eykur tryggni og býr yfir þekkingu og færni sem nýtist fyrirtækinu. Samhliða innri þjálfunaráætlunum styður félagið starfsmenn sem leita sér sí- og endurmenntunar utan vinnutíma að því marki sem hún tengist núverandi eða komandi viðfangsefnum á vegum N1. Þjálfun og fræðsla tekur mið af stefnu fyrirtækisins og þannig er tryggt að hún sé eins markviss og kostur er.

N1 starfrækir N1 skólann sem hefur það hlutverk að uppfylla fræðsluþarfir starfsmanna. Stefnan er að sem mest þjálfun og fræðsla fari fram innan fyrirtækisins og sé skipulögð af eða fyrir N1. Sé þess ekki kostur er leitað út fyrir N1 til þeirra aðila sem best henta hverju sinni. Grunnstoðir N1 skólans byggja á þjálfun og fræðslu um þjónustu, sölu, vörubekkingu, verkferla, uppbyggingu og starfsemi N1, stjórnun og öryggis- og gæðamál.

N1 þarf að uppfylla fræðsluskyldur starfsmanna vegna ISO 14001 gæðavottunar, Michelin og ExxonMobil vottunar og vegna sölu á vörum frá einstaka birgjum og er sú fræðsla skipulögð hjá N1 skólanum. N1 skólinn heldur reglulega fræðslufundi yfir vetrartímann, svokallaða föstudagsfundi og er markmiðið með þeim að miðla upplýsingum og fróðleik til starfsmanna, bæði til gagns og gamans. Að meðaltali eru 1-2 föstudagsfundir í mánuði, sumir fyrirlestranna eru teknir upp og gerðir aðgengilegir á Torginu, innríf N1, þar sem allir starfsmenn geta nálgast þá.

N1 setti sér þjónustustefnu árið 2017 sem einkennist af gildum fyrirtækisins, virðingu, einfaldleika og krafti. Útbúnir voru þjónustustaðlar þar sem áherslan er á samræmd vinnubrögð og kraftmikla þjónustu. Móttaka og þjálfun nýliða hefur verið eflað með því að byggja upp öflugt mentorakerfi þar sem reynslumiklir og velþjálfðir starfsmenn taka á móti nýliðum, undirbúa og hjálpa þeim við að takast á við starf sitt með uppbyggjandi endurgjöf og hvatningu. Haustið 2017 hófust námskeið hjá N1 skólanum vegna Kraftmikillar þjónustu – hlutverk mentora við móttöku og þjálfun nýliða og voru haldin 11 námskeið

fyrir stjórnendur og væntanlega mentora þjónustustöðva N1 um land allt.

Árið 2017 voru 55 námskeið haldin á vegum N1 skólans sem 630 starfsmenn sóttu og voru fræðslustundir samtals 1563. Framboð námskeiða hjá N1 skólanum getur verið ólíkt á milli ára þar sem áherslan er misjöfn hverju sinni. Starfsmenn eru duglegir að sækja fyrirlestra á vegum Dokkunnar, Stjórnvísí og annarra símenntunarfélaga en ekki er haldin skráning yfir þá fræðslu.



Öll fræðsla á vegum N1 skólans er starfsmönnum að kostnaðarlausu. Hverjum og einum er hins vegar frjálst að sækja önnur námskeið þar fyrir utan. N1 skólinn er grundvöllur þess að hægt sé að sinna þjálfun og endurmenntun starfsmanna á markvissan hátt og gera þá um leið að hæfari starfskröftum til framtíðar.

N1 skólinn	2015	2016	2017
Fræðslustundir	1473	847,5	1563
Meðaltími fræðslustunda á starfsmann	1,95 klst.	2,3 klst.	2,5 klst.

N1 skólinn

Starfsþróun	Starfsfólk fjöldi	Konur	Karlar	Fræðslustundir alls
Öryggisnámskeið	287	129	158	626
Verkferlar og vinnubrögð	122	44	78	251,5
Sala, þjónusta, vörupækking	121	31	90	336
Persónuleg færni	72	18	54	325
Upplýsingatækni - kerfi	30	13	17	24,5

Starfsmannafélag N1 - SN1

Hjá starfsmannafélagi N1 er starfsmaður í hálfu starfi sem N1 kostar. Starfsmannafélagið er öflugt og stendur fyrir ýmsum viðburðum árlega. Starfsmenn geta fengið margskonar afþreyingu á niðurgreiddu verði svo sem leikhús- og bíómiða. Starfsmenn sem greiða gjald í starfsmannafélagið hafa afnot af orlofshúsum í eigu félagsins. Starfsemi SN1 miðar að því að auka starfsánægju og samheldni starfsmanna til eflingar liðsanda. Viðburðir á vegum SN1, N1 og N1 skólans eru auglýstir á Torginu, innrífef N1. Þar geta allir starfsmenn

einnig nálgast upplýsingar um vinnuna, starfsmannatengt efni, fréttir úr starfseminni og fleira.

Torgið, innrífefur N1, er ein helsta upplýsingaveita fyrirtækisins og er aðgengilegur starfsmönnum hvar sem er. Allir starfsmenn geta sett skilaboð inn á vefinn, deilt fréttum, sett inn myndir, sótt upplýsingar um viðburði, stefnur, starfskjör, sótt um olofshús á vegum SN1 og margt fleira. Þar er einnig öflug fréttaveita. Vefurinn styttir boðleiðir, styrkir starfsandann og myndar betri liðsheid.

Laun framkvæmdastjórnar og árangurstengdar greiðslur

N1 hefur samið starfskjarastefnu í samræmi við þau skilyrði sem fram koma í 79. gr. a. laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Markmiðið með stefnunni er að félagið sé samkeppnishæft og geti ráðið til sín framúrskarandi starfsfólk og stjórnendur. Til að svo megi verða er nauðsynlegt að stjórn félagsins sé kleift að bjóða samkeppnishæf laun og aðrar greiðslur sem tíðkast hjá sambærilegum fyrirtækjum.

Kaupaukakerfi framkvæmdastjórnar var kynnt þegar N1 var skráð á markað og eiga þeir sem eru í framkvæmdastjórn félagsins rétt á árangurstengdum greiðslum samkvæmt ákveðnum viðmiðum sem samþykkt eru af starfskjaranefnd félagsins. Viðmiðin eru annars vegar markmið sem forstjóri setur hverjum framkvæmdastjóra og eru markmiðin samþykkt af formanni starfskjaranefndar og hins vegar áætluð EBITDA félagsins á ársgrundvelli sem samþykkt er af stjórn félagsins.

Markmiðin sem framkvæmdastjórn eru sett vega 20% af árangurstengdum greiðslum á meðan EBITDA rekstrarárs í samanburði við áætlaða EBITDA rekstrarárs vegur 80%. Sé EBITDA á milli 95% - 110% af samþykktri áætlun geta framkvæmdastjórnar átt rétt á árangurstengdum greiðslum sem nema eins til þriggja mánaða launum en forstjóri getur átt rétt á greiðslum sem nema allt að sex mánaða launum.

Árangurstengdar greiðslur eru greiddar út 1. mars eftir að almanaksári lýkur ef settum viðmiðum fyrir rekstrarárið á undan hefur verið náð sem er staðfest í endurskoðuðum ársreikningi félagsins. Árið 2016 var besta ár í rekstri félagsins og voru árangurstengdar greiðslur til framkvæmdastjórnar í mars 2017 í hámarki og skýra þær hærri laun forstjóra og framkvæmdastjóra N1 að mestu leyti. Starfskjarastefna félagsins gerir jafnframt ráð fyrir því, að umbuna megi stjórnendum með veitingu kaupréttar á hlutum í félaginu. Engir kaupréttir hafa þó verið og hvatakerfið því bundið við það form árangurstengingar sem að framan er lýst.

Fjárhæðir eru í þús. kr.	Laun	Hlunnindi	Árangurs- tengdar greiðslur	Samtals
Árið 2017				
Forstjóri	45.733	3.742	21.000	70.475
Fjórir framkvæmdastjórnar	103.680	12.548	24.000	140.228
Árið 2016				
Forstjóri	42.130	3.507	12.800	58.437
Fjórir framkvæmdastjórnar	94.706	11.114	16.400	122.220

Siðareglur N1

Okkur er ljóst að orðspor N1 er ein dýrmætasta eign félagsins. Í þessu ljósi höfum við sett okkur eftirfarandi siðareglur, sem gilda um alla starfsemi félagsins og alla starfsmenn og stjórn þess, sem og þá verktaka, sem sinna verkefnum fyrir félagið.

Samfélagið

Við förum eftir öllum lögum og reglum sem eiga við starfsemi félagsins og leggjum okkur fram um að vera traustir þátttakendur í samfélaginu.

Viðskiptavinirnir

Við berum virðingu fyrir viðskiptavinum okkar og leggjum allt kapp á að veita þeim framúrskarandi vörur og þjónustu á sanngjörnu verði. Á sama hátt virðum við birgja okkar og metum að verðleikum hlutverk þeirra í virðiskeðjunni.

Starfsfólkið

Við leggjum kapp á að tryggja öryggi og vellíðan starfsfólks félagsins með aðbúnaði á vinnustað, fræðslu og þjálfun. Við fylgjum viðurkenndum öryggis- og heilsuverndarstöðlum. Við erum umburðarlynd, tökum tillit til ólíkra sjónarmiða og leyfum hæfileikum hvers og eins að njóta sín. Við stuðlum að jafnrétti á vinnustað og erum málefnaleg og sanngjörn í öllum okkar samskiptum. Við líðum hvorki einelti né aðra áreitni.

Hluthafarnir

Við veitum hluthöfum og öðrum markaðsaðilum réttar og skilmerkilegar upplýsingar um rekstur félagsins eins og hæfir skráðu félagi á markaði. Félagið fer eftir reglum markaðarins og góðum stjórnarháttum.

Umhverfið

Við sýnum umhverfinu virðingu og leitumst við að bjóða umhverfisvænar vörur og þjónustu. Við leggjum okkur fram um að valda sem minnstum skaða á umhverfinu með starfsemi félagsins og fylgjum viðurkenndum umhverfis-, gæða-, öryggis- og heilsufarsstöðlum.

Trúnaður

Við virðum þagnarskyldu um þær trúnaðarupplýsingar, sem okkur berast, og helst sú þagnarskylda þótt látið sé af störfum. Við nýtum okkur ekki trúnaðarupplýsingar til ávinnings, hvorki fyrir okkur sjálf né aðra.


Samþykkt 27. janúar 2015



Hagsmunaaðilar

Það er hverju fyrirtæki nauðsynlegt að gera sér grein fyrir hverjir hagsmunaaðilar þess eru, að hafa gott samráð við þá og upplýsa þá eftir atvikum. Með því að greina hagsmunaaðila sína getur N1 betur stýrt samskiptum við þá svo að þau séu uppbyggileg og báðum aðilum til hagsbóta. Þannig getur N1 vaxið og dafnað áfram sem mikilvægur þátttakandi í íslensku samfélagi. Lausleg greining á hagsmunaaðilum hefur leitt í ljós að innri hagsmunaaðilar N1 eru mannauður, viðskiptavinir, hluthafar, samfélagið og birgjar. Ytri hagsmunaaðilar félagsins eru eftirlitsaðilar, löggjafarvald, fjárfestar, hagsmunafélög, þrýstihópar, fjölmiðlar og bankar.

Innri og ytri hagsmunaaðilar N1



Skipurit 2017



Stjórnarháttayfirlýsing

Stjórn

Stjórnarhættir N1 eru markaðir af starfsreglum stjórnar, samþykktum félagsins og lögum nr. 2/1995 um hlutafélög. Gildandi starfsreglur stjórnar voru samþykktar á stjórnarfundi þann 9. apríl 2013. Reglurnar eru settar samkvæmt ákvæðum í 4. mgr. 70. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög og 2. mgr. 17. gr. samþykktu félagsins. Í samþykktum er kveðið á um tilgang félagsins, hlutafé þess, hluthafafundi, stjórn, forstjóra, reikningshald og endurskoðun. Núverandi starfskjarastefna N1 var samþykkt á aðalfundi félagsins þann 23. mars 2015. Stefnan nær til starfskjara stjórnarmanna, forstjóra og æðstu stjórnenda félagsins.

Starfsreglur stjórnar, samþykktir félagsins og upplýsingar um starfskjarastefnu eru aðgengilegar á vefsíðu N1, www.n1.is/fjarfestatengsl. N1 fylgir leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja, 5. útgáfu 2015, sem gefnar voru út af Viðskiptaráði Íslands, NASDAQ Iceland og Samtökum atvinnulífsins, að öllu leyti nema:

- Stjórn N1 hefur ekki skipað tilnefninganefnd
- Stjórnarháttayfirlýsingin inniheldur ekki greiningu á umhverfisþáttum og félagslegum þáttum sem nauðsynlegir eru til að skilja þróun, árangur og stöðu félagsins
- Stjórnarháttayfirlýsingin inniheldur ekki upplýsingar um helstu þætti í árangursmati stjórnar sem hefur farið fram.

Stjórn N1 fer með æðsta vald í málefnum félagsins á milli hluthafafunda og ber meginábyrgð á rekstri þess. Samskipti stjórnar og hluthafa fara fram á hluthafafundum. Stjórnarmenn í félaginu eru sjálfstæðir í störfum sínum og taka ekki við fyrirmælum frá hluthöfum félagsins eða öðrum hagsmunaaðilum. Stjórnarmenn gæta jafnframt trúnaðar í störfum sínum og veita ekki hluthöfum upplýsingar um rekstur eða starfsemi félagsins nema slíkt sé kynnt á vettvangi stjórnar.

Stjórn N1 hf. er skipuð fimm stjórnarmönnum sem kjörnir eru árlega á aðalfundi. Margrét Guðmundsdóttir er formaður stjórnar og hefur setið í stjórn félagsins frá árinu 2011 og hefur verið formaður frá árinu 2012. Kristín Guðmundsdóttir tók sæti í stjórn árið 2011, Helgi

Magnússon árið 2012, Jón Sigurðsson árið 2014 og Þórarinn V. Þórarinnsson árið 2015. Í stjórn N1 hf. eru tvær konur og þrír karlar og uppfyllir félagið ákvæði laga um hlutafélög um kynjahlutföll stjórnar sem tóku gildi 1. september 2013. Stjórnarmenn eru með fjölbreytta menntun og hafa viðtæka reynslu úr atvinnulífinu.

Þeir sem hyggjast gefa kost á sér í stjórn félagsins þurfa að tilkynna það skriflega til stjórnarinnar að minnsta kosti fimm sólarhringum fyrir upphaf aðalfundar. Samþykktum félagsins má einungis breyta með samþykki 2/3 hluta greiddra atkvæða á löglegum hluthafafundi, enda sé þess rækilega getið í fundarboði að slík breyting sé fyrirhuguð og í hverju hún felst.

Stjórnarhættir

Stjórnin hefur sett sér starfsreglur sem yfirfarnar eru árlega. Í þeim er að finna skilgreiningu á valdsviði stjórnar og verksviði stjórnar gagnvart forstjóra. Í reglunum er meðal annars að finna ákvæði um skipan stjórnar, samskipti við hluthafa, boðun funda og ályktunarhæfni, fundargerðir og innihald þeirra, reglur um þagnar- og trúnaðarskyldu stjórnarmanna og reglur um hæfi stjórnarmanna til þátttöku í afgreiðslu mála. Stjórn kys sér formann og varaformann ásamt því að skipa nefndarmenn undirnefnda. Stjórnarfundi skal halda svo oft sem þörf krefur og að jafnaði eigi sjaldnar en mánaðarlega. Fundarstaður félagsstjórnar er í höfuðstöðvum N1 hf. að Dalvegi 10-14, 201 Kópavogi. Formaður stjórnar fundum félagsstjórnar. Forstjóri á sæti á fundum félagsstjórnar og hefur þar umræðu- og tillögurétt, nema félagsstjórn ákveði annað í einstökum tilfellum. Stjórn félagsins ákveður meðal annars starfskjör forstjóra og hittir endurskoðendur reglulega. Stjórn hefur skipað endurskoðunarnefnd og starfskjaranefnd.

Til að tryggja að reikningsskil félagsins séu í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla hefur félagið lagt áherslu á vel skilgreind ábyrgðarsvið, eðlilega aðgreiningu starfa, ásamt reglulegri skýrslugjöf og gegnsæi í starfseminni. Ferli mánaðarlegrar skýrslugjafar ásamt rýni fyrir einstakar deildir er mikilvægur þáttur í eftirliti með afkomu og öðrum lykilþáttum starfseminnar. Mánaðarleg uppgjör eru unnin og lögð fyrir stjórn félagsins. Til staðar eru verklagsreglur til að tryggja eftirlit

með tekjuskráningu og rekstrarkostnaði ásamt fleiri liðum sem hafa áhrif á rekstur félagsins. Áhættustýring er yfirfarin reglulega til að endurspeglar breytingar á markaðsaðstæðum og starfsemi félagsins. Með þjálfun starfsmanna og starfsreglum stefnir félagið að öguðu eftirliti þar sem allir starfsmenn eru meðvitaðir um hlutverk sitt og skyldur. Rekstraráhættu er mætt með því að hafa eftirlit með viðskiptum og fylgni við lög. Stjórn hefur sett stefnu um eiginfjárstýringu til að eiginfjárstaða félagsins sé sterk og styðji við stöðugleika í framtíðarþróun starfseminnar.

Allir stjórnarmenn hafa lagt fram persónulegar upplýsingar svo hægt sé að leggja mat á hæfi þeirra er varðar stjórnarsetu í öðrum félögum, eignarhluti í félaginu, beint eða í gegnum tengda aðila og möguleg hagsmunatengsl. Allir stjórnarmenn eru óháðir félaginu og stórum hluthöfum þess.

Gildi félagsins, siðareglur og stefna um samfélagslega ábyrgð

Gildi N1 eru:

Virðing – við sýnum starfsmönnum, viðskiptavinum og samfélaginu öllu virðingu.

Einfaldleiki – við erum skýr og einbeitt í öllu okkar starfi.

Kraftur – við erum jákvæð, ákveðin og í forystu á okkar sviði

Það er stefna félagsins að vera í forystu til framtíðar, liður í því er að vera samfélagslega ábyrg. Samhliða ársreikningi verður gefin út samfélagsskýrsla samkvæmt Global Reporting Initiative. Með skipulögðum og viðurkenndum aðgerðum kappkostar N1 að lágmarka umhverfisáhrif frá starfsemi félagsins. N1 fékk Jafnlaunavottun VR þann 19. júní 2015, fyrst olíufélaga. Það staðfestir að hjá okkur er starfsfólki, sem vinnur sömu eða jafnverðmæt störf, ekki mismunað í launum. Árlega leitar fjöldi félagasamtaka, stofnana og einstaklinga til félagsins um stuðning við góð málefni. N1 leggur áherslu og forvarnar- og íþróttastarf.

Helstu þættir innra eftirlits og áhættustýring félagsins

Reglulegur hluti af starfsemi félagsins er að hafa eftirlit með helstu þáttum í rekstri fyrirtækisins og tryggja þannig samfellu í rekstri og lágmörkun áhættu. Áhættustýring er samofin ábyrgð við daglegan rekstur félagsins.

Helstu þættir innra eftirlits og áhættustýringar félagsins eru yfirfarnir af stjórn einu sinni á starfsári.

Félagið hefur ekki starfandi innri endurskoðanda, en endurskoðendur félagsins vinna afmarkaðar úttektir á ferlum félagsins.

Hluthafar félagsins

Félagið er hlutafélag og upplýsingar um helstu eigendur þess er að finna á heimasíðu félagsins, www.n1.is.



Stjórn

Stjórn N1 fer með æðsta vald í málefnum félagsins og ber meginábyrgð á rekstri þess. Stjórnarmenn félagsins eru sjálfstæðir í störfum sínum og gæta trúnaðar um starfsemi félagsins. Samskipti stjórnar og hluthafa fara fram á hluthafafundum.



Margrét Guðmundsdóttir
Stjórnarformaður

Margrét Guðmundsdóttir, f. 1954, starfaði sem forstjóri Icepharma hf. 2006-2016. Hún hóf störf hjá Austurbakka hf. 2005 en fyrirtækið sameinaðist Icepharma og Ísmed 2006 undir nafni Icepharma hf. Áður starfaði Margrét sem framkvæmdastjóri hjá Skeljungu 1995-2005, framkvæmdastjóri hjá Kuwait Petroleum (Danmark) A/S 1986-1995 og skrifstofustjóri hjá Dansk ESSO, síðar Statoil, 1982-1986. Hún var aðstoðarframkvæmdastjóri AIESEC International í Brussel 1978-1979.

Margrét situr í stjórn Eignarhaldsfélagsins Lyngs ehf., Lyfjapjónustunnar ehf., Heklu hf., Reiknistofu bankanna, ISAVIA ohf. og Paradísar ehf. Margrét var formaður European Surgical Trade Association 2011-2013 og sat í stjórn félagsins frá 2009-2015. Hún var formaður Félags atvinnurekenda 2009-2013, sat í stjórn Reiknistofu bankanna 2010-2011 og stjórn SPRON 2008-2009. Margrét hefur einnig setið í stjórn eftirtalda fyrirtækja: Skýrr hf., Frigg hf., Q8 A/S í Danmörku og Dansk Institut for Personalerådgivning.

Margrét er með stúdentspróf frá Verzlunarskóla Íslands, Cand. oecon. gráðu í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands, Cand. merc. próf frá Copenhagen Business School og Executive menntun frá CEDEP/Insead í Frakklandi. Margrét hóf stjórnarstörf hjá N1 árið 2011 og hefur verið formaður frá 2012.



Helgi Magnússon
Varaformaður

Helgi Magnússon, f. 1949, starfar sem framkvæmdastjóri Eignarhaldsfélags Hörpu ehf. Hann var áður framkvæmdastjóri Málningarverksmiðjunnar Hörpu og Hörpu-Sjafnar. Hann var ritstjóri Frjálsrar verslunar og rak eigin endurskoðunarfyrirtæki. Helgi er stjórnarformaður Bláa Lónsins hf. og Húsasmiðjunnar og á sæti í stjórn Marels hf. og Hofgarða ehf.

Helgi sat í stjórn og framkvæmdastjórn Samtaka atvinnulífsins 2006-2013. Hann var formaður Samtaka iðnaðarins 2006-2012, átti sæti í stjórn Íslandsbanka hf. 1997-2005 og hefur m.a. setið í stjórnnum eftirtalinna félaga: Lífeyrissjóður verzlunarmanna, Verslunarráð Íslands, Stúdentaráð, Knattspyrnudeild Vals, Valsmenn hf., Harpa hf., Harpa-Sjöfn hf., Flügger ehf., Íslenskur markaður hf., Skipasmíðastöð Njarðvíkur hf., Þróunarfélag Íslands hf., Lífeyrissjóðurinn Framsýn, Íslenski lífeyrissjóðurinn, Landssamtök lífeyrissjóða og Átak til atvinnusköpunar.

Helgi er með stúdentspróf frá Verzlunarskóla Íslands, Cand. oecon. gráðu í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands og er löggiltur endurskoðandi. Helgi hóf stjórnarstörf hjá N1 árið 2012.



Kristín Guðmundsdóttir

Kristín er fædd 1953 og starfar sem framkvæmdastjóri KG slf. Árið 2011 gegndi hún starfi forstjóra Skipta hf. en þar á undan var Kristín fjármálastjóri Símans hf. og Skipta hf. 2003-2010 og fjármálastjóri Granda hf. 1994-2002. Kristín starfaði einnig til fjölda ára sem forstöðumaður hjá Íslandsbanka og lðnaðarbanka Íslands.

Kristín er í stjórn Kviku banka frá 2018, hún var varaformaður í stjórn Straums fjárfestingarbanka frá 2013-2015, í stjórn Kviku banka 2015-2016 og í varastjórn Kviku banka frá 2016-2017. Hún er einnig í stjórn Farice frá 2013 og í stjórn RVK-Studios frá 2015. Kristín var stjórnarformaður Sparisjóðs Vestmannaeyja 2011-2013 og sat í stjórn Mílu ehf. 2007-2011 en þar sinnti hún starfi stjórnarformanns árið 2011. Kristín sat í stjórn Símans hf. 2007-2011 og var stjórnarformaður árið 2011. Hún er í fjárfestingarráði Eyrís sprota frá 2015. Kristín situr í stjórn Golfsambands Íslands.

Kristín hefur m.a. setið í stjórnnum eftirfarandi fyrirtækja: Skjá miðlar ehf., Fasteignafélagið Jörfi ehf., Sjóminjasafnið, Farsímagreiðslur ehf., Straumur hf., Verslunarráð Íslands, Verðbréfaskráningar Íslands hf. og Lífeyrissjóður verkstjóra. Kristín er með stúdentspróf frá Verzlunarskóla Íslands og Cand. oecon. gráðu í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands. Kristín hóf stjórnarstörf hjá N1 2011.



Jón Sigurðsson

Jón Sigurðsson er fæddur árið 1978 og starfar í dag sem framkvæmdastjóri Helgafells ehf. og Straumness ráðgjafar ehf. Hann starfaði hjá GAMMA á árunum 2012-2016 og hjá Stoðum frá árinu 2005-2010, þar af sem forstjóri félagsins frá 2007-2010. Áður var Jón starfsmaður fyrirtækjaráðgjafar Landsbankans á árunum 2003-2005 og starfsmaður fyrirtækjaráðgjafar Búnaðarbankans árin 2002-2003.

Jón situr í stjórn Refresco Group B.V., Stoða hf. og Gámaþjónustunnar hf. Áður sat Jón í stjórn Tryggingamiðstöðvarinnar, Fjarðalax hf., Icelandair Group, Glitnis banka og Hitaveitu Suðurnesja. Hann er með stúdentspróf frá Verzlunarskóla Íslands og B.Sc. próf í viðskiptafræðum frá Háskólanum í Reykjavík. Jón hóf stjórnunarstörf hjá N1 árið 2014.



Þórarinn V. Þórarinnsson

Þórarinn V. Þórarinnsson er fæddur 1954 og er starfandi lögmaður á eigin lögmannsstofu, Advocatus slf. Þórarinn var lögfræðingur hjá Vinnuveitendasambandi Íslands frá 1980, aðstoðarframkvæmdastjóri sambandsins frá 1983 og framkvæmdastjóri 1986 til 1999. Hann var forstjóri Símans frá 1999-2001.

Þórarinn er formaður stjórnar Reita fasteignafélags hf. og stjórnar Líflands hf. og situr í stjórnnum Nesbúeggja ehf., Grana ehf. og Forsa ehf. Hann hefur setið um lengri eða skemmri tíma í stjórnnum margra félaga, skráðra og óskráðra, bæði í þjónustustarfsemi og framleiðslu.

Þórarinn er með stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík og er Cand.jur. í lögfræði frá Háskóla Íslands 1980. Hann öðlaðist réttindi sem héraðsdómslögmaður 1986 og hæstaréttarlögmaður 2010.


Fjárhagsleg frammistaða 2016


Heimsmarkaðsverð á olíu og gengi krónunnar gagnvart öðrum gjaldmiðlum, einkum Bandaríkjadollar, hefur alltaf veruleg áhrif á reksturinn. Helstu áhrifavaldar í þróun heimsmarkaðsverðs olíu eru þó í venjulegu árferði árstíðabundnar eftirspurnarsveiflur, efnahagslegar aðstæður á stærstu olíumörkuðum heimsins og aðgengi að olíulindum. Gengi krónunnar endurspeglar annars vegar af innri áhrifum í íslenska efnahagskerfinu og hins vegar alþjóðlegu umhverfi svo sem gengi dollars gagnvart evru.

Þróun heimsmarkaðsverðs á olíu á árinu hafði jákvæð áhrif á afkomu félagsins. Á árinu 2017 hækkaði heimsmarkaðsverð á bensíni um 14% og á sama tíma lækkaði gengi dollars gagnvart krónu um 9,5%.

Afkoma

Hagnaður N1 árið 2017 nam 2.071 millj. kr., samanborið við 3.378 millj. kr. árið 2016. Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut nam 8,28 kr. árið 2017, samanborið við 9,74 kr. árið áður. Rekstrartekjur félagsins árið 2017 námu 35.050 millj. kr. samanborið við 34.139 millj. kr. árið áður. Það er 2,71% hækkun á milli ára. Framlegð af vörusölu jókst um 1,2% á milli ára sem skýrist að mestu af auknum umsvifum á einstaklingsmarkaði og í bílaþjónustu. EBITDA var 3.535 millj. kr. árið 2017 samanborið við 3.625 millj. kr. árið áður. Fjármagnsliðir voru neikvæðir um 5 millj. kr. á árinu og neikvæðir um 22 millj. kr. á árinu 2016.





Opinber gjöld skiptast í virðisaukaskatt, skatta á eldsneyti og aðrar vörur og launatengd gjöld. N1 greiddi 16.563 millj. kr. í opinber gjöld árið 2017 samanborið við 16.138 millj. kr. árið 2016, sem jafngildir 2,6% hækkun á milli ára. Árið 2017 greiddi félagið að meðaltali 1.380 millj. kr. á mánuði í opinber gjöld eða rúmlega 45 millj. kr. á dag.

Rekstrargjöld

Laun og annar starfsmannakostnaður

Stöðugildi voru 507 í árslok 2017 en voru 502 árið áður. Starfsmannafjöldi var að meðaltali 545 en 532 árið áður sem er aukning um 2% og skýrist hækkunin af auknum umsvifum á einstaklingsmarkaði og í bílaþjónustu. Laun og annar starfsmannakostnaður nam 4.554 millj. kr. árið 2017, samanborið við 4.234 millj. kr. árið áður. Laun og annar starfsmannakostnaður hækkaði því um 8% á milli ára en hækkunin er vegna samningsbundinna launahækkana samkvæmt kjarasamningum.

Sölu- og dreifingarkostnaður

Sölu- og dreifingarkostnaður nam 2.059 millj. kr. árið 2017, samanborið við 2.079 millj. kr. árið áður sem er 1% lækkun. Viðhaldskostnaður lækkaði um 26 millj. kr. og markaðskostnaður um 11 millj. kr.

Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður nam 1.634 millj. kr. árið 2017, samanborið við 1.635 millj. kr. árið en hann hefur breyst óverulega milli ára.

Afskriftir

Afskriftir námu 1.007 millj. kr. árið 2017, samanborið við 773 millj. kr. árið 2016.

Fjármagnsliðir

Hreinn fjármagnskostnaður var 5 millj. kr. á árinu 2017 en 22 millj. kr. árið áður. Fjármunatekjur lækkuðu um 45% á milli ára og voru fjármagnsgjöld 15% lægri en árið áður. Lækkun á fjármunatekjum var 75 millj. kr. sem má að mestu rekja til lægri stöðu handbærs fjár og lægri innlánavaxta. Gengishagnaður var 23 millj. kr. árið 2017 á móti 2 millj. kr. gengistapi árið áður.

Efnahagsreikningur

Bókfært verð eigna félagsins í árslok 2017 nam 27.656 millj. kr. samanborið við 25.622 millj. kr. árið áður en hækkunin skýrist að mestu af hækkun á fastafjármunum. Eigið fé í lok árs 2017 var 13.812 millj. kr., en var 12.572 millj. kr. í lok árs 2016. Eiginfjárlutfall var 49,9% í lok árs 2017, samanborið við 49,1% í lok árs 2016. Í lok árs 2017 námu heildarskuldir 13.845 millj. kr. samanborið við 13.050 millj. kr. árið áður.

Eignir


Fastafjármunir

Óefnislegar eignir félagsins námu 215 millj. kr. í árslok 2017, samanborið við 258 millj. kr. árið áður en afskriftir ársins vegna óefnislegra eigna námu 53 millj. kr. og keyptur hugbúnaður 10 millj. kr. Óefnislegar eignir félagsins samanstanda af hugbúnaði að fjárhæð 100 millj. kr. og eignfærðum keyptum vörumerkjum að fjárhæð 115 millj. kr. Rekstrarfjármunir félagsins námu 16.940 millj. kr. í árslok 2017, samanborið við 15.773 millj. kr. árið áður. Hækkunin er að mestu vegna kaupa félagsins á Klettagörðum 13. Afskriftir ársins af rekstrarfjármunum námu 954 millj. kr. og viðbætur 2.516 millj. kr. Í lok árs 2012 seldi N1 FAST2 ehf. fasteignina að Klettagörðum 13. Samhliða sölunni leigði félagið eignina til baka til 10 ára með kauprétti að henni eftir 5 ár og aftur

í lok leigutíma á framreiknuðu söluverði. Í september 2017 nýtti N1 kaupréttinn og keypti fasteignina á 1.653 m.kr. Eignarhlutir í hlutdeildarfélagum og öðrum félögum námu 1.856 millj. kr. í árslok 2017, samanborið við 1.764 millj. kr. árið áður sem er hækkun um 91 millj. kr. eða 5% á milli ára. Hækkunin er vegna hlutdeildar í afkomu hlutdeildarféлага.



Veltufjármunir

Veltufjármunir félagsins námu 8.525 millj. kr. í árslok 2017, samanborið við 7.768 millj. kr. árið áður. Hækkunin skýrist af auknu handbæru fé og hækkun viðskiptakrafna og krafna á tengd félög. Veltufjárlutfall félagsins var 1,96 í árslok 2017, samanborið við 1,59 árið áður.



Birgðir félagsins lækka milli ára og námu 2.840 millj. kr. í árslok 2017, samanborið við 3.027 millj. kr. árið áður. Eldsneytisbirgðir í árslok 2017 námu 1.582 millj. kr., samanborið við 1.730 millj. kr. árið áður sem er 9% lækkun

á milli ára. Birgðir annarra vara lækkuðu um 3% á milli ára en þær námu 1.258 millj. kr. í árslok 2017 samanborið við 1.297 millj. kr. árið áður.



Viðskiptakröfur námu 2.595 millj. kr. í árslok 2017, samanborið við 2.303 millj. kr. árið áður sem er 13% hækkun á milli ára.

Skuldir


Langtímaskuldir

Vaxtaberandi langtímaskuldir félagsins námu 8.000 millj. kr. í árslok 2017, samanborið við 6.500 millj. kr. árið áður. Félagið tók langtímalán vegna kaupa sinna á fasteigninni Klettagörðum 13 fyrir 1.500 millj. kr. á árinu. Félagið er með óverðtryggt langtímalán og er endurgreiðslutími lánanna miðaður við 20 ár en lánstími 9 ár. Langtímalán er án afborgana fram til nóvember 2021.


Skammtímaskuldir

Skammtímaskuldir félagsins námu 4.360 millj. kr. í árslok 2017, samanborið við 4.900 millj. kr. árið áður. Þetta er lækkun frá fyrra ári um 11% sem að mestu má rekja til skammtímaláns sem greitt var á árinu 2017.

Skuldsetning



Eigið Fé



Eigið fé félagsins nam 13.812 millj. kr. í árslok 2017, samanborið við 12.572 millj. kr. árið áður en það er 10% hækkun á milli ára. Arðgreiðslur til hluthafa félagsins á árinu 2017 námu 750 millj. kr. (3,0 kr. á hlut). Eiginfjárhluftall félagsins var 49,9% í árslok 2017, samanborið við 49,1% árið áður.

Sjóðstreymi

Handbært fé frá rekstri árið 2017 var 2.376 millj. kr., en 3.478 millj. kr. árið 2016. Fjárfestingarhreyfingar á árinu 2017 námu 2.268 millj. kr. og fjármögnunarhreyfingar 393 millj. kr.

Áhættustýring

Markmið okkar með áhættustýringu er að greina og lágmarka þá áhættu sem við búum við, meta viðmið og hafa eftirlit með áhættunni. Unnið er eftir áhættustýringarstefnu sem er samþykkt af stjórn N1.

Gengisáhætta

Öll viðskipti N1 í erlendum myntum mynda gengisáhættu. Markmiðið er að stýra gengisáhættu með þeim hætti að hagur N1 sé sem best tryggður. Sú mynt sem mest áhrif hefur á gengismun félagsins er USD. Á árinu lækkaði gengi USD/ISK um rúmar 8 krónur eða um rúmlega 7%. Gengi innan ársins sveiflaðist heldur meira eða um tæpar 19 krónur. Langstærsti hluti innflutnings N1 er í USD en salan er hins vegar að stærstum hluta í ISK. Gengisáhætta félagsins í árslok 2017 er að mestu leyti vegna viðskiptakrafna, viðskiptaskulda og handbærs fjár í erlendri mynt. Áhætta miðað við 10% næmigreiningu í árslok er 26 milljónir króna. Dregið er úr gengisáhættu með lánum í erlendri mynt og sérsamningum við stærstu viðskiptavinina félagsins. Á árinu 2017 var gengishagnaður gjaldmiðla 23 milljónir króna.

Vaxtaáhætta

N1 býr við vaxtaáhættu vegna vaxtagreiðslna af skuldum og vaxtaberandi eignum. Lán félagsins eru óverðtryggð og með breytilega vexti. Langtímalán félagsins bera REIBOR vexti en skammtímalán REIBOR/LIBOR vexti. Á árinu lækkuðu eins mánaðar REIBOR vextir um 0,75 prósentustig. Næmigreining í árslok 2017 sýnir að hækkun á vöxtum um eitt prósentustig lækkar afkomu um 80 milljónir króna.

Verðáhætta

Verðáhætta er skilgreind sem sú áhætta að heimsmarkaðsverð á olíu þróist á óhagstæðan hátt

fyrir N1 sem leiði til fjárhagslegs taps og erfiðari samkeppnisstöðu. Áhættan myndast vegna mismunar á olíuverði við innkaup og sölu sem hefur bein áhrif á framlegð félagsins. Stýring verðáhættu felur í sér að draga úr afkomusveiflum og verjast óhagstæðri þróun í samræmi við áhættustýringarstefnu N1. Dregið er úr verðáhættu með samningum við stærstu viðskiptavinina félagsins. Sveiflukennt heimsmarkaðsverð endurspeglast í örum verðbreytingum á þjónustustöðvum félagsins. Heimsmarkaðsverð á bensíni og dísil hækkaði mikið frá upphafi til loka árs 2017. Til dæmis hækkaði heimsmarkaðsverð á bensíni um 17% yfir árið en verðið sveiflaðist um 33% innan árs.

Lánsáhætta

Lánsáhætta er hættan á því að N1 verði fyrir fjárhagslegu tapi vegna þess að viðskiptavinur eða mótaðili í fjármálagerningi getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar. Áhættan er einkum vegna viðskiptakrafna en einnig vegna annarra krafna. N1 hefur sett sér reglur um lánsviðskipti og er leitast við að lágmarka áhættu þar sem horft er til fjárhagsstöðu, lánsþæfismats og starfsemi einstakra viðskiptavina auk stöðu atvinnugreina stærstu viðskiptavina. Í árslok 2017 eru viðskiptakröfur 2,6 milljarðar og er staða 30 stærstu viðskiptakrafna 30%. Gjaldfærð virðisrýrnun viðskiptakrafna á árinu er 28 milljónir króna.

Lausafjánhætta

Lausafjánhætta er skilgreind sem sú áhætta að félagið eigi ekki til nægilegt laust fé til að mæta skuldbindingum sínum. Stýring lausafjánhættu felst í því að tryggja að nægilegt laust fé sé til staðar á hverjum tíma til að standa við allar skuldbindingar félagsins og að sem best jafnvægi sé á milli skuldbindinga og vænts sjóðstreymis. Þetta er tryggt annars vegar með handbæru fé og hins vegar með skammtímalánum. Lausafjárstaða félagsins er sterk í árslok 2017. Handbært fé í árslok er 2,8 milljarðar króna. Lánalínan nemur 2,5 milljörðum króna auk 25 milljóna USD, samtals að hámarki um 4,5 milljarðar króna og er lánalínan óáðregin í árslok.

Rekstraráhætta

Rekstraráhætta er hættan á beinu og óbeinu tapi sem getur orðið vegna fjölda þátta í starfsemi félagsins. Meðal áhættuþátta er vinna starfsmanna, tækni og skipulag sem beitt er. Dregið er úr rekstraráhættu meðal annars með viðeigandi aðskilnaði starfa, þjálfun starfsfólks og innleiðingu á verkferlum.

Hlutdeildarfélag

Olíudreifing

Meginstarfsemi Olíudreifingar er dreifing og birgðahald á fljóttandi eldsneyti fyrir eigendur fyrirtækisins, N1 og Olíuverzlun Íslands hf., og hefur Olíudreifing yfirtekið starfsemi móðurfélaganna á þessum sviðum. Dreifing var fyrst yfirtekin í Reykjavík, Hafnarfirði og Hvalfirði árið 1996 en með tíð og tíma hefur starfsemin verið tekin yfir á hverjum staðnum á fætur öðrum á landsbyggðinni. Árið 1999 tók félagið við starfsemi móðurfélaganna á Ísafirði og þar með allri dreifingu á fljóttandi eldsneyti fyrir utan Keflavíkur- og Reykjavíkurflugvelli.

Félagið rekur einnig bifreiða-, járnsmíða-, dælu- og rafmagnsverkstæði. Verkstæðin sjá um viðhald og uppbyggingu á eignum félagsins og á tæknibúnaði þjónustustöðva móðurfélaganna.

Starfsmenn félagsins eru 138 talsins á 15 starfsstöðvum víðsvegar um landið. Verktakar annast dreifingu á þremur þessara starfsstöðva. Félagið á og rekur m.a. um 55 tankbíla, vörubíla og dráttarbíla auk um 50 smærri bíla. 16 birgðastöðvar félagsins eru með samtals 130 milljóna

lítra geymarými og að auki á Olíudreifing 500 tonna afgreiðslubát. Félagið á auk þess umboðsverslunina G. Hannesson að fullu og 50% hlut í Icelandic Tank Storage sem á birgðastöðvarnar í Hvalfirði sem eru með 110 milljóna lítra birgðarými og sér auk þess um rekstur birgðastöðva í Helguvík og Fuel East á Keflavíkurflugvelli sem eru samtals með 121 milljón lítra geymarými.

Malik

Malik Supply A/S var stofnað 1989 sem sjálfstætt starfandi fyrirtæki í þjónustu við olúgeirann. Meginmarkmið félagsins er að útvega olíu, smurningsefni og aðrar vörur og þjónustu fyrir fiskveiðiflotann í Grænlandshafi og Norður-Atlantshafi. Malik A/S er í dag þjónustuaðili á fjölbreyttu sviði vöru og þjónustu. Auk fiskiskipa sinnir Malik einnig verslunar- og flutningaflotanum. Malik sinnir verkefnum sínum bæði á sjó og við hafnir víðsvegar um heim.



N1 hf.
Ársreikningur samstæðunnar 2017

N1 hf.
Dalveg 10-14
201 Kópavogur

Kt. 540206-2010

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	5
Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu	9
Efnahagsreikningur	10
Eiginfjáryfirlit	11
Sjóðstreymisyfirlit	12
Skýringar	13
Viðaukar - óendurskoðaðir:	
Ársfjórðungayfirlit	37
Stjórnarháttayfirlýsing	39
Ófjárhagslegar upplýsingar	42

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Tilgangur félagsins er verslun með fast, fljótandi og gaskennt eldsneyti og olíuvörur, heildsala og smásala, kaup, sala og eignarhald á verðbréfum, kaup, sala, eignarhald og rekstur fasteigna og lausafjár, ásamt lánastarfsemi tengdri rekstrinum og annar skyldur rekstur.

Rekstur ársins 2017

Rekstrartekjur félagsins á árinu 2017 námu 35.050 m.kr. (2016: 34.139) og hækkuðu um 2,7% milli ára. Hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði á árinu 2017 nam 3.535 m.kr. (2016: 3.625) og lækkaði um 2,5% milli ára. Samkvæmt rekstrarreikningi og yfirliti um heildarafkomu nam hagnaður ársins 2.071 m.kr. (2016: 3.378), en heildarhagnaður ársins 1.990 m.kr. (2016: 7.177). Eigið fé félagsins í árslok var 13.812 m.kr. (2016: 12.572) að meðtöldu hlutafé að nafnverði 250 m.kr. Vísað er til eiginfjárfirlits um breytingar á eiginfjárreikningum á árinu. Eiginfjárlutfall félagsins í árslok var 49,9% (2016: 49,1%).

Meðalfjöldi starfsmanna umreiknað í heilsársstörf var 545 á árinu 2017 (2016: 532).

Þann 7. september 2017 keypti N1 fasteignina að Klettagöðum 13 af FAST-2 ehf. Í lok árs 2012 seldi N1 FAST-2 ehf. eignina en samhliða söluinni leigði félagið hana til baka til 10 ára með kauprétti að henni eftir 5 ár og aftur í lok leigutíma á framreiknuðu söluverði. Fasteignin er 8.926 fermetrar og er að mestu notuð undir vöruhúsastarfsemi félagsins en þar er einnig fyrirtækjaverslun. Kaupverð eignarinnar er 1.653 m.kr. EBITDA félagsins hækkar við kaupin um 90 m.kr. og handbært fé frá rekstri hækkar um 120 m.kr. á ársgrundvelli, að öðru óbreyttu.

Kaup á Festi hf.

3. október 2017 var skrifað undir kaupsamning vegna kaupa N1 hf. á öllu hlutafé í Festi hf. Kaupsamningurinn byggir á viljayfirlýsingu sem N1 hf. og SF V slhf. skrifuðu undir 9. júní 2017 helstu skilmála viðskiptanna og niðurstöðu áreiðanleikakönnunar á Festi hf. Viðskiptin eru háð samþykki Samkeppniseftirlitsins en lokafrestur Samkeppniseftirlitsins er 16. apríl næstkomandi. Gangi kaupin eftir er áætlað að yfirtakan muni eiga sér stað 1. júlí 2018. Í skýringu nr. 35 er gerð nánari grein fyrir viðskiptunum, forsendum sem endanlegt kaupverð byggir á og rekstri Festi.

Hluthafar

Hluthafar félagsins í lok ársins voru 1.158 talsins, en þeir voru 1.699 í upphafi ársins. Tuttugu stærstu hluthafar félagsins í árslok eru:

Lífeyrissjóður verslunarmanna.....	13,3%
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins A-deild og B-deild.....	11,1%
Gildi - lífeyrissjóður.....	9,3%
Lansdowne IcaV Lansdowne Euro.....	8,1%
Landsbréf.....	6,8%
Wellington Trust Company.....	6,6%
Birta lífeyrissjóður.....	6,3%
Almenni lífeyrissjóðurinn.....	5,0%
Stapi lífeyrissjóður.....	3,9%
Kvika banki hf.....	2,8%
Íslenski lífeyrissjóðurinn-Lífsbraut	2,8%
Helgafell ehf.....	2,6%
Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda.....	1,8%
Sjóvá-Almennar tryggingar hf.....	1,6%
Hekla fagfjárfestingsjóður.....	1,5%
Hofgarðar ehf.....	1,4%
Landsbankinn hf.....	1,0%
Júpíter - Innlend hlutabréf.....	0,9%
Pacific Select Fund-Global Abs.....	0,8%
Fagfjárfestingsjóðurinn IHF.....	0,7%

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra, frh.:

Hlutfé og samþykktir

Skráð hlutfé félagsins nam 250 m.kr. í lok ársins. Hlutféð er allt í einum flokki og njóta allir hlutir sömu réttinda.

Þeir sem hyggjast gefa kost á sér í stjórn félagsins þurfa að tilkynna það skriflega til stjórnarinnar að minnsta kosti fimm sólarhringum fyrir upphaf aðalfundar. Samþykktum félagsins má einungis breyta með samþykki 2/3 hluta greiddra atkvæða á löglegum hluthafafundi, enda sé þess rækilega getið í fundarboði að slík breyting sé fyrirhuguð og í hverju hún felst.

Stjórnarhættir

Stjórn N1 hf. hefur sett sér starfsreglur og er þar leitast við að fylgja "Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja" sem Viðskiptaráð Íslands, NASDAQ OMX Iceland og Samtök atvinnulífsins gáfu út í endurskoðaðri útgáfu í maí 2015. Leiðbeiningarnar eru aðgengilegar á vef Viðskiptaráðs Íslands www.vi.is. Félagið fylgir leiðbeiningunum í meginatriðum en þó hefur stjórn ekki talið þörf á að skipa tilnefningarnefnd. Frekari upplýsingar um stjórn og stjórnarhætti er að finna í viðaukanum Stjórnarháttayfirlýsing sem fylgir ársreikningnum. Í stjórn N1 hf. eru tvær konur og þrír karlar og uppfyllir félagið ákvæði laga um hlutfélög um kynjahlutföll stjórnar félagsins.

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf

N1 hf. er eining tengd almannahagsmunum. Samkvæmt lögum um ársreikninga skal félagið veita upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að leggja mat á þróun, umfang, stöðu og áhrif félagsins í tengslum við umhverfis-, félags- og starfsmannamál, stefnu þess í mannréttindamálum, hvernig það spornar við spillingar- og mútumálum auk stuttrar lýsingar á viðskiptalíkani félagsins og fleira. Til að gera grein fyrir stöðu samfélagslegrar ábyrgðar fyrirtækisins hefur verið gefin út GRI G4 „Core“ skýrsla um samfélagslega ábyrgð. Útgáfa hennar er meðal annars til að N1 geti gert sér grein fyrir stöðu þessara mála hjá fyrirtækinu samkvæmt viðurkenndum stöðlum. Gerð er grein fyrir stefnu og árangri félagsins í þessum málum í viðauka um ófjárhagslega upplýsingagjöf með ársreikningnum.

Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samstæðuársreikningur félagsins er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og viðbótakröfur í lögum um ársreikninga þar sem við á.

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu félagsins á árinu 2017, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu þess 31. desember 2017 og breytingu á handbæru fé á árinu 2017.

Jafnframt er það álit okkar að samstæðuársreikningurinn og skýrsla stjórnar og forstjóra gefi glögga mynd af þróun og árangri í rekstri félagsins, stöðu þess og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem félagið býr við.

Stjórn og forstjóri N1 hf. hafa í dag fjallað um samstæðuársreikning félagsins fyrir árið 2017 og staðfesta hann með undirritun sinni. Stjórn og forstjóri leggja til við aðalfund félagsins að samþykkja samstæðuársreikninginn.

Kópavogi, 21. febrúar 2018

Stjórn N1 hf.

Margrét Guðmundsdóttir
Formaður

Helgi Magnússon

Kristín Guðmundsdóttir

Jón Sigurðsson

Þórarinn V. Þórarinsson

Forstjóri

Eggert Þór Kristófersson

Áritun óháðs endurskoðanda

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning N1 hf. (samstæðan) fyrir árið 2017. Samstæðuársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, yfirlit yfir heildarafkomu, efnahagsreikning þann 31. desember 2017, yfirlit um sjóðstreymi, eiginfjáryfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samstæðunnar á árinu 2017, efnahag hennar 31. desember 2017 og breytingu á handbæru fé á árinu 2017, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga þar sem við á.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda. Við erum óháð N1 hf. í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur (IESBA Code) og viðeigandi settar siðareglur á Íslandi og höfum uppfyllt önnur ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Lykilatriði endurskoðunarinnar

Lykilatriði endurskoðunarinnar eru þau atriði, sem að okkar faglega mati, hafa mesta þýðingu fyrir endurskoðun okkar á samstæðuársreikningi félagsins fyrir árið 2017. Þessi atriði voru yfirfarin við endurskoðun á samstæðuársreikningnum og höfð til hliðsjónar við ákvörðun á viðeigandi álit á hann. Í áritun okkar látum við ekki í ljós sérstakt álit á hverju þeirra fyrir sig.

Virðismat fasteigna

Fasteignir eru færðar á meðal rekstrarfjármuna. Endurmetnar fasteignir eru færðar á gangvirði í árslok 2016 og nam bókfært verð fasteigna í árslok 2017 15 milljörðum kr. sem nemur um 54% af eignum félagsins. Í árslok 2017 könnuðu stjórnendur hvort vísbendingar væru til staðar hvort verulegur munur væri á bókfærðu virði og gangvirði fasteigna. Virðismat fasteignanna er flókið og háð ýmsum forsendum sem stjórnendur þurfa að gefa sér. Þess vegna er virðismat fasteigna N1 hf. lykilatriði við endurskoðun samstæðuársreiknings félagsins fyrir árið 2017.

Viðbrögð endurskoðanda

Endurskoðun okkar beindist að mati stjórnenda á breytingum á þeim þáttum sem hafa mest áhrif á gangvirði fasteigna í árslok 2017. Við fórum yfir forsendur fyrir breytingu á meðalávöxtunarkröfu fjármagns. Að auki fórum við yfir breytingar á öðrum forsendum s.s. framlegð af eldsneytissölu, leiguverð á fasteignamarkaði og rekstrarkostnað fasteigna. Að lokum lögðum við mat á hvort að skýringar í samstæðuársreikningnum varðandi fasteignir og virðismat þeirra væru viðeigandi og í samræmi við kröfur í Alþjóðlegum reikningsskilastöðlum.

Nánari upplýsingar um matsaðferðir og forsendur eru í skýringum 3e og 19 í samstæðuársreikningnum.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Aðrar upplýsingar í ársskýrslu N1 hf. fyrir árið 2017

Aðrar upplýsingar eru upplýsingar sem er að finna í ársskýrslu N1 hf. fyrir árið 2017 aðrar en samstæðuársreikningurinn og áritun okkar á hann. Stjórn og stjórnendur eru ábyrg fyrir þessum öðrum upplýsingum. Ársskýrslan liggur ekki fyrir við undirritun þessa álits en við væntum þess að fá ársskýrsluna síðar.

Álit okkar á samstæðuársreikningnum nær ekki til þessara annarra upplýsinga og við látum ekki í ljós álit af nokkru tagi á þeim upplýsingum.

Í tengslum við endurskoðun okkar á samstæðuársreikningnum ber okkur að lesa yfir þessar aðrar upplýsingar þegar þær liggja fyrir og íhuga hvort þessar aðrar upplýsingar stangast verulega á við samstæðuársreikninginn eða aðra vitneskju sem við höfum aflað við endurskoðunina eða virðist á einhvern annan hátt vera verulega rangfært.

Ábyrgð stjórnar og forstjóra á samstæðuársreikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga þar sem við á. Stjórn og forstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð samstæðuársreikningsins ber stjórn og forstjóra að meta rekstrarhæfi N1 hf. og eftir því sem við á, skýra frá þeim atriðum sem varða rekstrarhæfið og notkun forsendunnar um áframhaldandi rekstrarhæfi, nema ætlunin sé að leysa upp fyrirtækið eða hætta starfsemi þess, eða ef enginn annar raunhæfur valkostur er í stöðunni.

Stjórn og endurskoðunarnefnd skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun samstæðuársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að samstæðuársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissu er mikil vissu, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær, einar og sér eða samanlagðar, gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda samstæðuársreikningsins.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggjum við á faglegri dómgreind og beitum ávallt faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

Við greinum og metum hættur á verulegum skekkjum í samstæðuársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnuð og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu samstæðuársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.

Við öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun samstæðuársreikningsins, frh.:

Við metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

Við ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum samstæðuársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun okkar. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.

Við metum í heild sinni hvort framsetning og uppbygging samstæðuársreikningsins, þ.m.t. innihald og skýringar, gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við öflum fullnægjandi endurskoðunargagna, vegna fjárhagsupplýsinga eininga innan samstæðunnar, til að geta látið í ljós álit á samstæðureikningi samstæðunnar. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, umsjón og framgangi endurskoðunar samstæðunnar. Við berum ein ábyrgð á áliti okkar.

Við höfum einnig lýst því yfir við stjórn og endurskoðunarnefnd að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og upplýsum um öll tengsl eða önnur atriði sem raunhæft er að ætla að gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og eftir því sem við á, til hvaða varúðarráðstafana við höfum gripið til að tryggja óhæði okkar.

Af þeim atriðum sem við höfum upplýst stjórn og endurskoðunarnefnd um, lögðum við mat á hvaða atriði höfðu mesta þýðingu í endurskoðuninni á yfirstandandi ári og eru það lykilatriði endurskoðunarinnar. Við lýsum þessum atriðum í áritun okkar nema lög og reglur leyfi ekki að upplýst sé um slík atriði eða í einstaka tilfellum þegar endurskoðandinn metur að ekki skuli upplýsa um viðkomandi atriði þar sem neikvæðar afleiðingar af slíkri upplýsingagjöf eru taldar vega þyngra en hagsmunir almennings af upplýsingunum.

Skýrsla um innihald skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir samstæðuársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita samkvæmt lögum um ársreikninga.

Reykjavík, 21. febrúar 2018

Ingunn H. Hauksdóttir
löggiltur endurskoðandi

Ernst & Young ehf.
Borgartúni 30
105 Reykjavík

Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu ársins 2017

	Skýr.	2017	2016
Sala	8	34.608.441	33.767.896
Kostnaðarverð seldra vara		(23.268.296)	(22.566.538)
Framlegð af vörusölu	9	11.340.145	11.201.358
Aðrar rekstrartekjur		441.854	370.733
Laun og annar starfsmannakostnaður	10	(4.554.103)	(4.233.719)
Sölu- og dreifingarkostnaður	11	(2.058.608)	(2.078.594)
Annar rekstrarkostnaður	12	(1.633.923)	(1.634.933)
		(8.246.634)	(7.947.246)
Hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði		3.535.365	3.624.845
Afskriftir rekstrarfjármuna og óefnislegra eigna	14	(1.006.889)	(773.088)
Bakfærð virðisrýrnun rekstrarfjármuna	19	0	1.323.492
		(1.006.889)	550.404
Rekstrarhagnaður		2.528.476	4.175.249
Fjármunatekjur	15	91.215	166.016
Fjármagnsgjöld	15	(398.352)	(468.034)
Gengismunur		23.334	(1.921)
Áhrif hlutdeildarfélaga	20	274.905	295.952
Gangvirðisbreyting hlutabréfa	21	4.115	(13.671)
		(4.783)	(21.659)
Hagnaður fyrir tekjuskatt		2.523.693	4.153.589
Tekjuskattur	16	(452.726)	(775.572)
Hagnaður ársins		2.070.967	3.378.017
Önnur heildarafkoma			
Rekstrarliðir færðir beint á eigið fé			
en kunna síðar að verða færðir í rekstrarreikning:			
Þýðingarmunur vegna starfsemi erlends hlutdeildarfélags		11.092	(80.422)
Rekstrarliðir færðir beint á eigið fé			
og verða ekki færðir í rekstrarreikning:			
Endurmat rekstrarfjármuna (bakfært)	19	(115.288)	4.849.765
Tekjuskattur af endurmati rekstrarfjármuna	27	23.058	(969.953)
Önnur heildarafkoma samtals		(81.139)	3.799.390
Heildarafkoma ársins		1.989.828	7.177.407
Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut í krónum	17	8,28	9,74

Skýringar á blaðsíðum 12 til 36 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2017

	Skýr.	2017	2016
Eignir			
Óefnislegar eignir	18	214.987	258.165
Rekstrarfjármunir	19	16.940.226	15.773.467
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum	20	1.839.908	1.747.910
Eignarhlutir í öðrum félögum	21	15.668	16.540
Skuldabréfaeign		120.914	58.151
Fastafjármunir		19.131.703	17.854.234
Birgðir	22	2.840.403	3.026.753
Viðskiptakröfur	23	2.595.230	2.303.272
Kröfur á tengda aðila		152.147	14.843
Aðrar skammtímaskröfur	24	136.852	156.725
Handbært fé		2.800.082	2.266.435
Veltufjármunir		8.524.714	7.768.027
Eignir samtals		27.656.418	25.622.261
Eigið fé			
Hlutfé	25	250.000	250.000
Yfirverðsreikningur hlutafjár		3.153.857	3.153.856
Annað bundið eigið fé		4.131.579	4.315.391
Óráðstafað eigið fé		6.276.344	4.852.702
Eigið fé		13.811.779	12.571.949
Skuldir			
Skuldir við lánastofnanir	26	8.000.000	6.500.000
Tekjuskattsskuldbinding	27	1.484.715	1.499.323
Fyrirfram innheimtar tekjur		0	151.056
Langtímaskuldir		9.484.715	8.150.379
Tekjuskattur til greiðslu		444.276	512.383
Aðrar skuldir við hið opinbera	28	2.058.077	2.046.570
Skuldir við lánastofnanir	26	0	508.905
Viðskiptaskuldir		1.066.927	895.995
Skuldir við tengda aðila		113.198	201.623
Fyrirfram innheimtar tekjur	29	182.958	237.425
Aðrar skammtímaskuldir	30	494.488	497.032
Skammtímaskuldir		4.359.923	4.899.933
Skuldir samtals		13.844.638	13.050.312
Eigið fé og skuldir samtals		27.656.418	25.622.261

Skýringar á blaðsíðum 12 til 36 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

Eiginfjárfirilit árið 2017

		Annað bundið eigið fé						
		Yfirverðs- reikningur hlutafjár	Lögbundinn varasjóður	Endurmats- reikningur	Óinnleystur hagnaður hlut- deildarfélaga	Þýðingar- munur	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé samtals
	Hlutfé							
Árið 2017								
Eigið fé 1.1.2017	250.000	3.153.857	62.500	4.122.522	295.951	(165.582)	4.852.702	12.571.949
Heildarafkoma ársins				(92.231)		11.092	2.070.967	1.989.828
Bundið vegna hlutdeildarfélaga					80.906	(80.906)		0
Upplausn á endurmati hlutdeildarfélags				(23.725)			23.725	(0)
Upplausn á endurmati rekstrafjármuna				(159.836)			159.836	(0)
	250.000	3.153.857	62.500	3.846.730	376.857	(154.490)	7.026.324	14.561.778
Viðskipti við hluthafa:								
Greiddur arður til hluthafa (3,0 kr. á hlut)							(750.000)	(750.000)
Eigið fé 31.12.2017	250.000	3.153.857	62.500	3.846.730	376.857	(154.490)	6.276.324	13.811.779
Árið 2016								
Eigið fé 1.1.2016	350.000	4.152.900	250.000	377.384	0	(85.175)	2.685.961	7.731.070
Heildarafkoma ársins				3.879.812		(80.422)	3.378.017	7.177.407
Bundið vegna hlutdeildarfélaga					295.951	(295.951)		0
Upplausn á endurmati hlutdeildarfélags				(134.674)			134.674	(0)
	350.000	4.152.900	250.000	4.122.522	295.951	(165.582)	5.902.702	14.908.492
Viðskipti við hluthafa:								
Greiddur arður til hluthafa (3,0 kr. á hlut)							(1.050.000)	(1.050.000)
Lækkun hlutafjár	(100.000)	(999.043)	(187.500)					(1.286.543)
Eigið fé 31.12.2016	250.000	3.153.857	62.500	4.122.522	295.951	(165.582)	4.852.702	12.571.949

Skýringar á blaðsíðum 12 til 36 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2017

	Skýr.	2017	2016
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði		3.535.365	3.624.845
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
(Söluhagnaður) tap rekstrarfjármuna	(	66.727)	5.800
Fyrirfram innheimtar tekjur	(	20.141)	30.211)
		<u>3.448.497</u>	<u>3.600.434</u>
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:			
Birgðir, lækkun (hækkun)		186.349	(422.745)
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur (hækkun)	(	335.170)	(72.374)
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir (lækkun) hækkun	(	449.127)	667.244
Breytingar rekstartengdra eigna og skulda	(	597.948)	172.125
Innborgaðar vaxtatekjur		73.274	150.206
Greidd vaxtagjöld skammtímaskulda	(	35.650)	(17.952)
Greiddur tekjuskattur	(	512.383)	(426.698)
Handbært fé frá rekstri		<u>2.375.790</u>	<u>3.478.115</u>
Fjárfestingarhreyfingar			
Keyptar óefnislegar eignir	(	9.601)	(46.914)
Keyptir rekstrarfjármunir	(	2.515.808)	(1.153.810)
Seldir rekstrarfjármunir		63.276	146.983
Mótttekinn arður frá hlutdeildarfélögum		194.000	62.000
Fjárfestingarhreyfingar	(	<u>2.268.133)</u>	<u>(991.741)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Lækkun hlutafjár		0	(1.286.543)
Greiddur arður	(	750.000)	(1.050.000)
Afborganir langtímaskulda		0	(6.370.000)
Tekin ný langtímalán		1.500.000	6.500.000
Greidd vaxtagjöld langtímaskulda	(	357.399)	(491.373)
Fjármögnunarhreyfingar		<u>392.601</u>	<u>(2.697.916)</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		500.258	(211.542)
Gengismunur af handbæru fé		33.390	5.605
Handbært fé í ársbyrjun		<u>2.266.435</u>	<u>2.472.372</u>
Handbært fé í árslok		<u>2.800.082</u>	<u>2.266.435</u>

Skýringar á blaðsíðum 12 til 36 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

Skýringar

1. Starfsemi

N1 hf. („félagið“) er íslenskt hlutafélag. Höfuðstöðvar félagsins eru að Dalvegi 10-14, Kópavogi. Tilgangur félagsins er verslun með fast, fljótandi og gaskennt eldsneyti og olíuvörur, heildsala og smásala, kaup, sala og eignarhald á verðbréfum, kaup, sala, eignarhald og rekstur fasteigna og lausafjár, ásamt lánastarfsemi tengdri rekstrinum og annar skyldur rekstur. Samstæðureikningur N1 hf. hefur að geyma ársreikning félagsins og dótturfélag þess EGO ehf. Vísað er til ofangreindra félaga í heild sem samstæðunnar og til einstakra félaga sem samstæðufélaga.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

a. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Samstæðuársreikningur félagsins er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og viðbótakröfum í lögum um ársreikninga þar sem við á.

Stjórn N1 hf. samþykkti samstæðuársreikninginn 21. febrúar 2018.

b. Rekstrarhæfi

Stjórnendur hafa metið rekstrarhæfi samstæðunnar. Það er mat þeirra að áframhaldandi rekstur félagsins sé tryggður og það sé vel í stakk búið til að mæta skuldbindingum sínum í fyrirsjáanlegri framtíð. Ársreikningurinn er því settur fram miðað við áframhaldandi starfsemi.

c. Grundvöllur matsaðferða

Samstæðuársreikningurinn er gerður á grundvelli kostnaðarverðs, að því undanskildu að eignarhlutir í öðrum félögum og skuldabréfaeign eru færð á gangvirði. Þá voru fasteignir félagsins færðar á endurmetnu kostnaðarverði.

d. Framsetningar- og starfrækslugjaldmiðill

Samstæðuársreikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum (ISK) sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Fjárhæðir eru birtar í þúsundum króna nema annað sé tekið fram.

e. Mat og ákvarðanir

Gerð ársreikninga í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þess eru í stöðugri endurskoðun. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem breytingin á sér stað og þeim framtíðartímabilum sem breytingarnar hafa áhrif á.

Upplýsingar um mikilvægar ákvarðanir sem hafa mest áhrif á skráðar fjárhæðir í ársreikningnum er að finna í skýringu 3.e. (iv) um flokkun leigusamninga, skýringu 19 um endurmat rekstrarfjármuna, skýringu 22 um birgðir og skýringu 31 um niðurfærslu viðskiptakrafna.

f. Reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem lýst er hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti fyrir öll tímabil sem koma fram í ársreikningnum.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

a. Hlutdeildarfélag

Hlutdeildarfélag eru félög þar sem félagið hefur veruleg áhrif á fjárhags- og rekstrarstefnu en ekki yfirráð. Veruleg áhrif eru alla jafna til staðar þegar félagið ræður 20 - 50% atkvæðaréttar. Hlutdeildarfélag eru færð í ársreikning félagsins með hlutdeildaraðferð og eru í upphafi færð á kostnaðarverði. Fjárfesting félagsins felur í sér viðskiptavild sem verður til við kaupun, ef við á, að fráðreginni virðisrýrnun, ef einhver er. Ársreikningurinn inniheldur hlutdeild félagsins í afkomu og eiginfjárhreyfingum hlutdeildarfélaga frá upphafi áhrifa til loka þeirra. Verði hlutdeild félagsins í tapi meiri en bókfært verð hlutdeildarfélagsins er bókfærð verðið fært í núll og færslu frekara taps hætt nema félagið hafi gengist í ábyrgðir fyrir hlutdeildarfélagið eða fjármagnað það. Óinnleystur hagnaður sem myndast hefur í viðskiptum við hlutdeildarfélag er færður hlutfallslega til lækunar á bókfærðu verði þeirra. Óinnleyst tap er fært út með sama hætti og óinnleystur hagnaður, en aðeins að því marki að ekkert bendi til virðisrýrnunar þessara eigna.

Skýringar, frh.:

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

b. Erlendir gjaldmiðlar

Stjóri Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð í íslenskar krónur á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar á gengi uppgjörsdags. Gengismunur vegna viðskipta í erlendum gjaldmiðlum er færður í rekstrarreikning. Í árslok voru engir opnir gjaldmiðlasamningar hjá félaginu. Félagið beitir ekki áhættuvarnarreikningsskilum.

(ii) Erlend hlutdeildarfélag

Hlutdeild í afkomu erlendra hlutdeildarfélaga er færð á meðalgengi ársins. Hlutdeild í eigin fé er færð miðað við gengi á uppgjörsgengi. Gengismunur sem myndast við yfirfærslu í íslenskar krónur er færður á sérstakan lið í yfirliti um heildarafkomu. Þegar erlent hlutdeildarfélag er selt að hluta til eða öllu leyti, er tengdur gengismunur fluttur í rekstrarreikning.

c. Fjármálagerningar

(i) Fjáreignir og fjárskuldir

Fjáreignir og fjárskuldir félagsins samanstanda af handbæru fé, eignarhlutum í öðrum félögum, skuldabréfaeign, viðskiptakröfum og öðrum kröfum, lántökum, viðskiptaskuldum og öðrum skammtímaskuldum.

Fjármálagerningar eru færðar á gangvirði við upphaflega skráningu í bókhald. Þeir eru skráðir á viðskiptadegi, sem er dagurinn sem félagið verður aðili að samningsbundnum ákvæðum gerningsins. Þegar um er að ræða fjármálagerninga sem ekki verða færðar á gangvirði gegnum rekstrarreikning er tekið tillit til alls beins viðskiptakostnaðar við upphaflega skráningu í bókhald. Eftir upphaflega skráningu eru fjármálagerningar félagsins færðar með eftirfarandi hætti.

Fjáreignir á gangvirði gegnum rekstur

Eignarhlutir í öðrum félögum og skuldabréfaeign eru færðar á gangvirði gegnum rekstrarreikning. Fjármálagerningur er flokkaður sem fjármálagerningur á gangvirði gegnum rekstrarreikning sé hann veltufjárreign eða ef hann er tilgreindur sem fjármálagerningur á gangvirði gegnum rekstrarreikning við upphaflega skráningu hans í bókhald. Fjármálagerningar eru tilgreindar á gangvirði gegnum rekstrarreikning ef ákvarðanir um kaup og sölu byggjast á gangvirði þeirra. Fjáreignir á gangvirði gegnum rekstrarreikning eru færðar á gangvirði í efnahagsreikningi og gangvirðisbreytingar færðar í rekstrarreikning. Beinn viðskiptakostnaður er færður í rekstrarreikning þegar hann fellur til. Gangvirðisbreytingar eignarhluta eru færðar á liðinn gangvirðisbreyting hlutabréfa í rekstrarreikningi og yfirliti um heildarafkomu en gangvirðisbreytingar skuldabréfa meðal fjármunatekna.

c. Fjármálagerningar, frh.:

Lán og kröfur

Lán og kröfur eru fjáreignir með föstum eða ákvarðanlegum greiðslum sem ekki eru skráðar á virkum markaði. Slíkar eignir eru í upphafi færðar á gangvirði að viðbættum öllum tengdum viðskiptakostnaði. Eftir upphaflega skráningu eru lán og kröfur færðar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti, að frádreginni virðisrýrnun þegar við á. Lán og kröfur samanstanda af viðskiptakröfum og öðrum kröfum.

Handbært fé

Til handbærs fjár teljast sjóður, óbundnar bankainnstæður og skammtímaverðbréf sem eru á gjalddaga innan 90 daga frá kaupdegi og lítil óvissa er um verðmæti þeirra.

Fjárskuldir

Fjárskuldir félagsins eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við aðferð virkra vaxta. Þær samanstanda af lántökum, viðskiptaskuldum og öðrum skammtímaskuldum.

(ii) Hlutfé

Hlutfé er flokkað sem eigið fé. Beinn kostnaður við útgáfu hlutafjár er færður til lækkunar á eigin fé, að frádregnum skattáhrifum.

Við kaup á eigin hlutum er kaupverðið, að meðtöldum beinum kostnaði, fært til lækkunar á eigin fé. Þegar eigin hlutir eru seldir er eigið fé hækkað.

Skýringar, frh.:

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

d. Ófnislegar eignir

(i) Hugbúnaður

Eignfærð hugbúnaðarleyfi eru færð á kostnaðarverði að frádegnum uppsöfnuðum afskriftum. Hugbúnaður er afskrifaður með jöfnum línulegum hætti á 7 árum.

(ii) Vörumerki

Kostnaður við öflun vörumerkja er eignfærður og afskrifaður með jöfnum línulegum hætti á áætluðum nýtingartíma, að teknu tilliti til virðisrýrnunar ef við á, að hámarki á 20 árum.

e. Rekstrarfjármunir

(i) Færsla og mat

Fasteignir samstæðunnar eru færðar á endurmetnu kostnaðarverði en aðrir rekstrarfjármunir á kostnaðarverði, að frádegnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun ef við á.

Þegar rekstrarfjármunir eru samsettir úr einingum með mislangan nýtingartíma eru einingarnar aðgreindar og afskrifaðar miðað við nýtingartíma hverrar og einnar.

Hagnaður af sölu rekstrarfjármuna, sem er mismunur á söluandvirði þeirra og bókfærðu verði, er færður í rekstrarreikning meðal annarra rekstrartekna, en tap af sölu meðal annars rekstrarkostnaðar.

Endurmetnar eignir eru færðar á gangvirði í árslok 2016. Gangvirðismat skal framkvæmt með reglubundnum hætti svo að bókfært verð sé ekki verulega frábrugðið gangvirði. Hækkun bókfærðs verðs vegna endurmats er færð í aðra heildarafkomu. Endurmatsreikningur meðal eigin fjár er leystur upp með færslu á óráðstafað eigið fé til jafns við árlega afskrift endurmats í rekstrarreikningi. Endurmatslækkun er færð í rekstrarreikning nema að því marki sem um er að ræða viðsnúning á áður færðri endurmatshækkun sem færa skal í aðra heildarafkomu.

e. Rekstrarfjármunir, frh.:

(ii) Kostnaður sem fellur til síðar

Kostnaður við að endurnýja einstaka hluta rekstrarfjármuna er eignfærður þegar líklegt er talið að ávinningur sem felst í eigninni muni renna til félagsins og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Bókfært verð hlutarins sem er endurnýjaður er gjaldfært. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað.

(iii) Afskriftir

Afskriftir eru reiknaðar af afskrifanlegri fjárhæð, sem er kostnaðarverð eða endurmetið virði að frádegnum áætluðu niðurlagsverði. Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Fasteignir.....	33 ár
Skilti og geymar.....	10 - 20 ár
Vélar, tæki, áhöld og bifreiðar.....	5 - 15 ár
Innréttingar.....	6 - 7 ár

Afskriftaaðferðir, nýtingartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Skýringar, frh.:

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

(iv) Leigðar eignir

Félagið er með fasteignir á leigu. Um er að ræða rekstrarleigu og því eru fasteignirnar ekki færðar til eignar í efnahagsreikningi. Leigugreiðslur eru gjaldfærðar í rekstrarreikningi þegar þær falla til. Þegar um er að ræða sölu og endurleigu þar sem söluverð er hærra en bókfært verð og gangvirði er færslu söluhagnaðar frestað og hann færður til lækkunar á leigugjöldum yfir leigutímann.

f. Birgðir

Birgðir eru metnar á kostnaðarverði eða hreinu söluvirði, hvoru sem lægra reynist. Kostnaðarverð birgða byggir á fyrst inn - fyrst út reglunni og innifelur kostnað sem fellur til við að afla birgðanna og koma þeim á þann stað og í það ástand sem þær eru í á uppgjörsdegi. Hreint söluvirði er áætlað söluverð í venjulegum viðskiptum að frádregnum áætluðum kostnaði við að selja vöru.

g. Virðisrýrnun

(i) Fjáreignir

Á hverjum uppgjörsdegi er kannað hvort til staðar sé hlutlæg vísbending um virðisrýrnun fjáreigna, sem ekki eru færðar á gangvirði. Fjáreign hefur rýrnað í virði ef hlutlægar vísbendingar eru um að einn eða fleiri atburðir sem átt hafa sér stað eftir skráningu í bókhald benda til þess að vænt framtíðarsjóðstreymi eignarinnar sé lægra en áður var talið.

Virðisrýrnun fjáreigna sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði er mismunurinn á bókfærðu verði þeirra annars vegar og núvirtu væntu framtíðarsjóðstreymi, miðað við upphaflega virka vexti, hins vegar. Einstakar mikilvægar fjáreignir eru prófaðar sérstaklega með tilliti til virðisrýrnunar. Aðrar fjáreignir eru flokkaðar saman eftir lánsáhættueinkennum og hver flokkur metinn sérstaklega með tilliti til virðisrýrnunar.

Virðisrýrnun er gjaldfærð í rekstrarreikningi.

Virðisrýrnun er bakfærð ef hægt er að tengja bakfærsluna á hlutlægan hátt atburði sem átti sér stað eftir að virðisrýrnunin var færð.

(ii) Aðrar eignir

Bókfært verð annarra eigna félagsins, að undanskildum birgðum og skatteign, er yfirfarið á hverjum uppgjörsdegi til að meta hvort vísbendingar séu um virðisrýrnun þeirra. Sé einhver slík vísbending til staðar er endurheimtanleg fjárhæð eignarinnar metin.

h. Framlög í iðgjaldatengda lífeyrissjóði

Félagið greiðir iðgjöld vegna starfsmanna sinna til sjálfstæðra iðgjaldatengdra lífeyrissjóða. Félagið ber enga ábyrgð á skuldbindingum sjóðanna. Iðgjöldin eru gjaldfærð í rekstrarreikningi meðal launa og launatengdra gjalda eftir því sem þau falla til.

i. Skuldbindingar

Skuldbinding er færð þegar félagið ber lagalega eða ætlaða skuldbindingu vegna liðinna atburða, ef líklegt er að komi til greiðslu og hægt er að meta hana á áreiðanlegan hátt. Skuldbindingar eru metnar með því að núvirða áætlað framtíðarsjóðstreymi með vöxtum fyrir skatta sem endurspegla mat markaðarins á tímavirði peninga hverju sinni og þá áhættu sem fylgir einstökum skuldbindingum.

Skýringar, frh.:

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

j. Tekjur

(i) Seldar vörur og þjónusta

Tekjur af sölu á vörum eru metnar á gangvirði greiðslunnar sem er móttækin eða er innheimtanleg, að frádregnum afsláttum og endurgreiðslum. Tekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi flyst til kaupanda, líklegt er að endurgjaldið verði innheimt og unnt er að meta kostnað vegna sölnunnar og möguleg skil á vörum á áreiðanlegan hátt. Tekjur eru almennt færðar við afhendingu enda flytjast áhætta og ávinningur að jafnaði til kaupanda um leið og afhending á sér stað.

(ii) Vildarpunktakerfi

Félagið er með vildarpunktakerfi þar sem viðskiptavinir sem eru með N1-kort safna punktum („N1-punktum“) þegar þeir kaupa vörur af félaginu. N1-punktur er fullgildur gjaldmiðill hjá félaginu, þ.e. einnunktur er jafngildi einnar krónu í öllum viðskiptum við N1 hf. Auk þess gefst korthöfum reglulega kostur á að margfalda virði punkta sinna með tilboðum á tilteknum vörum.

Þegar um er að ræða vörusölu sem felur í sér punktasoöfnun er söluverðinu skipt á þann veg að gangvirði veittra punkta er fært til lækkunar á tekjum. Við útreikning á gangvirði veittra punkta, þ.e. þeim hluta tekna af vörusölnunni sem er frestað, er lagt mat á hversu stór hluti punkta muni ekki verða nýttir en veittir ónýttir punktar fyrnast á þremur árum eða ef engir punktar eru nýttir í eitt ár. Skuldbinding vegna vildarpunkta er færð sem skammtímaskuld meðal fyrirfram innheimtra tekna í efnahagsreikningi.

(iii) Aðrar rekstrartekjur

Meðal annarra rekstrartekna færast umboðslaun, hagnaður af sölu eigna, leigutekjur og aðrar tekjur.

(iv) Rekstrarleigutekjur

Félagið leigir út hluta af húsnæði sínu til annarra fyrirtækja með rekstrarleigusamningum. Leigutekjur eru tekjufærðar línulega í rekstrarreikning á leigutímanum undir liðnum aðrar rekstrartekjur.

k. Gjöld

Kostnaðarverð seldra vara

Kostnaðarverð seldra vara felur í sér innkaupsverð seldra birgða ásamt flutningsgjöldum, vörugjöldum og tollum. Kostnaðarverð seldra vara er fært til gjalda samhliða vörusölu. Lækkun á kostnaðarverði birgða niður í hreint söluvirði er gjaldfært meðal kostnaðarverðs seldra vara.

l. Rekstrarleigugjöld

Rekstrarleigugreiðslur eru vegna húsaleigu. Þær eru gjaldfærðar meðal annars rekstrarkostnaðar eftir því sem þær falla til, að teknu tilliti til frestaðs söluhagnaðar, sjá skýringu 3.e.(iv).

m. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur samanstanda af vaxtatekjum af fjárfestingum, arðstekjum og gangvirðisbreytingum skuldabréfa. Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning eftir því sem þær falla til miðað við virka vexti. Arðstekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar réttur til arðs hefur stofnast.

Fjármagnsgjöld samanstanda af vaxtagjöldum og lántökukostnaði og eru færð samkvæmt aðferð virkra vaxta. Gengismunur gjaldmiðla er færður nettó í rekstrarreikning meðal fjármunatekna eða fjármagnsgjalda eftir því sem við á.

Skýringar, frh.:

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

n. Tekjuskattur

Gjaldfærður tekjuskattur samanstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema hann varði liði sem færðir eru beint á eigið fé eða í yfirlit um heildarafkomu, en þá er tekjuskatturinn færður á þá liði.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörsteggi, auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára, ef við á.

Frestaður tekjuskattur er færður með notkun efnahagsreikningsaðferðarinnar vegna tímabundinna mismuna á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og skattverði þeirra hins vegar. Fjárhæð frestaðs tekjuskatts er byggð á áætlaðri innlausn eða uppgjöri bókfærðs verðs eigna og skulda með því að beita gildandi skatthlutfalli á uppgjörsteggi.

Skatteign er einungis færð að því marki sem líklegt er að hægt sé að nýta framtíðarhagnað á móti eigninni. Skatteign er metin á hverjum uppgjörsteggi og lækkuð að því marki sem talið er að hún nýtist ekki.

o. Hagnaður á hlut

Í ársreikningnum er sýndur grunnhagnaður á hlut og þynntur hagnaður á hlut fyrir almenna hluti í félaginu. Grunnhagnaður á hlut er miðaður við veginn meðalfjölda virkra hluta á árinu. Ekki hafa verið gerðir kaupréttarsamningar við starfsmenn eða gefnir út fjármálagerningar svo sem breytanleg skuldabréf sem kynnu að leiða til þynningar á hagnaði á hlut. Þynntur hagnaður á hlut er því sá sami og grunnhagnaður á hlut.

p. Dótturfélög

Dótturfélög eru félög þar sem samstæðan fer með yfirráð. Yfirráð eru til staðar ef samstæðan ber áhættu og hefur réttinn til að njóta breytilegs ávinnings vegna þátttöku sinnar í félaginu og getur með ákvörðunarvaldi haft áhrif á áhrif á ávinninginn af fjárfestingunni. Reikningsskil dótturfélaga eru innifalin í samstæðureikningnum frá því að yfirráð nást og þar til þeim lýkur.

Viðskipti felld út við gerð samstæðuársreiknings:

Stöður og viðskipti og allar óinnleystar tekjur og gjöld milli félaga innan samstæðu eru felld út við gerð samstæðureikningsskilanna. Dótturfélagið EGO ehf. er fjárfestingarfélag N1. Starfsemi þess er enn sem komið er óveruleg.

Skýringar, frh.:

q. Nýir reikningsskilastaðlar, breytingar á stöðlum og túlkunar

Félagið hefur tekið upp alla alþjóðlega reikningsskilastaðla, túlkunar á stöðlum og breytingar á stöðlum sem Evrópusambandið hefur samþykkt, eru viðeigandi fyrir starfsemi félagsins og gilda fyrir reikningsárið 2017. Alþjóða reikningsskilaráðið hefur gefið út eftirfarandi staðla sem ekki hafa tekið gildi.

IFRS 9 *Fjármálagæringar* kemur í stað núverandi reglna í IAS 39 *Fjármálagæringar: Færsla og mat*. Staðallinn mun gilda frá og með árinu 2018. Miðað við núverandi starfsemi félagsins er talið að hann muni hafa lítil áhrif. Breytist starfsemi félagsins á næstunni, t.d. með aukinni áherslu á fjárfestingarstarfsemi, mun staðallinn eftir atvikum hafa áhrif á færslu og mat fjármálagæringa þess.

IFRS 15 *Tekjur af samningum við viðskiptavin* tekur gildi frá og með árinu 2018. Staðallinn nær til sölu á vörum og þjónustu og setur heildstæðan ramma um veitingu upplýsinga til notenda reikningsskila um eðli, fjárhæð, tímasetningu og óvissu í tekjum og sjóðstreymi af samningum við viðskiptavin. Félagið hefur metið möguleg áhrif staðalsins og telur líklegt að hann muni hafa óveruleg, ef nokkur, áhrif á tekjuskráningu þess.

IFRS 16 *Leigusamningar*, sem kemur í stað núgildandi reglna um leigusamninga og innleiðir eitt leigusamningslíkan fyrir leigutaka. Í því felst að leigutaki færir í efnahagsreikning nýtingarrétt að leigueign, sem endurspeglar rétt hans til að nýta undirliggjandi eign, og leiguskuld, sem endurspeglar skuldbindingu vegna framtíðarleigugreiðslna. Leigutaki færir í rekstrarreikning afskriftir af nýtingarrétti leigueignar og vaxtagjöld af leiguskuld. Valkvæðar undanþágur frá þessu líkani er hins vegar að finna í staðlinum vegna skammtímaleigusamninga og leigusamninga þar sem verðmæti leigueignar er óverulegt. Meðferð leigusamninga hjá leigusala verður svipuð og samkvæmt núgildandi staðli, þ.e. leigusali mun áfram flokka hvern leigusamning sem annaðhvort fjármögnunarleigusamning eða rekstrarleigusamning. Staðallinn gildir frá og með árinu 2019. Möguleg áhrif af innleiðingu IFRS 16 á ársreikning samstæðunnar félagsins hafa ekki verið metin til fulls en miðað við núverandi rekstrarleigusamninga félagsins um húsnæði og lóðir í árslok má leiða líkur að því að eignfærður nýtingarréttur muni nema á bilinu 350 - 400 m.kr.og fjárhæð leiguskuldar samsvarandi fjárhæð.

4. Ákvörðun gangvirðis

Eignarhlutir í öðrum félögum og skuldabréf eru færð á gangvirði. Auk þess gera alþjóðlegir reikningsskilastaðlar kröfur um að upplýst sé í ársreikningnum um gangvirði fjáreigna og fjárskulda þó þessir liðir séu ekki færðir á gangvirði. Gangvirði hefur verið ákvarðað vegna mats og/eða skýringa samkvæmt eftirfarandi aðferðum. Þar sem við á eru frekari upplýsingar um forsendur við ákvörðun gangvirðis eigna eða skulda að finna í skýringum um þessar eignir og skuldir.

(i) Eignarhlutir í öðrum félögum

Eignarhlutur í félagi sem skráð er á virkum markaði er færður á skráðu markaðsverð á reikningsskiladegi. Þegar um er að ræða óskráð bréf er gangvirði reiknað með notkun verðmatslíkana sem byggja á bókfærðri hlutdeild í eigin félaganna.

(ii) Viðskiptakröfur og aðrar kröfur

Gangvirði viðskiptakrafna og annarra krafna, sem einungis er ákvarðað vegna skýringa, er vænt framtíðarsjóðstreymi, núvirt miðað við markaðsvexti á uppgjörssdegi. Skammtímakröfur eru þó ekki núvirtar því óverulegur munur er á gangvirði þeirra annars vegar og bókfærðu verði hins vegar.

(iii) Skuldir við lánastofnanir og aðrar fjárskuldir

Gangvirði skulda við lánastofnanir er vænt framtíðarsjóðstreymi, núvirt miðað við markaðsvexti á uppgjörssdegi. Skuldir við lánastofnanir eru á markaðsvöxtum og því óverulegur munur á bókfærðu verði þeirra og gangvirði á hverjum tíma. Skammtímaskuldir eru þó ekki núvirtar því óverulegur munur er á gangvirði þeirra annars vegar og bókfærðu verði hins vegar.

Skýringar, frh.:

5. Fjáreignir og fjárskuldir

Fjáreignir og fjárskuldir greinast í tiltekna flokka. Flokkun fjáreigna og fjárskulda hefur áhrif á það hvernig fjármálagerningar eru metnir eftir upphaflega skráningu í bókhald. Þeir flokkar sem fjáreignir og fjárskuldir félagsins tilheyra og matsgrundvöllur þeirra er sem hér segir:

* Fjáreignir tilgreindar á gangvirði gegnum rekstrarreikning eru færðar á gangvirði

* Lán og kröfur eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði

* Aðrar fjárskuldir eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði

Eftirfarandi tafla sýnir hvaða flokki fjáreignir og fjárskuldir félagsins tilheyra:

31. desember 2017

	Tilgreint á gangvirði	Lán og kröfur	Aðrar fjárskuldir	Bókfært verð
Eignir:				
Handbært fé.....		2.800.082		2.800.082
Viðskiptakröfur.....		2.595.230		2.595.230
Kröfur á tengda aðila.....		152.147		152.147
Aðrar skammtímakröfur.....		102.225		102.225
Skuldabréfaeign.....	120.914			120.914
Eignarhlutir í öðrum félögum.....	15.668			15.668
	<u>136.582</u>	<u>5.649.684</u>		<u>5.786.266</u>

Skuldir:

Skuldir við lánastofnanir.....			8.000.000	8.000.000
Skuldir við hið opinbera.....			2.058.077	2.058.077
Viðskiptaskuldir.....			1.066.927	1.066.927
Skuldir við tengda aðila.....			113.198	113.198
Aðrar skammtímaskuldir.....			494.488	494.488
			<u>11.732.690</u>	<u>11.732.690</u>

5. Fjáreignir og fjárskuldir, frh.

31. desember 2016

	Tilgreint á gangvirði	Lán og kröfur	Aðrar fjárskuldir	Bókfært verð
Eignir:				
Handbært fé.....		2.266.435		2.266.435
Viðskiptakröfur.....		2.303.272		2.303.272
Kröfur á tengda aðila.....		14.843		14.843
Aðrar skammtímakröfur.....		77.227		77.227
Skuldabréfaeign.....	58.151			58.151
Eignarhlutir í öðrum félögum.....	16.540			16.540
	<u>74.692</u>	<u>4.661.776</u>		<u>4.736.468</u>

Skuldir:

Skuldir við lánastofnanir.....			7.008.905	7.008.905
Skuldir við hið opinbera.....			2.046.570	2.046.570
Viðskiptaskuldir.....			895.995	895.995
Skuldir við tengda aðila.....			201.623	201.623
Aðrar skammtímaskuldir.....			497.032	497.032
			<u>10.650.125</u>	<u>10.650.125</u>

Skýringar, frh.:

6. Stýring fjárhagslegar áhættu

Yfirlit

Eftirfarandi áhættur fylgja fjármálagerningum samstæðuna:

- * Lánsáhætta
- * Lausafjárahætta
- * Markaðsáhætta (verðáhætta, gengisáhætta og vaxtaáhætta)

Hér eru veittar upplýsingar um framangreindar áhættur, markmið, stefnu og aðferðir félagsins við að meta og stýra áhættunni auk upplýsinga um rekstraráhættu. Tölulegar upplýsingar er að finna víða í ársreikningnum.

Markmið félagsins með áhættustýringu er að lágmarka þá áhættu sem það býr við með því að greina áhættuna, meta hana og hafa eftirlit með henni.

Lánsáhætta

Lánsáhætta er hættan á því að félagið verði fyrir fjárhagslegu tapi vegna þess að viðskiptamaður eða mótaðili í fjármálagerningi getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar. Lánsáhætta félagsins er einkum vegna viðskiptakrafna og annarra krafna.

Lánsáhætta ræðst einkum af aldri viðskiptakrafna, fjárhagsstöðu og starfsemi einstakra viðskiptavina, auk stöðu þeirra atvinnugreina sem stærstu viðskiptavinir félagsins starfa í en það eru samgöngur, sjávarútvegur og verktakar. Um 30% (2016: 26%) af stöðu viðskiptakrafna í árslok er vegna 30 stærstu viðskiptakrafna félagsins. Þar af nam staða stærstu viðskiptakröfu 3% (2016: 3%).

Félagið hefur sett sér reglur um lánsviðskipti. Allir viðskiptavinir félagsins sem eru í lánaviðskiptum eru með lánamörk á viðskiptareikningi sem þeir geta ekki farið yfir. Lögaðilar þurfa almennt að leggja fram sjálfskuldarábyrgð eiganda sem nemur tveggja mánaða úttekt. Þetta á þó ekki við stærri aðila sem eru með gott lánshefismat hjá CreditInfo.

Félagið færir niðurfærslu vegna áætlaðrar virðisrýrnunar viðskiptakrafna og annarra krafna. Bæði er um að ræða sérstaka niðurfærslu vegna einstakra viðskiptamanna og almenna niðurfærslu. Við mat á virðisrýrnun vegna almennrar niðurfærslu er byggt á sögulegri tapsreynslu, aldursgreiningu krafna og almennu efnahagsástandi.

Lausafjárahætta

Lausafjárahætta er hættan á því að félagið lendi í erfiðleikum með að standa við fjárskuldbindingar sem gerðar verða upp með handbæru fé eða öðrum fjáreignum. Markmið félagsins er að hafa ætíð nægt laust fé til að mæta greiðsluskuldbindingum sínum þegar þær falla til.

Lausafjárstaða félagsins var sterk í árslok 2017. Stjórnendur félagsins telja það vera vel í stakk búið til að mæta skuldbindingum sínum eftir því sem þær gjaldfalla. Endurgreiðslutími langtímalána er 20 ár og lánstími er 9 ár. Langtímalán er án afborgana fram til nóvember 2021. Félagið hefur einnig aðgang að lánalínu til 1 árs með framlengingarheimild til 2 ára, 2,5 milljörðum í íslenskum krónum og 25 millj. USD, samtals að hámarki um 4,5 milljarða króna.

Markaðsáhætta

Markaðsáhætta samanstendur af verðáhættu, vaxtaáhættu og gengisáhættu. Markmið félagsins er að stýra og takmarka markaðsáhættu við skilgreind mörk.

Verðáhætta

Veigamikil markaðsáhætta félagsins er verðáhætta vegna breytinga á heimsmarkaðsverði á olíu en heimsmarkaðsverð hefur undanfarin ár verið afar sveiflukennt. Miklar breytingar á heimsmarkaðsverði endurspeglast í örum verðbreytingum á þjónustustöðvum félagsins. Dregið er úr verðáhættu í sérsamningum við stærstu viðskiptavini félagsins.

Skýringar, frh.:

6. Stýring fjárhagslegar áhættu, frh.:

Gengisáhætta

Öll viðskipti félagsins í erlendum myntum mynda gengisáhættu. Við mat á gengisáhættu er horft til greiðsluáhættu og uppgjörsáhættu. Markmiðið er að stýra gengisáhættu með þeim hætti að hagur félagsins sé sem best tryggður. Stærsti hluti innflutnings er kaup á olíu af erlendum birgjum í USD, en salan er að stærstum hluta í ISK. Sala í ISK er 86% (2016: 87%), USD 13% (2016: 12%) og aðrar myntir 1% (2016: 1%).

Vaxtaáhætta

Félagið býr við sjóðstreymisáhættu vegna vaxtabreytinga fjárskulda sem eru með breytilegum vöxtum. Eins og að framan greinir leitast félagið við að eiga ávallt nægt laust fé til að mæta fjárskuldbindingum sínum. Langtímalán félagsins er óverðtryggt og lánalínan einnig.

Önnur verðáhætta

Önnur verðáhætta sem kemur til vegna fjármálagerna sem færðir eru á gangvirði er óveruleg því fjárfestingar félagsins í öðrum félögum og skuldabréfaeign er óverulegur hluti efnahagsreiknings eða 0,5% í árslok 2017 (2016: 0,3%).

Rekstraráhætta

Rekstraráhætta er hættan á beinu og óbeinu tapi sem getur orðið vegna fjölda þátta í starfsemi félagsins. Meðal áhættuþátta er vinna starfsmanna, tækni og skipulag sem beitt er.

Til að draga úr rekstraráhættu hefur meðal annars verið komið á viðeigandi aðskilnaði starfa, haft er eftirlit með lánsviðskiptum og fylgni við lög og þjálfun starfsfólks. Hluti af því að draga úr áhættu er rekstur N1- skólans þar sem starfsmenn fá viðeigandi þjálfun tengda störfum þeirra fyrir félagið. Innleiddir hafa verið virkir verkferlar og reglur um afritatöku upplýsingakerfa. Þá eru unnar markvissar rekstrarátætlanir og mánaðarleg uppgjör og frávík frá samþykktum áætlunum greind.

7. Starfsþáttayfirlit

Félagið birtir í fyrsta sinn á árinu 2017 starfsþáttayfirlit. Rekstrarstarfsþáttur er eining innan samstæðunnar sem með starfsemi sinni getur aflað tekna og stofnað til útgjalda, þar á meðal tekjur og gjöld vegna viðskipta við aðra starfsþætti samstæðunnar. Starfsþættir eru ákvarðaðir af forstjóra félagsins sem yfirfer reglulega starfsþætti samstæðunnar til að ákvarða hvernig eignum hennar er skipt á starfsþætti og til að meta frammistöðu þeirra.

Rekstrarafkoma starfsþátta, eignir og skuldir þeirra samanstanda af liðum sem tengja má beint við hvern starfsþátt og þá liði sem hægt er að skipta milli starfsþátta á rökrænan hátt.

Fjárfestingar starfsþátta eru heildarkostnaður við kaup rekstrarfjármuna og óefnislegra eigna.

Verð á vöru og þjónustu sem seld er milli starfsþátta er ákveðið eins og um óskylda aðila sé að ræða.

Samanburðarfjárhæðir eru ekki birtar þar sem þær liggja ekki fyrir.

Skýringar, frh.:

7. Starfspáttayfirlit, frh.:

Árið 2017	Fasteignasvið	Rekstrarsvið	Jöfnunar- færslur	Samtals
Sala og aðrar rekstrartekjur		34.608.441		34.608.441
Aðrar tekjur	1.866.691	441.854	(1.866.691)	441.854
Heildartekjur starfspátta	1.866.691	35.050.294	(1.866.691)	35.050.294
Heildarreikstrargjöld starfspátta	(365.875)	(33.015.746)	1.866.691	(31.514.930)
EBITDA starfspátta	1.500.816	2.034.548	0	3.535.365
Afskriftir starfspátta	(561.909)	(444.979)	0	(1.006.889)
Áhrif hlutdeildarféлага	0	274.905	0	274.905
Rekstrarafkoma starfspátta	938.907	1.864.475	0	2.803.381
Hrein fjármagnsgjöld				(279.688)
Tekjuskattur				(452.726)
Hagnaður ársins				2.070.968

31.12.2017

Eignir starfspátta	15.008.637	9.847.699	0	24.856.336
Óskiptar eignir				2.800.082
Eignir samtals				27.656.418
Óskiptar skuldir				13.844.638
Fjárfestingar	1.956.986	568.423	0	2.525.409
Afskriftir	561.909	444.979	0	1.006.889

8. Sala

	2017	2016
Eldsneyti	23.285.448	22.773.136
Aðrar vörur	11.322.993	10.994.760
Sala samtals	34.608.441	33.767.896

Sala til stærsta viðskiptavinar félagsins á árinu 2017 var innan við 5% (2016: innan við 5%)

9. Framlegð af vörusölu

Eldsneyti	6.102.802	6.189.185
Aðrar vörur	5.237.342	5.012.173
Framlegð af vörusölu samtals	11.340.145	11.201.358

Skýringar, frh.:

10. Laun og annar starfsmannakostnaður

	2017	2016
Laun	3.543.656	3.343.625
Lífeyrisiðgjöld	378.679	323.082
Önnur launatengd gjöld	473.224	415.272
Annar starfsmannakostnaður	158.545	151.740
Laun og annar starfsmannakostnaður samtals	4.554.103	4.233.719
Starfsmannafjöldi að meðaltali í heilsársstörfum	545	532
Stöðugildi í árslok umreiknuð í heilsársstörf	507	502

11. Sölu- og dreifingarkostnaður

Dreifingarkostnaður	1.351.971	1.335.173
Markaðskostnaður	311.132	321.875
Viðhaldskostnaður	395.504	421.546
Sölu- og dreifingarkostnaður samtals	2.058.608	2.078.594

12. Annar rekstrarkostnaður

Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	258.625	301.962
Rekstur húsnæðis	509.894	447.416
Leigugjöld	268.686	286.698
Tölvu- og hugbúnaður	217.127	258.819
Niðurfærsla viðskiptakrafna (sjá skýringu 31)	28.370	62.059
Annar kostnaður	281.779	277.979
Kostnaður við fyrirhuguð kaup á Festi hf	69.443	0
Annar rekstrarkostnaður samtals	1.633.923	1.634.933

13. Þóknarir til endurskoðanda félagsins

Endurskoðun ársreiknings	13.414	12.659
Könnun árslutareiknings	2.981	2.926
Önnur þjónusta	0	1.181
Þóknarir til endurskoðanda samtals	16.395	16.766

14. Afskriftir

Afskriftir óefnislegra eigna, sbr. skýringu 18	52.779	105.438
Afskriftir rekstrarfjármuna, sbr. skýringu 19	954.110	667.650
Afskriftir samtals	1.006.889	773.088

15. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur greinast þannig:

Vaxtatekjur af handbæru fé	43.763	97.578
Vaxtatekjur og gangvirðisbreytingar skuldabréfaeignar	16.404	20.972
Vaxtatekjur af kröfum	31.048	47.466
Fjármunatekjur samtals	91.215	166.016

Fjármagnsgjöld greinast þannig:

Vaxtagjöld	398.352	468.034
Fjármagnsgjöld samtals	398.352	468.034

Skýringar, frh.:

16. Tekjuskattur

Tekjuskattur í rekstrarreikningi greinist þannig:

	2017	2016
Tekjuskattur til greiðslu	446.344	512.383
Frestaður tekjuskattur	6.382	263.190
	<u>452.726</u>	<u>775.572</u>

Virkur tekjuskattur greinist þannig:

Hagnaður fyrir tekjuskatt	2.523.693	4.153.589
Tekjuskattur m.v. gildandi skatthlutfall	20,0% 504.739	20,0% 830.718
Ófrádráttarbær kostnaður	0,1% 1.881	0,1% 4.045
Óskattskyldar tekjur	(2,1%) (53.910)	(1,4%) (59.191)
Aðrar breytingar	0,0% 16	0,0% 0
Virkur tekjuskattur	<u>17,9% 452.726</u>	<u>18,7% 775.572</u>

17. Hagnaður á hlut

	2017	2016
Hagnaður ársins.....	<u>2.070.967</u>	<u>3.378.017</u>
Hlutfé í ársbyrjun.....	250.000	350.000
Áhrif lækunar hlutfjár.....	0	(3.288)
Vegið meðaltal útistandandi hluta.....	<u>250.000</u>	<u>346.712</u>
Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut í krónum.....	8,28	9,74

18. Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir og afskriftir greinast þannig:

	Hugbúnaður	Vörumerki	Samtals
Heildarverð			
Heildarverð 1.1.2016	584.898	230.850	815.748
Viðbætur á árinu	46.914	0	46.914
Heildarverð 31.12.2016	631.812	230.850	862.662
Viðbætur á árinu	9.601		9.601
Heildarverð 31.12.2017	<u>641.413</u>	<u>230.850</u>	<u>872.263</u>
Afskriftir			
Afskrifað 1.1.2016	406.721	92.338	499.059
Afskriftir ársins	93.895	11.542	105.437
Afskrifað alls 31.12.2016	500.616	103.880	604.497
Afskriftir ársins	41.237	11.542	52.779
Afskrifað alls 31.12.2017	<u>541.853</u>	<u>115.422</u>	<u>657.277</u>
Bókfært verð			
Bókfært verð 1.1.2016	178.177	138.512	316.689
Bókfært verð 31.12.2016	131.196	126.970	258.165
Bókfært verð 31.12.2017	99.559	115.428	214.987
Afskriftahlutföll	15%	5%	

Skýringar, frh.:

19. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:

	Fasteignir	Aðrir rekstrar- fjármunir	Samtals
Kostnaðarverð eða matsvirði			
Kostnaðarverð 1.1.2016	10.793.207	4.638.714	15.431.921
Viðbætur á árinu	525.036	628.774	1.153.810
Endurflokkun	169.357	(169.357)	0
Selt og niðurlagt á árinu	(14.577)	(160.091)	(174.668)
Endurmat	4.849.765	0	4.849.765
Kostnaðarverð eða matsvirði 31.12.2016	16.322.788	4.938.040	21.260.828
Viðbætur á árinu	1.956.986	397.697	2.354.683
Selt og niðurlagt á árinu	(108.365)	(234.902)	(343.267)
Endurmat bakfært vegna virðisrýrnunar	(115.288)	0	(115.288)
Kostnaðarverð eða matsvirði 31.12.2017	18.056.121	5.100.835	23.156.955
Afskriftir			
Afskrifað 1.1.2016	3.536.822	2.728.265	6.265.087
Afskriftir ársins	283.766	383.884	667.650
Bakfærsla virðisrýrnunar	(1.323.492)	0	(1.323.492)
Endurflokkun	41.018	(41.018)	0
Selt og niðurlagt á árinu	(14.577)	(107.308)	(121.885)
Afskrifað alls 31.12.2016	2.523.537	2.963.823	5.487.361
Afskriftir ársins	561.909	392.201	954.110
Selt og niðurlagt á árinu	(37.964)	(186.779)	(224.743)
Afskrifað alls 31.12.2017	3.047.483	3.169.245	6.216.728
Bókfært verð			
Bókfært verð 1.1.2016	7.256.385	1.910.449	9.166.834
Bókfært verð 31.12.2016	13.799.251	1.974.217	15.773.467
Bókfært verð 31.12.2017	15.008.638	1.931.590	16.940.226
Bókfært verð án endurmats			
Bókfært verð 1.1.2016	7.256.385	1.910.449	9.166.834
Bókfært verð 31.12.2016	8.949.486	1.974.217	9.600.210
Bókfært verð 31.12.2017	10.473.955	1.768.795	8.870.844
Afskriftahlutföll	3-5%	6-20%	

Eins og fram kemur í skýringu 3.e.(i) færir samstæðan fasteignir á endurmetnu kostnaðarverði. Endurmat til gangvirðis fór fram í árslok 2016. Samkvæmt endurmatsaðferð skal á uppgjörssdegi kannað hvort vísbendingar séu um að verulegur munur sé á gangvirði og bókfærðu verði. Í árslok 2017 var með aðstoð utanaðkomandi sérfræðinga kannað hvort vísbendingar um það væru til staðar. Sú könnun benti til að þess að svo væri ekki.

Skýringar, frh.:

19. Rekstrarfjármunir, frh.:

Í árslok 2016 var framkvæmt virðispróf og lagt mat á endurheimtanlegt virði umræddra eigna. Endurheimtanlegt virði er nýtingarvirði eða gangvirði að frádregnum sölukostnaði, hvort sem hærra reynist. Mat á nýtingarvirði byggðist á áætlun stjórnenda félagsins um rekstur og fjárfestingar næstu fimm ára og meðalávöxtunarkröfu fjármagns (WACC) sem metin var af sérfræðingum félagsins. Eftir fimm ára spátímabilið er gert ráð fyrir fastri framlegð og tekjuvexti í takti við verðlagsbreytingar.

Lykilforsendur við mat á nýtingarvirðinu í árslok 2016 voru sem hér segir:

Árlegur framlegðarvöxtur á spátímabili verði í takt við verðlag samkvæmt verðbólguþá Seðlabanka Íslands. Spá Seðlabankans gerir ráð fyrir 2,5% - 3,0% árlegri verðbólgu.

Árlegur framlegðarvöxtur eftir lok spátímabils verði 2,5% í samræmi við verðbólguþá Seðlabankans og er það í takti við verðbólguálag á óverðtryggðum skuldabréfamarkaði þegar horft er til langs tíma.

EBITDA sem hlutfall af framlegð verði 31,3% á spátímabilinu sem er örlítið lækkun frá árinu 2016 þegar hlutfallið var 32,4%.

Vegin ávöxtunarkrafa fjármagns (WACC) er metin 9,4% af sérfræðingum félagsins.

Gangvirðismat rekstrarfjármuna í árslok fellur undir stig þrjú í gangvirðislíkani alþjóðlegra reikningsskilastaðla enda byggir það að verulegu leyti á upplýsingum öðrum en markaðsupplýsingum. Væri lykilforsendum gangvirðismatsins, þ.e. forsendum um fjármagnskostnað og EBITDA, hnikað til yðru breytingar á endurmati sem fært er í aðra heildarafkomu í samræmi við töfluna hér að neðan:

	Hækkun	Lækkun
Næmigreining gangvirðismats í árslok 2016:		
Hækkun / (lækkun) EBITDA af rekstri fasteigna um 5%	769	(769)
(Hækkun) / lækkun á ávöxtunarkröfu eiginfjár og vaxta um 1,0%-stig	(1.467)	1.883
Vátryggingaverð og fasteignamat rekstrarfjármuna nam í árslok:		
	2017	2016
Fasteignamat fasteigna	7.148.170	4.990.538
Brunabótamat fasteigna	8.279.013	7.649.722
Vátryggingaverðmæti áhalda, tækja og innréttinga	2.465.383	2.456.898
Vátryggingarverðmæti vörubirgða	2.668.799	2.216.858

Hlutdeildarfélagið Olíudreifing ehf. tryggir þann hluta fljótandi vörubirgða sem er í vörslu þess. Þær birgðir eru hluti birgða í efnahagsreikningi félagsins, en eru ekki meðtaldar í ofangreindu vátryggingarverðmæti.

Veðsettar eignir

Landsbankinn hf. er með allsherjarveð í helstu fasteignum, birgðum og viðskiptakröfum að fjárhæð 12.408 millj. kr. til tryggingar á langtímalánum og lánalínu félagsins. Lánaskilmálar félagsins voru uppfylltir á tímabilinu sem og í árslok.

Lánalínan nemur 2.500 millj. kr. og 25 millj. USD en þó að hámarki 4.500 millj. kr. Lánalínan er óáðregin í árslok 2017.

Skýringar, frh.:

20. Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum

Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum greinast þannig:

	Eignarhlutur	2017	2016
Olíudreifing ehf.	60,0%	1.288.534	1.295.576
Malik Supply A/S, Danmörku *	49,0%	469.926	397.223
EAK ehf.	33,3%	60.204	33.861
Eignarhlutir í 4 hlutdeildarfélögum	-	21.230	21.234
Eignarhlutir í öðrum hlutdeildarfélögum samtals í árslok		<u>1.839.909</u>	<u>1.747.910</u>

*Nafnverð eignarhluta í Malik Supply A/S er í DKK

Breyting á bókfærðu verði hlutdeildarfélaga á árinu:

Bókfært verð í ársbyrjun	1.747.910	1.594.365
Hlutdeild í afkomu	274.905	295.952
Arður	(194.000)	(62.000)
Þýðingarmunur	<u>11.092</u>	<u>(80.422)</u>
Bókfært verð í árslok	<u>1.839.909</u>	<u>1.747.910</u>

Eftirfarandi eru fjárhagslegar upplýsingar um hlutdeildarfélögin Olíudreifingu ehf. og Malik Supply A/S. Upplýsingarnar byggjast á ársreikningum félaganna þegar tekið hefur verið tillit til óafskrifaðs yfirverðs sem myndaðist við kaup félagsins á eignarhlutunum í Malik Supply A/S.

Olíudreifing ehf.

Félagið á 60% hlut í Olíudreifingu ehf. Félagið hefur ekki yfirráð yfir Olíudreifingu ehf. sem er því ekki flokkað sem dótturfélag félagsins. Það er vegna þess að samkeppnisyfirlönd ákváðu að félagið yrði að hafa stjórnarmenn óháða N1 hf. Umsvif N1 hf. hafa hins vegar veruleg áhrif á starfsemi Olíudreifingar ehf. og beitir félagið því hlutdeildaraðferð við færslu eignarhlutar síns. Reikningsskil Olíudreifingar ehf. eru gerð í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

	2017*	2016*
Fastafjármunir	3.196.762	3.572.853
Veltufjármunir	1.248.511	1.029.097
Langtímaskuldir	(1.650.524)	(1.832.705)
Skammtímaskuldir	(647.195)	(609.955)
Hreinar eignir (100%)	<u>2.147.554</u>	<u>2.159.290</u>
Bókfært verð eignarhlutar (60%)	<u>1.288.534</u>	<u>1.295.576</u>
Tekjur (100%)	3.669.557	3.678.775
Hagnaður (100%)	326.734	421.296
Hlutdeild í heildarhagnaði (60%)	<u>196.040</u>	<u>252.778</u>

*Drög ársreiknings

Skýringar, frh.:

20. Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum, frh.:

Malik Supply A/S

Malik Supply A/S var stofnað árið 1989 til að þjónusta alþjóðlega togaraflota á grænlenzku hafsvæði og í Norður-Atlantshafi með olíu, smurolíu og aðrar vörur. N1 selur Malik svartolíu sem seld er til helstu sjárvarútvegsfyrirtækja á Grænlandi. Reikningsskil Malik Supply A/S eru gerð í samræmi við dönsk lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

	2017*	2016
Fastafjármunir	713.982	776.615
Veltufjármunir	3.999.512	3.535.122
Langtímaskuldir	(284.090)	(269.414)
Skammtímaskuldir	(3.690.208)	(3.437.539)
Hreinar eignir (100%)	739.195	604.784
Yfirferð eignahlutar	107.720	100.879
Bókfært verð eignarhlutar (49%)	469.925	397.223
Tekjur (100%)	749.300	627.467
Hagnaður (100%)	105.435	60.853
Hlutdeild í heildarhagnaði (49%)	51.663	29.818

*Drög ársreiknings

21. Eignarhlutir í öðrum félögum

Eignarhlutir í öðrum félögum greinast þannig:

	2017	2016
Eignarhlutir í tveimur óskráðum félögum	15.668	16.540

Eignarhlutir í öðrum félögum eru færðir á gangvirði. Gangvirðisbreytingar eru færðar í rekstrareikning sem gangvirðisbreyting hlutabréfa. Mótttekinn arður er færður meðal fjármunatekna.

22. Birgðir

Birgðir í árslok greinast þannig:

	2017	2016
Eldsneyti.....	1.582.122	1.729.934
Aðrar vörur.....	1.258.281	1.296.819
Birgðir samtals.....	2.840.403	3.026.753

Niðurfærsla eldsneytis lækkaði um 3 m.kr. á árinu 2017 en niðurfærsla annarra vara lækkaði um 37 m.kr. á sama tímabili. Á árinu 2016 lækkaði niðurfærsla eldsneytis um 15 m.kr en niðurfærsla annarra vara lækkaði um 28 m.kr.

23. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur í árslok greinast þannig:

	2017	2016
Nafnverð viðskiptakrafna.....	2.745.873	2.425.402
Skuldabréfaeign.....	26.640	31.708
Niðurfærsla vegna viðskiptakrafna sem kunna að tapast.....	(177.283)	(153.838)
Bókfært verð viðskiptakrafna.....	2.595.230	2.303.272

Í skýringu 31 er að finna frekari upplýsingar um virðisrýmun (niðurfærslu) viðskiptakrafna.

Skýringar, frh.:

24. Aðrar skammtímakröfur

Aðrar skammtímakröfur í árslok greinast þannig:	2017	2016
Fyrirframgreiddur kostnaður.....	34.627	76.185
Inneign virðisaukaskatts og aðrar kröfur á hið opinbera.....	64.021	44.780
Aðrar skammtímakröfur.....	38.204	35.760
Aðrar skammtímakröfur samtals.....	136.852	156.725

25. Eigið fé

(i) Hlutfé

Heildarhlutfé félagsins samkvæmt samþykktum þess er 250 m.kr. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu. Eigendur hluta í félaginu eiga rétt til arðs í hlutfalli við eign sína við arðsúthlutun.

(ii) Yfirverðsreikningur hlutfjár

Yfirverðsreikningur hlutfjár sýnir það sem hluthafar hafa lagt til félagsins umfram nafnverð hlutfjár, að frádregnum 1.135 m.kr. sem notaðar hafa verið til að jafna tap, auk lækkunar að fjárhæð 8.712 m.kr. vegna lækkunar hlutfjár á árunum 2014 til 2016.

(iii) Lögbundinn varasjóður

Í samræmi við lög um hlutfélög skal leggja í varasjóð tiltekið hlutfall af hagnaði hvers árs þar til sjóðurinn svarar til 25% af nafnverði hlutfjár.

(iv) Endurmatsreikningur

Endurmat fasteigna félagsins er fært á endurmatsreikning sem og hlutdeild félagsins í endurmati fasteigna hlutdeildarfélags. Endurmatið er leyst upp til jafns við árlegar afskriftir þess í rekstrarreikningi. Upplausn endurmats er færð á óráðstafað eigið fé.

(v) Óinnleystur hagnaður hlutdeildafélaga

Nemi hlutdeild í afkomu dóttur- og hlutdeildarféлага sem færð er í rekstrarreikningi hærri fjárhæð en sem nemur mótteknum arði eða þeim arði sem ákveðið hefur verið að úthluta skuli mismunurinn færður af óráðstöfuðu eigin fé á bundinn hlutdeildarreikning meðal eigin fjár. Sé hlutdeild félags í dóttur- eða hlutdeildarfélagi seld eða afskrifuð skal leysa hlutdeildarreikninginn upp og færa breytinguna á óráðstafað eigið fé eða ójafnað tap eftir atvikum.

(vi) Þýðingarmunur

Þýðingarmunur samanstendur af gengismun sem verður til vegna umreiknings reikningsskila erlends hlutdeildarfélags í íslenskar krónur.

(vii) Óráðstafað eigið fé

Hagnaður (tap) ársins er fært til hækkunar (lækkunar) á óráðstöfuðu eigin fé. Arðgreiðslur eru færðar til lækkunar á óráðstöfuðu eigin fé. Upplausn endurmats er færð til hækkunar á óráðstöfuðu eigin fé.

(viii) Eiginfjárstýring og arðgreiðslur

Stjórn N1 hefur mótað stefnu um fjármagnsskipan og arðgreiðslur en samkvæmt henni er miðað við að argreiðslur til hluthafa nemi að lágmarki 50% af hagnaði hvers árs. Gangi kaup félagsins á Festi hf. eftir mun fjármagnsskipan samstæðunnar hins vegar breytast og eiginfjárlutfall lækka. Með hliðsjón af því og að teknu tilliti til ákvæða í lánasamningum um eiginfjárlutfall leggur stjórn félagsins til að ekki verði greiddur arður til hluthafa á árinu 2018.

Skýringar, frh.:

26. Skuldir við lánastofnanir

Vaxtaberandi skuldir greinast þannig í árslok:

	2017		2016	
	Vaxtakjör	Bókfært verð	Vaxtakjör	Bókfært verð
Óverðtryggt lán í ISK með breytilegum vöxtum.....	5,1%	8.000.000	6,8%	6.500.000
Skammtímalán USD.....		0	4,3%	508.905
Vaxtaberandi skuldir samtals.....		8.000.000		7.008.905

Afborganir langtímaskulda greinast þannig á næstu ár:

	2017	2016
Árið 2021.....	68.000	55.250
Árið 2022.....	408.000	331.500
Til greiðslu síðar.....	7.524.000	6.113.250
	8.000.000	6.500.000

Skuldir við lánastofnanir greinast þannig frá upphafi til loka árs 2017:

	Langtíma- lán	Skammtímalá- n	Samtals
Staða 1.1.2017.....	6.500.000	508.905	7.008.905
Afborganir.....	0	(508.905)	(508.905)
Tekið nýtt lán.....	1.500.000	0	1.500.000
Staða 31.12.2017.....	8.000.000	0	8.000.000

Afborganir skammtímaláns eru færðar meðal rekstrarhreyfinga í sjóðstreymisýfirliti.

27. Tekjuskattsskuldbinding

Tekjuskattsskuldbinding greinist þannig á einstaka liði í árslok:

	2017	2016
Eignir		
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur.....	4.496	5.289
Birgðir.....	1.660	6.686
	6.156	11.975
Skuldir		
Rekstrarfjármunir.....	1.464.297	1.479.109
Óefnislegar eignir.....	23.592	28.940
Óinnleystur gengismunur gjaldmiðla.....	2.983	3.265
	1.490.872	1.511.314
Tekjuskattsskuldbinding.....	1.484.715	1.499.338

28. Aðrar skuldir við hið opinbera

Aðrar skuldir við hið opinbera samanstanda af ógreiddum virðisaukaskatti og tolli af innflutningi, olúgjaldi, bensíngjaldi, kolefnisgjaldi og öðrum opinberum gjöldum.

Skýringar, frh.:

29. Fyrirfram innheimtar tekjur

Fyrirfram innheimtar tekjur greinast þannig í árslok:

Vildarpunktar.....	134.416	158.004
Innkort.....	48.543	49.210
Óinnleystur söluhagnaður vegna Klettagarða 13.....	0	30.211
Fyrirfram innheimtar tekjur samtals.....	182.958	237.425

Í lok árs 2012 seldi N1 FAST-2 ehf. fasteignina að Klettagörðum 13. Samhliða sölunni leigði félagið eignina til baka til 10 ára með kauprétti að henni eftir 5 ár og aftur í lok leigutíma á framreiknuðu söluverði. Í september 2017 nýtti N1 kaupréttinn og keypti fasteignina. Kaupverð eignarinnar er 1.653 m.kr.

30. Aðrar skammtímaskuldir

Aðrar skammtímaskuldir greinast þannig í árslok:

	2017	2016
Ógreidd laun og launatengd gjöld.....	178.521	197.560
Ógreitt áfallið orlof.....	268.187	244.476
Ógreiddir áfallnir vextir.....	38.134	32.831
Aðrar skammtímaskuldir.....	9.646	22.165
Aðrar skammtímaskuldir samtals.....	494.488	497.032

31. Fjármálagerningar

Lánsáhætta

Mesta mögulega tap félagsins vegna fjáreigna með lánsáhættu er bókfært verð þeirra, sem var eins og hér greinir í árslok:

Skuldabréfaeign.....	120.914	58.151
Viðskiptakröfur.....	2.595.230	2.303.272
Kröfur á tengda aðila.....	152.147	14.843
Aðrar skammtímakröfur.....	102.225	77.227
Handbært fé.....	2.800.082	2.266.435
	5.770.598	4.719.928

Um 30% (2016: 26%) af stöðu viðskiptakrafna í árslok er vegna 30 stærstu viðskiptamanna félagsins. Þar af nam staða stærsta viðskiptamanns 3% (2016: 3%).

Aldursgreining viðskiptakrafna og virðisrýrnun

Aldur viðskiptakrafna var eftirfarandi í árslok:

Árið 2017

	Nafnverð	Niðurfærsla	Bókfært verð
Ógjaldfallið.....	2.076.640	(59.764)	2.016.876
Gjaldfallið innan 30 daga.....	430.165	(29.407)	400.758
Gjaldfallið fyrir 31 - 120 dögum.....	116.033	(23.256)	92.777
Gjaldfallið fyrir meira en 120 dögum.....	149.675	(64.856)	84.819
	2.772.513	(177.283)	2.595.230

Árið 2016

Ógjaldfallið.....	1.897.550	(64.620)	1.832.930
Gjaldfallið innan 30 daga.....	341.761	(50.682)	291.079
Gjaldfallið fyrir 31 - 120 dögum.....	115.025	(12.844)	102.181
Gjaldfallið fyrir meira en 120 dögum.....	102.774	(25.692)	77.082
	2.457.110	(153.838)	2.303.272

Skýringar, frh.:

31. Fjármálagerningar, frh.:

Virðisrýrnun krafna greinist þannig:	2017	2016
Staða í ársbyrjun.....	153.838	105.730
Endanlega tapaðar kröfur á árinu..... (	4.925) (	13.951)
Gjaldfærð virðisrýrnun á árinu.....	28.370	62.059
Staða í árslok.....	177.283	153.838

Viðskiptakröfur félagsins greinast þannig í árslok eftir atvinnugreinum:

Árið 2017	Nafnverð	Sérgreind niðurfærsla	Almenn niðurfærsla	Bókfært verð í árslok
Sjávarútvegur.....	372.261	(9.951)	(4.778)	357.532
Samgöngur.....	309.600	(15.456)	(3.973)	290.171
Verktakar.....	398.881	(28.321)	(5.119)	365.441
Aðrar atvinnugreinar og einstaklingar.....	1.481.487	(87.973)	(19.013)	1.374.501
Erlend sala.....	210.284	0	(2.699)	207.585
	2.772.513	(141.701)	(35.582)	2.595.230

Árið 2016

Sjávarútvegur.....	369.205	(11.990)	(5.969)	351.246
Samgöngur.....	271.416	(10.449)	(4.388)	256.579
Verktakar.....	370.548	(39.805)	(5.991)	324.752
Aðrar atvinnugreinar og einstaklingar.....	1.292.309	(51.869)	(20.893)	1.219.547
Erlend sala.....	153.632	0	(2.484)	151.148
	2.457.110	(114.113)	(39.725)	2.303.272

Lausafjáráhætta

Í eftirfarandi töflu er sýnt hvenær framtíðargreiðslur skulda félagsins falla til. Greiðsluflæðið innifelur áætlaða framtíðarvexti eftir því sem við á.

Árslok 2017	Innan árs	Eftir 1 - 2 ár	Eftir 3 - 5 ár	Eftir meira en 5 ár
Skuldir við lánastofnanir.....	403.722	409.614	1.692.752	8.851.413
Skuldir við hið opinbera.....	2.058.077			
Ógreiddur tekjuskattur.....	444.276			
Viðskiptaskuldir.....	1.066.927			
Skuldir við tengda aðila.....	113.198			
Aðrar skammtímaskuldir.....	494.488			
	4.580.687	409.614	1.692.752	8.851.413

Skýringar, frh.:

31. Fjármálagæringar, frh.: Árslok 2016

Skuldir við lánastofnanir.....	910.133	398.713	1.252.342	8.122.829
Skuldir við hið opinbera.....	2.046.570			
Ógreiddur tekjuskattur.....	512.383			
Viðskiptaskuldir.....	895.995			
Skuldir við tengda aðila.....	201.623			
Aðrar skammtímaskuldir.....	497.032			
	<u>5.063.736</u>	<u>398.713</u>	<u>1.252.342</u>	<u>8.122.829</u>

Langtímalán félagsins inniheldur fjárhagsleg skilyrði um eiginfjárlutfall, lausafjárlutfall og nettó skuldsetningu. Verði fjárhagsleg skilyrði ekki uppfyllt verður lánið greiðslukræft.

Gengisáhætta

Áhætta félagsins vegna erlendra gjaldmiðla var sem hér segir í árslok:

Árið 2017	USD	EUR	Aðrar myntir	Samtals
Skuldabréfaeign.....	0	0	91.606	91.606
Viðskiptakröfur.....	276.629	345	4.614	281.588
Handbært fé.....	173.716	3.332	3.835	180.883
Viðskiptaskuldir.....	(2.508)	(67.449)	(228.078)	(298.035)
Áhætta í efnahagsreikningi.....	<u>447.837</u>	<u>(63.772)</u>	<u>(128.023)</u>	<u>256.042</u>

Árið 2016

Skuldabréfaeign.....	0	0	23.486	23.486
Viðskiptakröfur.....	195.870	45	3.960	199.875
Handbært fé.....	111.693	3.905	1.655	117.253
Viðskiptaskuldir.....	(655)	(48.759)	(101.917)	(151.331)
Skammtímalán.....	(508.905)	0	0	(508.905)
Áhætta í efnahagsreikningi.....	<u>(201.998)</u>	<u>(44.808)</u>	<u>(72.816)</u>	<u>(319.622)</u>

Næmigreining

10% styrking íslenskrar krónu gagnvart eftirtöldum gjaldmiðlum í árslok myndi hafa hækkað (lækkað) afkomu félagsins fyrir tekjuskatt um eftirfarandi fjárhæðir.

	2017	2016
USD.....	(44.784)	20.200
EUR.....	6.377	4.481
Aðrar myntir.....	12.802	7.282
Samtals.....	<u>(25.605)</u>	<u>31.963</u>

10% veiking íslenskrar krónu gagnvart þessum gjaldmiðlum hefði haft sömu áhrif en í gagnstæða átt.

Vaxtaáhætta

Hækkun á vöxtum á uppgjörstigi um eitt prósentustig (100 punkta) myndi lækka afkomu um 80 m.kr. (2016: 65 m.kr.) fyrir tekjuskatt vegna áhrifa á lántökur félagsins sem bera breytilega vexti. Útreikningurinn miðast við rekstraráhrif á ársgrundvelli. Lækkun vaxta um eitt prósentustig myndi hafa sömu áhrif en í gagnstæða átt.

Skýringar, frh.:

32. Rekstrarleigusamningar

Húsaleiguskuldbindingar

Félagið er með húsnæði og lóðir á leigu frá ýmsum aðilum lengst til ársins 2052. Framtíðarleigugreiðslur án tillits til framtíðarverðbólgu greinast þannig í árslok:

	2017	2016
Innan árs.....	286.728	350.806
Eftir 1 - 5 ár.....	39.938	580.937
Eftir meira en 5 ár.....	61.198	322.393
Samtals.....	387.864	1.254.136

32. Rekstrarleigusamningar, frh.:

Húsaleigutekjur

Félagið leigir húsnæði til ýmissa aðila. Sumir leigusamninganna eru ótímabundnir, en leigutími annarra samninga er á bilinu eitt til fimmtán ár. Leigusamningarnir eru flestir verðtryggðir. Heildarskuldbinding leigutaka án tillits til framtíðarverðbólgu er eins og greinir hér að neðan. Kuldbinding leigutaka vegna óbundinna samninga er aðeins reiknuð eitt ár fram í tímann.

	2017	2016
Innan árs.....	154.799	147.474
Eftir 1 - 5 ár.....	238.044	272.086
Eftir meira en 5 ár.....	118.497	141.654
Samtals.....	511.340	561.214

33. Tengdir aðilar

Skilgreining tengdra aðila

Til tengdra aðila félagsins teljast stórir hluthafar í félaginu, hlutdeildarfélög, stjórnarmenn félagsins og stjórnendur, nánir fjölskyldumeðlimir þeirra og félög í þeirra eigu.

Viðskipti við tengd félög

Viðskipti við tengd félög greinast þannig:

	2017	2016
Keyptar vörur og þjónusta.....	1.240.162	1.200.382
Seldar vörur og þjónusta.....	502.200	380.430
Skuldabréfaeign.....	91.606	23.486
Kröfur í árslok.....	152.147	14.843
Skuldir í árslok.....	113.198	201.622

Laun og hlunnindi stjórnar og stjórnenda greinast þannig:

	2017	2016	Fjöldi hluta í árslok 2017
Margrét Guðmundsdóttir, formaður stjórnar.....	8.900	8.265	3.014
Helgi Magnússon, stjórnarmaður.....	6.429	5.963	3.598.955
Kristín Guðmundsdóttir, stjórnarmaður.....	4.800	4.470	6.028
Jón Sigurðsson, stjórnarmaður.....	4.440	4.110	6.525.970
Þórarinn V. Þórarinnsson, stjórnarmaður.....	4.800	4.470	3.014
Eggert Þór Kristófersson, forstjóri.....	70.475	58.434	90.000
Fjórir framkvæmdastjórnar.....	140.228	122.220	38.170
Laun og hlunnindi stjórnar og stjórnenda samtals.....	240.072	207.932	10.265.151

Með eignarhlutum að ofan eru taldir eignarhlutir maka, ófjárráða barna og fjárráða einstaklinga með sama lögheimili ásamt eignarhlutum í eigu félaga sem stjórnendurnir ráða.

Engin lán hafa verið veitt stjórnarmönnum eða forstjóra félagsins.

Skýringar, frh.:

33. Tengdir aðilar frh. ,:

Viðskipti við aðra tengda aðila

Viðskipti við aðra tengda aðila voru mjög óveruleg á þeim tímabilum sem ársreikningurinn tekur til. Verðlagning á slíkum viðskiptum er sambærileg við önnur viðskipti félagsins.

Viðskipti við starfsmenn

Félagið hefur lánað starfsmönnum sínum vegna almennra vöruviðskipta og voru þau að fjárhæð 12 m.kr. kr. í árslok 2017 (2016: 15 m.kr.). Aðrar skuldir starfsmanna við félagið námu 1 m.kr. í árslok (2016: 1 m.kr.).

34. Kennitölur

Helstu kennitölur félagsins:	2017	2016
------------------------------	------	------

Rekstur

Veltuhraði vörubirgða í lok tímabils:

Vörunotkun / meðalstaða vörubirgða á árinu.....	7,62	8,02
---	------	------

Söludagar í viðskiptakröfum:

Meðalstaða viðskiptakrafna á árinu / seldar vörur og þjónusta.....	30	29
Hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði / framlegð af vörusölu.....	31,2%	32,4%
Laun og launatengd gjöld / framlegð af vörusölu.....	40,2%	37,8%
Sölu- og dreifingarkostnaður / framlegð af vörusölu.....	18,2%	18,6%
Annar rekstrarkostnaður / framlegð af vörusölu.....	14,4%	14,6%

Efnahagur

Veltufjárlutfall: Veltufjármunir / skammtímaskuldir.....	1,96	1,59
Lausafjárlutfall: (Veltufjármunir - birgðir) / skammtímaskuldir.....	1,30	0,97
Skuldsetning: Nettó vaxtaberandi skuldir / EBITDA.....	1,38	1,10
Eiginfjárlutfall: Eigið fé / heildarfjármagn.....	49,9%	49,1%
Arðsemi eigin fjár: Afkoma ársins / meðalstaða eigin fjár.....	16,1%	39,2%

35. Fyrirhuguð yfirtaka á Festi

Samkeppniseftirlitið hefur til skoðunar fyrirhuguð kaup N1 á öllu hlutfé í Festi hf. en kaupsamningur var undirritaður 3. október 2017. Festi sérhæfir sig í rekstri verslunarfyrirtækja og rekur 27 verslanir undir merkjum Krónunnar, ELKO, Nóatúns, Kjarvals og Kr, en félagið á einnig og rekur Bakkann vöruhótel. Festi á 18 fasteignir sem eru annað hvort í leigu til verslana félagsins eða til þriðja aðila og er heildarstærð fasteignanna um 71.500 fermetrar. Heildarvelta Festi var rúmir 39 milljarðar króna á rekstrarárinu sem lauk 28. febrúar 2017. Í kaupsamningnum er heildarvirði Festi 37,9 milljarðar króna en endanlegt kaupverð hlutafjár mun ráðast af skuldastöðu félagsins við lok yfirstandandi fjárhagsárs sem er 28. febrúar 2018. Gera áætlanir yfirstandandi rekstrarárs ráð fyrir að hagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta („EBITDA“) verði um 3.340 m.kr og eru 2.125 m.kr vegna rekstrarfélaga Festi en 1.215 m.kr vegna fasteignastarfsemi þess. Heildarvirði félagsins getur tekið breytingum vegna afkomu rekstrarfélaga Festi. Reynist EBITDA rekstrarfélaganna fyrir rekstrarárið sem lýkur 28. febrúar 2018 hærri en 2.125 m.kr skal kaupverð hækka en þó aldrei meira en um 1 milljarð króna, þ.e.a.s. verði EBITDA 2.250 m.kr eða hærri. Reynist hins vegar EBITDA rekstrarfélaganna vera lægri en 2.050 m.kr skal kaupverðið lækka en þó aldrei meira en um 1 milljarð króna, þ.e.a.s. verði EBITDA 1.925 m.kr eða lægri. EBITDA N1 á árinu 2017, að undanskildum kostnaði við kaup á Festi, var 3.605 m.kr. Eins og fyrr greinir gera áætlanir ráð fyrir að EBITDA Festi á rekstrarárinu sem lýkur 28. febrúar 2018 verði 3.340 m.kr. Miðað við þær forsendur væri EBITDA sameinaðs félags, að undanskildum kostnaði við kaup N1 á Festi, 6.945 m.kr. Ekki hefur verið tekið tillit til áætlaðra samlegðaráhrifa í framangreindum tölum. Áætluð samlegðaráhrif af sameiningu N1 og Festi eru á bilinu 500 til 600 m.kr.

36. Önnur mál

Í júní 2013 tilkynnti Samkeppniseftirlitið að það hefði ákveðið að hefja markaðsrannsókn á íslenska eldneytismarkaðnum. Um er að ræða nýtt form rannsóknar, sem felur í sér athugun á því hvort grípa þurfi til aðgerða gegn aðstæðum eða háttsemi sem koma í veg fyrir, takmarka eða hafa skaðleg áhrif á samkeppni almenningi til tjóns. Rannsókn Samkeppniseftirlitsins beinist því ekki sérstaklega að félaginu sjálfu heldur eldsneytismarkaðnum í heild. Frummatsskýrsla Samkeppniseftirlitsins kom út í nóvember 2015. Hafa markaðsaðilar skilað sjónarmiðum sínum og var í kjölfarið haldin ráðstefna um fram komin sjónarmið. Í kjölfarið gaf Samkeppniseftirlitið út nokkur álit sem beindust að opinberum aðilum ásamt því sem markaðsaðilum var gefinn kostur á að tjá sig um hugsanlega niðurstöðu markaðsrannsóknarinnar. Hefur Samkeppniseftirlitið gefið til kynna að markaðsrannsóknin muni teyfjast þar sem stofnunin hefur nú til rannsóknar tvo samruna sem varða olíumarkaðinn. Muni verða gert hlé á markaðsrannsókninni á meðan þeir eru til rannsóknar. Hefur Samkeppniseftirlitið bent á að þessir samrunar kunni að hafa áhrif á niðurstöðu markaðsrannsóknarinnar.

Ársfjórðungayfirlit - óendurskoðað

Rekstur félagsins fyrir árið 2017 greinist þannig á ársfjórðunga:

	1. árs- fjórðungur	2. árs- fjórðungur	3. árs- fjórðungur	4. árs- fjórðungur	2017 Samtals
Sala	6.977.970	8.897.383	10.591.794	8.141.294	34.608.441
Kostnaðarverð seldra vara	(4.672.727)	(6.101.639)	(7.094.335)	(5.399.595)	(23.268.296)
Framlegð af vörusölu	2.305.243	2.795.744	3.497.459	2.741.699	11.340.145
Aðrar rekstrartekjur	102.757	98.732	92.546	147.819	441.854
Laun og annar starfsmannakostnaður	(1.065.124)	(1.178.497)	(1.109.297)	(1.201.185)	(4.554.103)
Sölu- og dreifingarkostnaður	(422.438)	(567.463)	(620.178)	(448.529)	(2.058.608)
Annar rekstrarkostnaður	(399.433)	(380.261)	(451.225)	(403.003)	(1.633.923)
	(1.886.995)	(2.126.222)	(2.180.700)	(2.052.717)	(8.246.634)
Hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði	521.005	768.254	1.409.305	836.801	3.535.365
Afskriftir	(242.962)	(242.331)	(248.133)	(273.463)	(1.006.889)
	(242.962)	(242.331)	(248.133)	(273.463)	(1.006.889)
Rekstrarhagnaður	278.044	525.923	1.161.172	563.338	2.528.476
Fjármunatekjur	25.189	13.282	16.517	36.226	91.215
Fjármagnsgjöld	(97.171)	(101.491)	(97.849)	(101.841)	(398.352)
Gengismunur	9.201	(16.197)	20.129	10.201	23.334
Áhrif hlutdeildarféлага	49.723	104.982	82.778	37.422	274.905
Gangvirðisbreyting hlutabréfa	4.163	(588)	689	(149)	4.115
	(8.895)	(13)	22.266	(18.141)	(4.783)
Hagnaður fyrir tekjuskatt	269.148	525.910	1.183.438	545.197	2.523.693
Tekjuskattur	(44.205)	(84.705)	(220.741)	(103.075)	(452.726)
Hagnaður tímabilsins	224.944	441.205	962.697	442.122	2.070.967
Rekstrarliðir færðir beint á eigið fé, en verða síðar færðir í rekstrarreikning: Þýðingarmunur vegna starfsemi erlends hlutdeildarfélags	6.185	(23.115)	27.447	575	11.092
Rekstrarliðir færðir beint á eigið fé, og verða ekki færðir í rekstrarreikning: Endurmat rekstrarfjármuna (bakfært)	0	0	0	(115.288)	(115.288)
Tekjuskattur af endurmati rekstrarfjármuna	0	0	0	23.058	23.058
Önnur heildarkoma samtals	6.185	(23.115)	27.447	(91.655)	(81.139)
Heildarhagnaður tímabilsins	231.129	418.090	990.143	350.467	1.989.828
Grunnhagnaður og þýntur hagnaður á hlut í krónum	0,90	1,76	3,85	1,77	8,28

Ársfjórðungayfirlit - óendurskoðað

Rekstur félagsins fyrir árið 2016 greinist þannig á ársfjórðunga:

	1. árs- fjórðungur	2. árs- fjórðungur	3. árs- fjórðungur	4. árs- fjórðungur	2016 Samtals
Sala	6.442.818	8.848.278	10.622.848	7.853.952	33.767.896
Kostnaðarverð seldra vara	(4.363.990)	(5.809.511)	(7.219.941)	(5.173.096)	(22.566.538)
Framlegð af vörusölu	2.078.828	3.038.767	3.402.907	2.680.856	11.201.358
Aðrar rekstrartekjur	92.503	95.391	91.344	91.495	370.733
Laun og annar starfsmannakostnaður	(996.604)	(1.061.141)	(1.032.601)	(1.143.373)	(4.233.719)
Sölu- og dreifingarkostnaður	(428.978)	(553.803)	(593.785)	(502.028)	(2.078.594)
Annar rekstrarkostnaður	(372.120)	(415.332)	(395.433)	(452.048)	(1.634.933)
	(1.797.702)	(2.030.276)	(2.021.819)	(2.097.448)	(7.947.246)
Hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði	373.629	1.103.882	1.472.431	674.902	3.624.845
Afskriftir	(173.017)	(177.422)	(181.254)	(241.396)	(773.088)
Bakfærð virðisrýrnun rekstrarfjármuna	0	0	0	1.323.492	1.323.492
	(173.017)	(177.422)	(181.254)	1.082.096	550.404
Rekstrarhagnaður	200.612	926.460	1.291.178	1.756.999	4.175.249
Fjármunatekjur	42.262	27.055	34.801	61.897	166.016
Fjármagnsgjöld	(118.903)	(118.470)	(113.665)	(116.996)	(468.034)
Gengismunur	(689)	8.285	(25.076)	15.559	(1.921)
Áhrif hlutdeildarfélaga	21.189	62.286	111.900	100.577	295.952
Gangvirðisbreyting hlutabréfa	0	(12.669)	(1.478)	475	(13.671)
	(56.141)	(33.513)	6.482	61.513	(21.659)
Hagnaður fyrir tekjuskatt	144.471	892.947	1.297.660	1.818.511	4.153.589
Tekjuskattur	(24.976)	(181.014)	(225.767)	(343.815)	(775.572)
Hagnaður tímabilsins	119.495	711.933	1.071.893	1.474.696	3.378.017
Rekstrarliðir færðir beint á eigið fé, en verða síðar færðir í rekstrarreikning: Þýðingarmunur vegna starfsemi erlends hlutdeildarfélags	(1.929)	(15.026)	(3.621)	(59.846)	(80.422)
Rekstrarliðir færðir beint á eigið fé, og verða ekki færðir í rekstrarreikning: Endurmat rekstrarfjármuna	0	0	0	4.849.765	4.849.765
Tekjuskattur af endurmati rekstrarfjármuna	0	0	0	(969.953)	(969.953)
Önnur heildarkoma samtals	(1.929)	(15.026)	(3.621)	3.819.966	3.799.390
Heildarhagnaður tímabilsins	117.566	696.907	1.068.272	5.294.662	7.177.407
Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut í krónum	0,34	2,03	1,57	4,33	9,74

Stjórnarháttayfirlýsing

Stjórn og stjórnarhættir

Stjórn

Stjórnarhættir N1 eru markaðir af starfsreglum stjórnar, samþykktum félagsins og lögum nr. 2/1995 um hlutafélög. Gildandi starfsreglur stjórnar voru samþykktar á stjórnarfundum þann 9. apríl 2013. Reglurnar eru settar samkvæmt ákvæðum í 4. mgr. 70. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög og 2. mgr. 17. gr. samþykktu félagsins. Í samþykktum er kveðið á um tilgang félagsins, hlutafé þess, hluthafafundi, stjórn, forstjóra, reikningshald og endurskoðun. Núverandi starfskjarastefna N1 var samþykkt á aðalfundi félagsins þann 23. mars 2015. Stefnan nær til starfskjara stjórnarmanna, forstjóra og æðstu stjórnenda félagsins.

Starfsreglur stjórnar, samþykktir félagsins og upplýsingar um starfskjarastefnu eru aðgengilegar á vefsíðu N1, www.n1.is/fjarfestatengsl. N1 fylgir leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja, 5. útgáfu 2015, sem gefnar voru út af Viðskiptaráði Íslands, NASDAQ Iceland og Samtökum atvinnulífsins, að öllu leyti nema:

- Stjórn N1 hefur ekki skipað tilnefninganefnd
- Stjórnarháttayfirlýsingin inniheldur ekki greiningu á umhverfispáttum og félagslegum þáttum sem nauðsynlegir eru til að skilja þróun, árangur og stöðu félagsins
- Stjórnarháttayfirlýsingin inniheldur ekki upplýsingar um helstu þætti í árangursmati stjórnar sem hefur farið fram. Stjórn N1 fer með æðsta vald í málefnum félagsins á milli hluthafafunda og ber meginábyrgð á rekstri þess. Samskipti stjórnar og hluthafa fara fram á hluthafafundum. Stjórnarmenn í félaginu eru sjálfstæðir í störfum sínum og taka ekki við fyrirætlum frá hluthöfum félagsins eða öðrum hagsmunaaðilum. Stjórnarmenn gæta jafnframt trúnaðar í störfum sínum og veita ekki hluthöfum upplýsingar um rekstur eða starfsemi félagsins nema slíkt sé kynnt á vettvangi stjórnar.

Stjórn N1 hf. er skipuð fimm stjórnarmönnum sem kjörnir eru árlega á aðalfundi. Margrét Guðmundsdóttir er formaður stjórnar og hefur setið í stjórn félagsins frá árinu 2011 og hefur verið formaður frá árinu 2012. Kristín Guðmundsdóttir tók sæti í stjórn árið 2011, Helgi Magnússon árið 2012, Jón Sigurðsson árið 2014 og Þórarinn V. Þórarinnsson árið 2015. Í stjórn N1 hf. eru tvær konur og þrír karlar og uppfyllir félagið ákvæði laga um hlutafélög um kynjahlutföll stjórnar sem tóku gildi 1. september 2013. Stjórnarmenn eru með fjölbreytta menntun og hafa víðtæka reynslu úr atvinnulífinu.

Þeir sem hyggjast gefa kost á sér í stjórn félagsins þurfa að tilkynna það skriflega til stjórnarinnar að minnsta kosti fimm sólarhringum fyrir upphaf aðalfundar. Samþykktum félagsins má einungis breyta með samþykki 2/3 hluta greiddra atkvæða á löglegum hluthafafundi, enda sé þess rækilega getið í fundarboði að slík breyting sé fyrirhuguð og í hverju hún felst.

Stjórnarhættir

Stjórnin hefur sett sér starfsreglur sem yfirfarnar eru árlega. Í þeim er að finna skilgreiningu á valdsviði stjórnar og verkswiði stjórnar gagnvart forstjóra. Í reglunum er meðal annars að finna ákvæði um skipan stjórnar, samskipti við hluthafa, boðun funda og ályktunarhæfni, fundargerðir og innihald þeirra, reglur um þagnar- og trúnaðarskyldu stjórnarmanna og reglur um hæfi stjórnarmanna til þátttöku í afgreiðslu mála. Stjórn kys sér formann og varaformann ásamt því að skipa nefndarmenn undirnefnda. Stjórnarfundur skal halda svo oft sem þörf krefur og að jafnaði eigi sjaldnar en mánaðarlega. Fundarstaður félagsstjórnar er í höfuðstöðvum N1 hf. að Dalvegi 10-14, 201 Kópavogi. Formaður stjórnar fundum félagsstjórnar. Forstjóri á sæti á fundum félagsstjórnar og hefur þar umræðu- og tillögurétt, nema félagsstjórn ákveði annað í einstökum tilfellum. Stjórn félagsins ákveður meðal annars starfskjör forstjóra og hittir endurskoðendur reglulega. Stjórn hefur skipað endurskoðunarnefnd og starfskjaranefnd.

Stjórnarháttayfirlýsing, frh.

Stjórn og stjórnarhættir, frh.

Til að tryggja að reikningsskil félagsins séu í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla hefur félagið lagt áherslu á vel skilgreind ábyrgðarsvið, eðlilega aðgreiningu starfa, ásamt reglulegri skýrslugjöf og gegnsæi í starfsemi. Ferli mánaðarlegrar skýrslugjafar ásamt rýni fyrir einstakar deildir er mikilvægur þáttur í eftirliti með afkomu og öðrum lykilþáttum starfseminnar. Mánaðarleg uppgjör eru unnin og lögð fyrir stjórn félagsins. Til staðar eru verklagsreglur til að tryggja eftirlit með tekjuskráningu og rekstrarkostnaði ásamt fleiri liðum sem hafa áhrif á rekstur félagsins. Áhættustýring er yfirfarin reglulega til að endurspegla breytingar á markaðsaðstæðum og starfsemi félagsins. Með þjálfun starfsmanna og starfsreglum stefnir félagið að öguðu eftirliti þar sem allir starfsmenn eru meðvitaðir um hlutverk sitt og skyldur. Rekstraráhættu er mætt með því að hafa eftirlit með viðskiptum og fylgni við lög. Stjórn hefur sett stefnu um eiginfjárstýringu til að eiginfjárstaða félagsins sé sterk og styðji við stöðugleika í framtíðarþróun starfseminnar.

Allir stjórnarmenn hafa lagt fram persónulegar upplýsingar svo hægt sé að leggja mat á hæfi þeirra er varðar stjórnarsetu í öðrum félögum, eignarhluti í félaginu, beint eða í gegnum tengda aðila og möguleg hagsmunatengsl. Allir stjórnarmenn eru óháðir félaginu og stórum hluthöfum þess.

Starfskjaranefnd

Stjórn hefur skipað starfskjaranefnd. Hlutverk nefndarinnar er að vera leiðbeinandi fyrir stjórn um starfskjör stjórnarmanna og stjórnenda félagsins og ráðgefandi um starfskjarastefnu, sem tekin skal til endurskoðunar ár hvert og lögð fyrir aðalfund félagsins. Skal nefndin jafnframt fylgjast með að starfskjör æðstu stjórnenda séu innan ramma starfskjarastefnu félagsins og gefa stjórn skýrslu þar um árlega í tengslum við aðalfund. Stjórn félagsins skal kjósa tvo menn til setu í starfskjaranefnd. Skal annar nefndarmaður af tveimur vera óháður félaginu og daglegum stjórnendum þess. Í starfskjaranefnd má hvorki forstjóri félagsins né annar starfsmaður eiga sæti. Óháðir stjórnarmenn mega eiga sæti í starfskjaranefnd. Haft skal að leiðarljósi að nefndarmenn hafi reynslu og þekkingu á viðmiðum og venjum við ákvörðun starfskjara stjórnenda. Starfskjör nefndarmanna skulu ákveðin á aðalfundi. Í starfsreglum stjórnar skal kveðið á um störf nefndarinnar. Í starfskjaranefnd sitja Margrét Guðmundsdóttir stjórnarformaður og Helgi Magnússon.

Endurskoðunarnefnd

Stjórn N1 hf. hefur skipað endurskoðunarnefnd fyrir félagið í samræmi við ákvæði laga um ársreikninga. Í henni skulu sitja eigi færri en þrír nefndarmenn og skal meirihluti þeirra vera óháður N1 hf. Nefndin skal skipuð til eins árs í senn á fyrsta stjórnarfundi eftir aðalfund. Meirihluti nefndarmanna skal vera stjórnarmenn N1 hf. og stjórn félagsins skal tilnefna formann. Nefndarmenn skulu hafa þekkingu og reynslu í samræmi við störf nefndarinnar og skal að minnsta kosti einn nefndarmanna hafa staðgöða þekkingu og reynslu á sviði reikningsskila eða endurskoðunar. Starfskjör nefndarmanna skulu ákveðin á aðalfundi. Nefndinni er ætlað að hafa eftirlit með endurskoðun ársreikninga og mat á störfum endurskoðenda til að tryggja frekara öryggi og vönduð vinnubrögð við endurskoðunina. Samkvæmt reglum um störf nefndarinnar skulu tveir stjórnarmenn valdir í nefndina auk eins utanaðkomandi sérfræðings. Nefndin skal halda a.m.k. fjóra fundi á ári og aukafundi þegar formaður telur þörf á því. Í nefndinni sitja þau Kristín Guðmundsdóttir stjórnarformaður, Þórarinn V. Þórarinnsson stjórnarmaður og María Sólbergdóttir endurskoðandi sem er formaður endurskoðunarnefndar.

Stjórnarháttayfirlýsing, frh.

Endurskoðunarnefnd, frh.

Hlutverk endurskoðunarnefndar er eftirfarandi:

- Að hafa eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila.
- Að hafa eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits N1, áhættustýringu og annarra eftirlitsaðgerða.
- Að hafa eftirlit með endurskoðun ársreiknings N1.
- Að setja fram tillögu til stjórnar um val á endurskoðendum eða endurskoðunarfyrirtæki.
- Að meta óhæði endurskoðenda eða endurskoðunarfyrirtækis og hafa eftirlit með öðrum störfum endurskoðenda eða endurskoðunarfyrirtækis.

Fjárfestingarráð

Stjórn hefur skipað fjárfestingarráð til að vinna að greiningum og tillögum stjórnar N1 um fjárfestingar. Í ráðinu sitja Jón Sigurðsson formaður og Eggert Kristófersson.

Framkvæmdastjórn

Framkvæmdastjórn N1 er skipuð lykilstarfsmönnum félagsins þar sem hver framkvæmdastjóri ber ábyrgð á tilteknu sviði gagnvart forstjóra.

Tekið skal fram að meðlimir framkvæmdastjórnar N1 eru ekki með kaupréttarsamninga við félagið. Engin hagsmunatengsl eru á milli meðlima framkvæmdastjórnar og helstu viðskiptaaðila eða samkeppnisaðila félagsins sem og stórra hluthafa í félaginu.

Á árinu 2017 voru haldnir 19 stjórnarfundir, 8 fundir í endurskoðunarnefnd og 3 fundir í starfskjaranefnd. Meirihluti stjórnar, endurskoðunarnefndar og starfskjaranefndar hefur mætt á alla fundi. Endurskoðunarnefnd boðar endurskoðendur félagsins á fundi reglulega auk þess sem þeir mæta á stjórnarfundi séu endurskoðuð eða könnuð uppgjör til umfjöllunar.

Gildi félagsins, siðareglur og stefna um samfélagslega ábyrgð

Gildi N1 eru:

Virðing – við sýnum starfsmönnum, viðskiptavinum og samfélaginu öllu virðingu.

Einfaldleiki – við erum skýr og einbeitt í öllu okkar starfi.

Kraftur – við erum jákvæð, ákveðin og í forystu á okkar sviði

Það er stefna félagsins að vera í forystu til framtíðar, liður í því er að vera samfélagslega ábyrg. Samhliða ársreikningi verður gefin út samfélagsskýrsla samkvæmt Global Reporting Initiative. Með skipulögðum og viðurkenndum aðgerðum kappkostar N1 að lágmarka umhverfisáhrif frá starfsemi félagsins. N1 fékk Jafnlaunavottun VR þann 19. júní 2015, fyrst olúfélaga. Það staðfestir að hjá okkur er starfsfólki, sem vinnur sömu eða jafnverðmæt störf, ekki mismunað í launum. Árlega leitar fjöldi félagasamtaka, stofnana og einstaklinga til félagsins um stuðning við góð málefni. N1 leggur áherslu og forvarnar- og íþróttastarf.

Siðareglur N1 voru samþykktar 27. janúar 2015. Þær eru birtar á heimasíðu félagsins.

Helstu þættir innra eftirlits og áhættustýring félagsins

Reglulegur hluti af starfsemi félagsins er að hafa eftirlit með helstu þáttum í rekstri fyrirtækisins og tryggja þannig samfellu í rekstri og lágmarkun áhættu. Áhættustýring er samofin ábyrgð við daglegan rekstur félagsins.

Helstu þætti innra eftirlits og áhættustýringar félagsins er yfirfarnir af stjórn einu sinni á starfsári.

Félagið hefur ekki starfandi innri endurskoðanda, en endurskoðendur félagsins vinna afmarkaðar úttektir á ferlum félagsins.

Hluthafar félagsins

Félagið er hlutafélag og upplýsingar um helstu eigendur þess er að finna á heimasíðu félagsins, www.n1.is.

Ófjárhagslegar upplýsingar

Starfsemi N1

N1 er eitt stærsta verslunar- og þjónustufyrirtæki hérlandis og þjónar fólki og fyrirtækjum á hátt á annað hundrað þjónustustöðvum hringinn í kringum landið. Að auki rekur N1 fjölmörg verkstæði sem sinna hjólbarða- og smurþjónustu og smærri viðgerðum.

Samfélagið

Samfélagsleg ábyrgð skiptir N1 miklu máli. Við höfum unnið að því að auka samfélagslega ábyrgð í aðfangakeðjunni með margvíslegum hætti og byggja hana upp innan allra deilda fyrirtækisins. Samfélagsleg ábyrgð verður sífellt veigameiri þáttur í rekstri N1 og nær til allra þátta starfseminnar. Ýmis svið falla undir hugtakið eins og til dæmis umhverfismál, siðareglur, sanngjarnir starfshættir, samfélagsleg virkni, þróun og tengsl við samfélagið. Við leggjum áherslu á að vinna samkvæmt alþjóðlega vottuðum stöðlum og viðurkenndum aðferðum.

Umhverfið

Loflagsmarkmið N1 eru að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og kolefnisjafna allt flug og notkun eigin bíla, ásamt að draga úr óflokkuðum úrgangi um 2% á ári. Við sýnum umhverfinu virðingu og leitumst við að bjóða umhverfisvænar vörur og þjónustu. Við leggjum okkur fram um að valda sem minnstum skaða á umhverfinu með starfsemi félagsins og fylgjum viðurkenndum umhverfis, gæða-, öryggis- og heilsufarsstöðlum. Nítján starfsstöðvar N1 eru vottaðar í samræmi við umhverfisstjórnunarstaðalinn ISO 14001 samkvæmt vottorði númer 10 frá Vottun hf.

Starfsfólk

N1 hefur markað sér starfsmanna- og jafnlaunastefnu sem endurspeglar þá staðreynd að einn mikilvægasti auður félagsins er fólgin í starfsfólkinu, þekkingu þess og færni. N1 fékk jafnlaunavottun VR fyrst árið 2015 og hefur viðhaldið henni síðan. Stefna N1 er að laða að og halda í hæft og traust starfsfólk. Það er gert með því að skapa því gott og hvetjandi starfsumhverfi, efla það og styrkja með markvissri þjálfun og starfsþróun. Það er mikilvægt að starfsfólk þekki hlutverk, stefnu og gildi félagsins, með því náum við betri árangri. Starfsmannastefna N1 er birt á innri vef N1 og er aðgengileg öllum starfsmönnum.

Spilling og mútur

Við berum virðingu fyrir þeim áhrifum sem félagið okkar hefur á samfélagið allt. Okkur er ljóst að orðspor N1 er ein dýrmætasta eign félagsins. Siðareglur gilda um alla starfsemi félagsins, og alla starfsmenn og stjórn þess, sem og þá verktaka, sem sinna verkefnum fyrir félagið. Siðareglurnar eru aðgengilega á heimasíðu félagsins www.n1.is

Staða og árangur

Til að gera betur grein fyrir raunverulegri stöðu samfélagslegrar ábyrgðar fyrirtækisins hefur verið gefin út GRI G4 „Core“ skýrsla um samfélagslega ábyrgð frá árinu 2015. Útgáfa hennar er meðal annars til að N1 geti gert sér grein fyrir raunverulegri stöðu þessara mála hjá fyrirtækinu samkvæmt viðurkenndum stöðlum. Mat á núverandi stöðu gerir fyrirtækinu betur kleift að setja sér raunhæf og mælanleg markmið en ekki síður að safna saman og miðla upplýsingum um þá starfsemi þess sem tengist samfélagslegri ábyrgð á gagnsæjan hátt. Aðferðafræði (Global Reporting Initiative) GRI og er notuð um allan heim af tæplega 12.000 fyrirtækjum og stofnunum sem hafa gefið út rúmlega 29.000 GRI skýrslur. Skýrslan er aðgengilega á heimasíðu félagsins www.n1.is en GRI skýrsla fyrir árið 2017 verður gefin út samhliða ársskýrslu félagsins annað árið í röð. N1 fékk sérstök verðlaun Creditinfo fyrir samfélagsábyrgð fyrirtækisins. Verðlaunin voru veitt jafnhliða því sem N1 fékk viðurkenningu sem framúrskarandi fyrirtæki árið 2017.

Efnisyfirlit yfir GRI

Þriðja árið í röð gefur N1 út skýrslu í samræmi við G4 viðmiðunarreglur Global Reporting Initiative (GRI). Í skýrslunni er fjallað um hvernig fyrirtækið fylgir viðmiðum GRI G4 „Core“ (kjarni) en skýrslan var unnin af starfsmönnum og sérfræðingum á sínum sviðum hjá N1. Upplýsingar í skýrslunni ná yfir alla starfsemi N1 og byggja á fjárhagsárinu 2017 í samræmi við ársreikning. Efnisyfirlitið sýnir alla vísa í kjarna og að auki þá viðbótarvísa sem valdir voru og byggja á helstu atriðum er varða sjálfbæran rekstur fyrirtækisins. Taflan hér fyrir neðan sýnir hvar greint er frá aðgerðum í GRI skýrslunni.

N1 er aðili að tilraunaverkefni Nasdaq um birtingu upplýsinga um samfélagsábyrgð fyrirtækja á mörkuðum Norðurlanda og í Eyrstrasaltsríkjum. Í ár verður því einnig vísað í ESG viðmið Nasdaq í textadálki töflunnar þar sem flokkun ESG viðmiða hefur verið tengd við GRI-G4 samkvæmt ESG Reporting Guide dags. 23. mars 2017. Töluverðar breytingar verða á framsetningu skýrslu N1 um samfélagsábyrgð á komandi ári þar sem GRI hættir að nota GRI-G4 viðmiðin og tekur upp GRI Standards og breytingar á ESG viðmiði Nasdaq sem verða kynntar árið 2018.

U = Uppfyllt **H** = Uppfyllt að hluta til **N** = Ekki uppfyllt **Á** = Á ekki við

STEFNA OG GREINING			N1	Bls.
G4-1	Yfirlýsing frá æðsta stjórnanda fyrirtækisins	Ávarp, Stefnumótun N1, Stjórnháttayfirlýsing	U	7-8, 31-32
G4-2	Lýsing á helstu áhrifum, áhættum og tækifærum	Ávarp, N1 sýnir ábyrgð í verki	U	7-8, 17-20
UPPLÝSINGAR UM FYRIRTÆKI			N1	Bls.
G4-3	Heiti fyrirtækis	N1 hf.	U	
G4-4	Helstu vörumerki, vörur og/eða þjónusta	Starfsemi N1, Birgjar	U	15-16, 22-23
G4-5	Staðsetning höfuðstöðva	Dalvegur 10-14, 201 Kópavogur	U	
G4-6	Lönd þar sem fyrirtækið er með starfsemi	N1 er eingöngu með starfsstöðvar á Íslandi. Fyrirtækið á hlut í Ólíudreifingu og dönsku félagi, Malik. Þau eru ekki hluti af þessari skýrslu	U	
G4-7	Eignarhald og lögform	N1 hf er hlutafélag skráð á markað	U	
G4-8	Markaðurinn (landfræðileg skipting, viðskiptavinir og hagsmunaaðilar)	Starfsemi N1, Viðskiptavinir, Hagsmunaaðilar	U	15-16, 21, 30
G4-9	Gerið grein fyrir um stærð og umfangi fyrirtækisins: Heildarfjöldi starfsmanna – Umfang starfsstöðva – Velta og/eða tekjur fyrirtækis og stofnunar – Heildarvelta brotin niður í skuldir og eigið fé (fyrirtæki) – Heildarframleiðsla varðandi vöru og þjónustu	Starfsemi N1, Mannauður, Ársreikningur 2017	U	15-16, 23-28
G4-10	Gerið grein fyrir skiptingu starfsfólks eftir starfssamningi og kyni (a-f alls 6 þættir)	Mannauður	U	23-28
G4-11	Gerið grein fyrir fjölda starfsfólks með aðild að kjarasamningum stéttarfélaga	Mannauður	U	23

G4-12	Gerið grein fyrir aðfangakeðju fyrirtækisins	Starfsemi N1		15
G4-13	Mikilsverðar breytingar á skýrslutímabilinu hvað varðar stærð, skipulag, eignarhald og breytingar í aðfangakeðju	Ávarp, Starfsemi N1, Stefnumótun N1		7-8, 14-16,
Skuldbindingar við ytri málefni				
G4-14	Útlistun á beitingu varúðarákvæða eða aðferða innan fyrirtækisins, ef við á	N1 sýnir ábyrgð í verki, Reglugerðir er varða starfsemi N1		12, 17-21
G4-15	Utanaðkomandi sáttmálar um fjárhagsleg, umhverfisleg og samfélagsmálefni eða önnur verkefni sem fyrirtækið hefur innleitt eða styður	Ávarp, N1 sýnir ábyrgð í verki, Styrkir, Umhverfisstefna N1 Nasdaq E9		7-8, 17, 21-22
G4-16	Aðild að samtökum	N1 sýnir ábyrgð í verki		17
Skilgreining á efnislegum þáttum og mörkum þeirra				
G4-17	Útlistun á ársreikningum (eða sambærilegum skjölum) hverrar rekstrareiningar innan stofnunar eða fyrirtækis	Ársreikningur 2017		
G4-18	Útskýrið skilgreiningar á efnistöku og takmörkunum. Útskýrið hvernig fyrirtækið innleiðir staðlaðar skilgreiningar í skýrslu	Skýrsla þessi byggir á Global Reporting Initiative (GRI) G4 „Core“ level		17
G4-19	Útlistun og skilgreining allra þátta er mótuðu efnistöku skýrslunnar	N1 sýnir ábyrgð í verki		17
G4-20	Tilgreinið mörk hvers þáttar samkvæmt skilgreiningu er á við innan fyrirtækisins: Aðferðir við mælingar gagna og útreikninga þ.m.t. forsendur	N1 sýnir ábyrgð í verki, Efnisyfirlit yfir GRI		17-20
G4-21	Tilgreinið mörk hvers þáttar samkvæmt skilgreiningu er á við utan fyrirtækis: Aðferðir við mælingar gagna og útreikninga þ.m.t. forsendur	N1 sýnir ábyrgð í verki, Stjórnarháttayfirlýsing		17-20, 31-32
G4-22	Útskýrið áhrif framsetningar upplýsinga, sem hafa verið veittar í fyrri skýrslum, og ástæður fyrir endurtekinni framsetningu upplýsinganna	N1 sýnir ábyrgð í verki, Birgjar		17-23
G4-23	Útskýrið verulegar breytingar frá fyrra tímabili varðandi mörk, umfang og þætti skýrslunnar	N1 sýnir ábyrgð í verki, Birgjar		17-23
Þátttaka og skuldbindingar hagsmunaaðila				
G4-24	Listi yfir hagsmunaaðila sem starfa með fyrirtækinu	Ávarp, N1 sýnir ábyrgð í verki, Hagsmunaaðilar, Birgjar, Stjórnarháttayfirlýsing		7-8, 17-20, 22-23, 30-32
G4-25	Aðferðir við val á hagsmunaaðilum sem ætlað er að starfa með	Siðareglur, Hagsmunaaðilar, Birgjar, Viðskiptavinir, Mannauður Nasdaq S6		21-32
G4-26	Verklag við ákvörðun á samstarfi við hagsmunaaðila	Stjórnarháttayfirlýsing, Birgjar, Mannauður, Siðareglur		21-32
G4-27	Helstu atriði og málefni sem hafa komið upp í samstarfi við hagsmunaaðila	Ávarp, Birgjar, Styrkir, Úrskurðir og dómar tengdir N1		7-8, 13, 20-23
Viðfangsefni skýrslunnar				
G4-28	Tímabil sem upplýsingar í skýrslunni ná til	N1 sýnir ábyrgð í verki, Efnisyfirlit yfir GRI Nasdaq G9		17
G4-29	Hvenær var síðasta skýrsla gefin út (ef við á)	Ávarp, N1 sýnir ábyrgð í verki, Efnisyfirlit yfir GRI Nasdaq G9		7, 17

G4-30	Skýrslutíðni (árleg, tvisvar á ári, o.s.frv.)	Árlega, N1 sýnir ábyrgð í verki Nasdaq G9	U	17
G4-31	Tengiliðir vegna upplýsinga er varða skýrsluna og efni hennar	Ásdís Björg Jónsdóttir, deildarstjóri samfélagsábyrgðar og gæðamála Nasdaq G9	U	
G4-32	Ferli við ákvörðun á efni skýrslunnar	Ávarp, N1 sýnir ábyrgð í verki Nasdaq G9	U	7-8, 17
GRI yfirlit				
G4-33	Stefnumótun og starfshættir fyrirtækisins, varðandi utanaðkomandi ráðgjöf, trygging á öruggri gagnavinnslu og aðferðafræði, við gerð skýrslunnar	Áritun endurskoðenda, uppfyllum lög og reglugerðir um fyrirtæki á markaði, Innra eftirlit og áhættustýring, Stjórnarháttayfirlýsing Nasdaq G11	H	11, 31-32
STJÓRNARHÆTTIR			N1	Bls.
Uppbygging og samsetning stjórnarhátta				
G4-34	Skipulag fyrirtækisins, þ.m.t. undirnefndir stjórnar. Skilgreinið hver eða hvaða nefndir bera ábyrgð á ákvörðunartöku varðandi efnahags-, umhverfis- og félagsleg áhrif af starfsemi fyrirtækisins	Skipurit 2017, Undirnefndir stjórnar, Framkvæmdastjórn, Stefnumótun N1 Nasdaq G2	U	9, 29-34
G4-35	Gerið grein fyrir ferli framsals á valdi og ákvörðunartöku varðandi efnahags-, umhverfis- og félagslegra þátta frá stjórnendum til óbreyttra starfsmanna	Skipurit N1, Undirnefndir stjórnar, Framkvæmdastjórn, Stjórnarháttayfirlýsing, Stjórn	U	9-11, 30-34
G4-36	Gerið grein fyrir hvort fyrirtækið hafi tilnefnt stöður á framkvæmdastjórnarstigi varðandi efnahags-, umhverfis- og félagslega þætti, og hvort sá er sinnir þeirri stöðu tilkynni beint til æðstu stjórnenda fyrirtækisins	Framkvæmdastjóri rekstrarsviðs	U	
G4-37	Skýrsluferli varðandi samráð milli hlutaðeigenda og æðsta stjórnanda vegna efnahags-, umhverfis- og félagslegra þátta. Ef stýringu á ferlinu er úthlutað til annarra en æðstu stjórnenda, skýrið frá til hverra ferlinu er úthlutað og hvernig því er háttað	Deildarstjóri samfélagsábyrgðar og gæðamála	H	
G4-38	Skýrið samsetningu æðstu stjórnar og undirnefnda	Skipurit 2017, Stjórnarháttayfirlýsing, Stjórn, Framkvæmdastjórn, Undirnefndir stjórnar, Innra eftirlit og áhættugreining Nasdaq G2	U	30-34, 9-11
G4-39	Hlutverk stjórnarformanns (ef við á)	Stjórn og Stjórnarháttayfirlýsing Nasdaq G1	U	31-34
G4-40	Skýrið ákvörðunarferli varðandi samsetningu, hæfni og sérþekkingu stjórnar- og nefndarmanna. Hvaða viðmið er notast við í vali, þ.m.t. – hvort og hvernig er gætt að fjölbreytileika, – hvort og hvernig sjálfstæð vinnubrögð einstaklinga eru tryggð – hvort og hvernig fagleg þekking og reynsla er til staðar varðandi efnahags-, umhverfis- og samfélagsmál. Hvort og hvernig hlutaðeigendur (þ.m.t. hluthafar) eru þátttakendur í ákvörðunartöku varðandi val í æðstu stjórnir og nefndir	Undirnefndir stjórnar, Framkvæmdastjórn, Stjórnarháttayfirlýsing, Stjórn Nasdaq S12	H	9-11, 31-34
G4-41	Skýrið ferla sem tryggja upplýsingar um vanhæfi og hagsmunaárekstra stjórnarmanna	Stjórnarháttayfirlýsing	H	31-32

Hlutverk stjórnar varandi tilgang, gildi og stefnumótun				
G4-42	Skýrið hlutverk stjórnar og framkvæmdastjóra varðandi þróun, samþykki og uppfærslu stefnumótunar, markmiðssetningar og mælieininga varðandi efnahagsleg, umhverfisleg og samfélagsleg áhrif.	Skipurit 2017, Stjórnarháttayfirlýsing, Stefnumótun N1 N1, Undirnefndir stjórnar, Framkvæmdastjórn		9-11, 16, 30-32
Frammistöðumat stjórnar				
G4-43	Hvernig er þekking æðstu stjórnenda aukin hvað varðar efnahags-, umhverfis- og samfélagsmál.	Ávarp, Stefnumótun N1, N1 sýnir ábyrgð í verki		7-8, 17-20
G4-44	Skýrið hvernig þekking stjórnenda á efnahags-, umhverfis- og samfélagsmálum er metin, hver sér um slíkt mat og hversu oft er slíkt mat framkvæmt			
Hlutverk stjórnar í áhættustjórnun				
G4-45	Skýrið hlutverk stjórnar í að greina áhrif, áhættu og tækifæri varðandi efnahags-, umhverfis og samfélagsmál.	Innra eftirlit og áhættustýring, Stjórnarháttayfirlýsing		11,31-32
G4-46	Greinið frá árangursmati stjórnar varðandi áhættustjórnun efnahags-, umhverfis- og samfélagsmála	Stjórnarháttayfirlýsing		31-32
G4-47	Greinið frá árangursmati stjórnar varðandi tækifæri í efnahags-, umhverfis- og samfélagsmálum	Stefnumótun N1, Stjórnarháttayfirlýsing		31, 32
Hlutverk stjórnar í skýrslugjöf varandi sjálfbærni				
G4-48	Tilgreinið æðsta stjórnanda sem formlega metur og samþykkir sjálfbærniskýrslu og tekur ábyrgð á að allir efnisþættir séu útlistaðir og metnir	Deildarstjóri samfélagsábyrgðar og gæðamála		
Hlutverk stjórnar í efnahagslegu, umhverfislegu og samfélagslegu árangursmati				
G4-49	Skýrið upplýsingaferli til stjórnar varðandi mikilvæg áhyggjuefni	Í gegnum framkvæmdastjórn		
G4-50	Skýrið frá fjölda mála og umfangi þeirra sem vísað var til stjórnar, er vörðuðu mikilvæg áhyggjuefni. Skýrið þau ferli sem notuð voru við greiningu og lausn þessara mála			
Starfskjarastefna og hvatningakerfi				
G4-51	Skýrið starfskjarastefnu stjórnar og framkvæmdastjórnar	Mannauður, Stjórnarháttayfirlýsing Nasdaq G3		28,31-32
G4-52	Skýrið ferli kjarasamninga			
G4-53	Skýrið hvernig leitast er eftir álitni hlutaðeigandi varðandi starfskjarasamninga, hvernig er það álit tekið til greina og hver er niðurstaða atkvæðagreiðslu við gerð stefnu í kjarasamningum (ef við á)			
G4-54	Tilgreinið hlutfall árlegra launauppbóta til hæstlaunaðasta starfsfólks miðað við launauppbót óbreyttra starfsmanna fyrirtækisins í hverju landi fyrir sig			

G4-55	Tilgreinið prósentuhlufall varðandi aukna árlega launauppbót til hæstlaunuðu starfsmanna fyrirtækisins í hverju landi fyrir sig miðað við aukna launauppbót óbreyttra starfsmanna		N	
SIÐFRÆÐI OG HEILINDI			N1	Bls.
	Stöðluð upplýsingagjöf varðandi yfirlit um: Gildi, grundvallarreglur, kröfur og viðmið fyrirtækisins			
G4-56	Greinið frá gildum, grundvallarreglum, kröfum og viðmiðum varðandi siðareglur	Siðareglur Nasdaq G6	H	29
G4-57	Skýrið ytri og innri ferli varðandi ráðgjöf við siðferði og lög sem koma að heilindum fyrirtækisins, svo sem hjálpar- eða ráðgjafarleiðir		N	
G4-58	Ytri og innri umkvörtunarferli varðandi ósiðlega hegðun, lögbrot og mál tengd heilindum fyrirtækisins, svo sem ferli í gegnum straumlínustjórnun, ferli uppljóstrana eða nafnlausra ábendinga	Úrskurðir og dómar tengdir N1. Reglugerðir er varða starfsemi N1	U	12-13
EFNAHAGUR			N1	Bls.
	Fjárhagsleg frammistaða			
G4-EC1	Bein efnahagsleg verðmæti – sköpuð og dreifð, þ.m.t. tekjur, rekstrarkostnaður, greiðslur til starfsmanna, framlög og önnur fjárfesting í samfélaginu og greiðslur til ríkisins	Lykiltölur, Styrkir, Mannauður, Fjárhagsleg frammistaða 2017, Ársreikningur 2017 Nasdaq G8	U	2-6, 20-21, 23-28, 35-36
G4-EC2	Fjárhagsleg áhrif og önnur áhætta og tækifæri fyrirtækisins vegna loftslagsbreytinga	Ávarp, N1 sýnir ábyrgð í verki	H	7-8, 17
G4-EC3	Yfirlit yfir skuldbindingar fyrirtækis vegna lífeyrisgreiðslna og kaupaukakerfa	Mannauður, Stjórnarháttayfirlýsing, Ársreikningur 2017	U	24-28, 30-31
G4-EC4	Verulegur fjárhagslegur stuðningur frá opinberum aðilum		A	
	Nálægð á markaði			
G4-EC5	Meðal byrjendalaun eftir kyni miðað við lágmarkslaun í heimabyggð þar sem fyrirtækið er með stærri starfsstöðvar	Mannauður	U	23-28
G4-EC6	Hlutfall yfirstjórnenda sem ráðnir eru úr heimabyggð þar sem fyrirtækið er með stærri starfsstöðvar	Mannauður	U	24
	Óbein efnahagsleg áhrif			
G4-EC7	Þróun og áhrif af fjárfestingu í innviðum og þjónustu	Innra eftirlit og áhættustýring, Starfsemi N1, Mannauður	H	11, 15-16, 24-27
G4-EC8	Mikil óbein efnahagsleg áhrif og umfang þeirra	N1 sýnir ábyrgð í verki, Styrkir, Birgjar	H	17-23
	Innkaupastefna			
G4-EC9	Hlutfall innkaupa frá birgjum úr nærsamfélagi þar sem fyrirtækið er með stærri starfsstöðvar	Birgjar	U	23

UMHVERFISMÁL				N1	Bls.
	Efnisnotkun				
G4-EN1	Notkun á hráefni eftir þyngd eða magni	N1 sýnir ábyrgð í verki, Birgjar		17-20, 22	
G4-EN2	Hlutfall endurunnins hráefnis af notuðu hráefni	N1 sýnir ábyrgð í verki, Birgjar		17-20, 22	
	Orka				
G4-EN3	Bein orkunotkun eftir orkutegund	N1 sýnir ábyrgð í verki Nasdaq E3 og E6		19-20	
G4-EN4	Óbein orkunotkun eftir orkutegund				
G4-EN5	Orkukræfni	Á meira við um framleiðslufyrirtæki. Allar upplýsingar um orkunotkun eru, eins og kemur fram í EN3, fengnar frá orkufyrirtækjum sem N1 verslar við			
G4-EN6	Lækkun á orkunotkun	N1 sýnir ábyrgð í verki		19-20	
G4-EN7	Lækkun á orkuþörfum af framleiddri vöru og/eða þjónustu				
	Vatn				
G4-EN8	Notkun vatns eftir uppruna	N1 sýnir ábyrgð í verki Nasdaq E7		19-20	
G4-EN9	Mikil áhrif á vatnsból við vatnstöku	Á ekki við á Íslandi þar sem enginn vatnsskortur er í landinu			
G4-EN10	Magn og hlutfall vatns sem er endurnýtt og/eða endurunnið við framleiðslu	N1 sýnir ábyrgð í verki Nasdaq E7		19-20	
	Líffræðileg fjölbreytni				
G4-EN11	Staðsetning og stærð landskika í eigu, leigu eða umsjá fyrirtækisins innan verndaðra svæða eða svæða sem liggja að vernduðu landi og landi þar sem fjölbreytni lífríkis er mikil en er þó ekki verndað	Á ekki við			
G4-EN12	Lýsing á mikilsverðum áhrifum af starfsemi, vörum og þjónustu fyrirtækisins innan verndaðra svæða eða svæða sem liggja að vernduðu landi og landi þar sem fjölbreytni lífríkis er mikil en er þó ekki verndað	Á ekki við			
G4-EN13	Varin eða endurheimt búsvæði	Á ekki við			
G4-EN14	Fjöldi tegunda á válista IUCN RED og tegundir í innlendum verndarflokki með búsvæði undir áhrifum framleiðslu fyrirtækisins, raðað eftir áhættu á útrýmingu	Á ekki við			
	Losun				
G4-EN15	Bein losun gróðurhúsalofttegunda (GHL) (Umfang 1)	Mæld var losun CO2 vegna allra bifreiða í eigu N1, N1 sýnir ábyrgð í verki Nasdaq E1		17-18	
G4-EN16	Óbein losun gróðurhúsalofttegunda (GHL) í gegnum orkunotkun (Umfang 2)	Mæld var losun CO2 vegna raforkunotkunar, N1 sýnir ábyrgð í verki Nasdaq E1		19	

G4-EN17	Önnur óbein losun gróðurhúsalofttegunda (GHL) (Umfang 3)	Mæld var losun CO2 vegna allra flugferða starfsmanna og úrgangs til urðunar, N1 sýnir ábyrgð í verki Nasdaq E1		17-18
G4-EN18	Umfang losunar gróðurhúsalofttegunda (GHL)			
G4-EN19	Minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda (GHL)	N1 sýnir ábyrgð í verki		18-20
G4-EN20	Losun ósoneyðandi efna			
G4-EN21	Losun köfnunarefnisoxíðs NOx, brennisteinsoxíðs SOx og annarra lofttegunda			
Frárennsli og úrgangur				
G4-EN22	Heildarfrárennsli vatns eftir gæðum og viðtaka			
G4-EN23	Heildarþyngd úrgangs eftir tegund og förgunaraðferð	N1 sýnir ábyrgð í verki Nasdaq E8		18
G4-EN24	Heildarfjöldi og magn mikilsháttar úrgangs	N1 sýnir ábyrgð í verki, magntölur, tonn		18
G4-EN25	Þyngd meintra eiturefna samkvæmt Basel samningi viðauka I, II, III og VIII, sem eru flutt innanlands, utanlands og/eða meðhöndluð hérlandis			
G4-EN26	Sérstaða, stærð, verndunarflokkur og líffræðileg fjölbreytni vatnshlota og tengdra búsvæða sem verða fyrir stórvægilegum áhrifum vegna vatnstöku og/eða frárennslis	Á ekki við		
G4-EN27	Umfang aðgerða sem stuðla að minnkun umhverfisáhrifa á framleiðslu og/eða þjónustu	N1 sýnir ábyrgð í verki, Birgjar		17-20, 22
G4-EN28	Hlutfall seldra vara og umbúðir sem eru endurunnar eftir tegund	Starfsemi N1, N1 sýnir ábyrgð í verki, Birgjar		15-16, 18-19, 22
Hlíting				
G4-EN29	Fjárhæð mikilsháttar sekta og tæmandi listi yfir viðurlög sem fyrirtækið hefur verið látið sæta vegna brota gegn umhverfisverndarlögum og -reglum	Úrskurðir og dómar tengdir N1 Nasdaq E10		12
Samgöngur				
G4-EN30	Mikilsverð umhverfisáhrif vegna flutnings á framleiðsluvörum og öðrum vörum og hráefni sem fyrirtækið notar þ.m.t. ferðir starfsmanna	Upplýsingar um losunartölur CO ₂ eru í lið EN-16		18-20
Heildarþáttur				
G4-EN31	Heildarfjárfestingar og útgjöld vegna umhverfisverndar flokkað eftir tegund	Innleiðing ISO 14001, þjálfun starfsmanna		7, 11, 27-28
Umhverfisáhrif birgja				
G4-EN32	Hlutfall nýrra birgja sem voru skimaðir eftir umhverfisvísunum	Birgjar		23
G4-EN33	Möguleg eða raunveruleg hættu á neikvæðum umhverfisáhrifum í aðfangakeðju fyrirtækisins og viðbrögð við slíkum áhrifum	N1 sýnir ábyrgð í verki, Starfsemi N1, N1 skólinn, Reglugerðir er varða starfsemi N1		12, 14-15, 17-20, 27-28
Umhverfismál og höndlun umkvörtunarefna				
G4-EN34	Fjöldi umkvörtunarefna vegna umhverfisáhrifa sem tekið var á, og leyst, í gegnum formlegt ferli	Úrskurðir og dómar tengdir N1, Reglugerðir er varða starfsemi N1		12-13

SAMFÉLAGSMÁL				N1	Bls.
Vinnumál og starfsskilyrði					
	Vinnuafli				
G4-LA1	Starfsmannavelta eftir aldri, kyni og starfsstöð	Mannauður	Nasdaq S3	U	24-25
G4-LA2	Fríðindi fastráðins starfsfólks, raðað eftir starfsstöð	Mannauður		H	24-28
G4-LA3	Endurkoma til starfa og starfslok eftir foreldraorlof eftir kyni	Mannauður		U	25
	Kjaramál				
G4-LA4	Lágmarks uppsagnarfrestur í tengslum við mikilsháttar breytingar á starfsemi, þ.m.t. hvort kveðið sé á um slíkt í kjarasamningum	Mannauður		U	25
	Vinnueftirlit				
G4-LA5	Hlutfall starfsfólks sem tekur þátt í nefndum um vinnueftirlit sem sjá um eftirfylgni og eftirlit gagnvart öryggi og heilsu starfsfólks. Greinið frá sérstökum átakswerkefnum, ef við á	Ávarp, Mannauður	Nasdaq S8	H	7-8, 26
G4-LA6	Tíðni meiðsla, starfstengdra sjúkdóma, fjarverudaga og dauðsfalla tengd starfi eftir starfsstöðvum	Mannauður	Nasdaq S7	H	26
G4-LA7	Hlutfall starfsfólks sem er í áhættuhópi varðandi starfstengd slys eða sjúkdóma	Ávarp, Mannauður		H	7-8, 26
G4-LA8	Heilsu- og áhættuþættir sem falla undir ákvæði í kjarasamningum	Mannauður		H	26
	Þjálfun og menntun				
G4-LA9	Meðaltími fræðslustunda á starfsmann á ári eftir starfshópum og kyni	Mannauður		U	26-27
G4-LA10	Verkefni er lúta að þekkingarþróun og símenntun sem aðstoða starfsmenn í að viðhalda starfsmöguleikum sínum og stýra starfslokum	Mannauður		U	26-27
G4-LA11	Hlutfall starfsmanna sem undirgangast reglulegt frammistöðu- og starfsþróunarmat, m.a. með tilliti til kyns og starfsvettvangs	Mannauður		U	26
	Fjölbreytileiki og jöfn tækifæri				
G4-LA12	Samsetning stjórnenda og starfsmanna eftir kyni, aldri og minnihlutahópum, auk annarra fjölbreytileikavísa	Mannauður	Nasdaq S4	U	24-25
	Launajafnrétti				
G4-LA13	Hlutfall launa karla og kvenna eftir flokkum og starfsstöðvum	Mannauður	Nasdaq S2	U	23-25

	Mat á starfsskilyrðum starfsfólks birgja			
G4-LA14	Hlutfall nýrra birgja sem eru skimaðir eftir vísum um starfsskilyrði	Birgjar	U	22
G4-LA15	Raunveruleg og möguleg neikvæð áhrif á starfsskilyrði í aðfangakeðju fyrirtækisins og viðbrögð við þeim áhrifum	Birgjar	H	22
	Starfsskilyrði og höndlun umkvörtunarefna			
G4-LA16	Fjöldi umkvartana varðandi starfsskilyrði sem tekið var á og sett í samþykkt ferli á vinnustað	Reglugerðir er varða starfsemi N1, Úrskurðir og dómar tengdir N1	H	12-13
Mannréttindi			N1	Bls.
	Fjárfestingar			
G4-HR1	Fjöldi og prósentuhlutfall af stórum fjárfestingarsamningum og áætlunum sem hafa ákvæði varðandi mannréttindi eða hafa verið skimuð með mannréttindi í huga		N	
G4-HR2	Fjöldi klukkustunda sem fer í þjálfun vegna stefnu í mannréttindamálum og/eða fræðsla vegna verklagsreglna varðandi mannréttindamál er varða starfsemi fyrirtækisins. Tilkynnið prósentuhlutfall starfsfólks sem hlotið hefur slíka þjálfun	N1 sýnir ábyrgð í verki	H	17
	Jafnræði			
G4-HR3	Fjöldi atvika er varða jafnréttislög og aðgerðir í kjölfarið	Engin atvik komu upp árið 2017	U	
	Félagafrelsi og sameiginlegar kjaraviðræður			
G4-HR4	Starfsemi og/eða birgjar sem hafa verið uppvísir að eða eru líklegir til að sniðganga lög um félagafrelsi og sameiginlegar kjaraviðræður og ráðstafanir sem hafa verið gerðar til að tryggja slík réttindi	N1 er einungis með starfsemi á Íslandi og því er ekki talin veruleg hætta á að brotið sé á réttindum starfsmanna. Mannauður Nasdaq G4	U	25
	Barnavinna			
G4-HR5	Starfsemi þar sem hætta er á að barnavinna viðgangist og aðgerðir sem gripið hefur verið til, til að koma í veg fyrir slíka starfsemi	Mannauður Nasdaq S9	U	23
	Nauðungarvinna og skylduvinna			
G4-HR6	Starfsemi þar sem hætta er á nauðungarvinnu og skylduvinnu og aðgerðir sem gripið hefur verið til, til að koma í veg fyrir slíka starfsemi	Birgjar, Mannauður Nasdaq S9	U	22-23
	Öryggismál			
G4-HR7	Prósentuhlutfall starfsfólks er sinnir öryggismálum, sem hefur hlotið þjálfun og fræðslu varðandi mannréttindastefnu eða önnur viðeigandi réttindi er varða starfsemi fyrirtækisins	Ávarp, Mannauður	H	7, 26-27

	Frumbyggjaréttur			
G4-HR8	Fjöldi atvika er varða brot á réttindum frumbyggja á landi þeirra og ráðstafanir gerðar í kjölfarið	Á ekki við á Íslandi	Á	
	Mat			
G4-HR9	Hlutfall og fjöldi aðgerða sem hafa þarfnast umfjöllunar og/eða áhættumats vegna mannréttindamála	Á ekki við á Íslandi	Á	
	Mat á mannréttindamálum birgja			
G4-HR10	Prósentuhlutfall birgja sem hafa verið rýndir á forsendum mannréttinda	Birgjar	U	22-23
G4-HR11	Mannréttindabrot eða hætta á mannréttindabrotum og afleiðingar þeirra, innan aðfangakeðju fyrirtækisins og aðgerðir við slíkum brotum	Birgjar	U	22-23
	Mannréttindi og höndlun umkvörtunarefna			
G4-HR12	Hlutfall umkvörtunarefna vegna mannréttindabrota, sem hafa verið tilkynnt, tekið á og leyst eftir formlegu ferli umkvörtunarefna	Ekkert umkvörtunarefni hefur borist á árinu 2017 Nasdaq S11	U	
SAMFÉLAG			N1	Bls.
	Samfélagið			
	Nærsamfélag			
G4-SO1	Eðli, umfang og virkni hvers konar verkefna og verklags sem metur og stýrir áhrifum starfseminnar á samfélög	N1 sýnir ábyrgð í verki, Styrkir, Starfsemi N1, Birgjar, Viðskiptavinir, Mannauður	U	15-27
G4-SO2	Rekstur með afgerandi neikvæð áhrif á samfélagið	Reglugerðir er varða starfsemi N1	U	12
	Spilling			
G4-SO3	Hlutfall og heildarfjöldi viðskiptaeininga sem greindar hafa verið með tilliti til hættu á spillingu	Undirnefndir stjórnar, Úrskurðir og dómar tengdir N1, Stjórnarháttayfirlýsing	U	9, 13, 31-32
G4-SO4	Upplýsingaflæði og fræðsla varðandi stefnumótun og reglur til að uppræta spillingu	Siðareglur N1	U	29
G4-SO5	Staðfest tilfelli um spillingu og aðgerðir í kjölfarið	Ekkert komið upp á árinu 2017	U	
	Opinber stefna			
G4-SO6	Heildarhlutfall styrkja til stjórnálagssamtaka eftir landi og hlutfall styrkþega í hverju landi fyrir sig	Stjórnálagssamtök voru ekki studdir með fjárframlögum af N1 á árinu 2017	U	
	Samkeppnishamlandi hegðun			
G4-SO7	Heildarfjöldi málshöfðana vegna samkeppnishamlandi hegðunar, gegn hringamyndun eða einokun og niðurstaða slíkra mála	Úrskurðir og dómar tengdir N1	U	12

	Hlífting			
G4-SO8	Fjárhæð viðurlaga og tæmandi listi yfir viðurlög sem fyrirtækið hefur verið látið sæta vegna brota gegn lögum og reglum	Úrskurðir og dómar tengdir N1	U	13
	Mat á samfélagsáhrifum birgja			
G4-SO9	Prósentuhlutfall nýrra birgja sem hafa verið rýndir með viðmiðum um samfélagsábyrgð	Birgjar	U	22
G4-SO10	Mikil raunveruleg og/eða hugsanleg neikvæð áhrif á samfélagið í aðfangakeðju og aðgerðir í kjölfarið	N1 sýnir ábyrgð í verki, Starfsemi N1, Birgjar	H	15, 17-20, 22
	Samfélagsáhrif og höndlun umkvörtunarefna			
G4-SO11	Fjöldi umkvörtunarefna vegna samfélagsáhrifa, sem hafa verið skráð, tekið á og leyst eftir formlegu ferli umkvörtunarefna	Úrskurðir og dómar tengdir N1	U	13
FÉLAGSLEGIR ÞÆTTIR			N1	Bls.
Vöruábyrgð				
	Heilsa og öryggi viðskiptavina			
G4-PR1	Prósentuhlutfall af vöru- og þjónustuflokkum sem hafa verið metnir eftir heilsu- og öryggisvísum sem hafa leitt til endurbóta	Birgjar	U	22-23
G4-PR2	Fjöldi atvika þar sem ekki var farið eftir reglum varðandi áhrif á heilsu og öryggi af vöru eða þjónustu skoðað með tilliti til vistferils og flokkað eftir niðurstöðum	Birgjar	H	22-23
	Merkingar á vöru og þjónustu			
G4-PR3	Gerð vöru og þjónustuupplýsinga sem krafist er í verklagsreglum og hlutfall vöru og þjónustu sem fellur undir slíkar upplýsingakröfur	Birgjar, Reglugerðir er varða starfsemi N1	U	12, 22-23
G4-PR4	Fjöldi atvika þar sem ekki var farið eftir reglum varðandi merkingar á vöru eða þjónustu, flokkað eftir niðurstöðu	Reglugerðir er varða starfsemi N1	U	12
G4-PR5	Niðurstöður kannana er mæla ánægju viðskiptavina	N1 sýnir ábyrgð í verki	H	20
	Markaðssetning			
G4-PR6	Sala á bannaðri eða umdeildri vöru	Reglugerðir er varða starfsemi N1. N1 selur ekki klámblöð í verslunum sínum	U	12
G4-PR7	Fjöldi atvika þar sem ekki var farið eftir reglum varðandi markaðssetningu þar með talið, auglýsingu, kynningu og styrki, flokkað eftir niðurstöðu	Úrskurðir og dómar tengdir N1	U	13
G4-PR8	Heildarfjöldi rökstuddra kvartana varðandi brot á persónuvernd og tap á persónulegum gögnum	Úrskurðir og dómar tengdir N1	U	13
	Hlífting			
G4-PR9	Fjárhæð sekta vegna brota gegn lögum og reglum vegna vöruframboðs og notkunar á vörum og þjónustu	Úrskurðir og dómar tengdir N1	U	13